



Sveitarfélagið Strandabyggð

Endurskoðun Aðalskipulags

2024-2036

GREINARGERÐ



Apríl 2025





Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann _____ 2025

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____ 2025.

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2025.

Apríl 2025

STRANDABYGGÐ

Endurskoðun Aðalskipulags 2024-2036

Greinargerð þessari fylgja þrír uppdrættir dagsettir apríl 2025.



LANDMÓTUN

Margrét Ólafsdóttir
Helena Björk Valtýsdóttir
Kristín Una Sigurðardóttir
Óskar Örn Gunnarsson

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	9
1.1	TILDRÖG ENDURSKOÐUNAR	10
1.2	BREYTINGAR Á NÚVERANDI SKIPULAGI	10
1.3	SAMANTEKT Á HELSTU BREYTINGUM	10
1.4	MARKMIÐ OG LEIÐARLIÓS	11
1.5	VINNUFERLI OG SAMRÁÐ	11
1.6	KORTAGRUNNAR OG UPPDRÆTTIR	12
1.7	ALMENN ÁKVÆÐI UM AFMÖRKUN REITA	12
2	FORSENDUR.....	13
2.1	STAÐHÆTTIR	13
2.2	SAMFÉLAG	14
2.2.1	Íbúafjöldi	14
2.2.2	Aldursdreifing	14
2.2.3	Íbúaspá	14
2.2.4	Húsnæðisþörf	15
2.2.5	Atvinnulíf	16
2.3	UMHVERFI OG NÁTTÚRA	17
2.3.1	Landslagsflokkun	17
2.3.2	Náttúrumínjaskrá	17
2.3.3	Jarðfræði og gróðurfar	17
2.3.4	Ósnortin víðerni	19
2.3.5	Dýralíf	19
2.3.6	Veðurfar	21
3	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	22
3.1	LANDSSKIPULAGSSTEFNA	23
3.2	SVÆÐISSKIPULAG	23
3.3	STRANDSVÆÐISSKIPULAG VESTFJARÐA	24
3.4	SVÆÐISÁÆTLANIR FYRIR VESTFIRÐI	27
3.5	SAMGÖNGUÁÆTLUN	28
3.6	RAMMAÁÆTLUN	28
3.7	KERFISÁÆTLUN LANDSNETS	28
3.8	FJARSKIPTAÁÆTLUN	29
3.9	AÐGERÐARÁÆTLUN Í LOFTSLAGSMÁLUM	29
3.10	VATNAÁÆTLUN FYRIR ÍSLAND 2022-2027	29
3.11	Í LJÓSI LOFTSLAGSVÁR. STEFNA UM AÐLÖGUN AÐ LOFTSLAGSBREYTINGUM.	29
3.12	LANDSLAGSSAMNINGUR EVRÓPU	29
3.13	HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA	30
3.14	AÐRAR STEFNUR OG SAMÞYKKTIR Á SVEITARFÉLAGS- OG SVÆÐISVÍÐI:	31
4	LANDNOTKUN - STEFNUMÖRKUN AÐALSKIPULAGS	33
4.1	SAMFÉLAG OG BYGGÐ	33
4.1.1	Íbúðarbyggð (ÍB)	33
4.1.2	Samfélagsþjónusta (S)	36
4.1.3	Opin svæði (OP) og Íþróttasvæði (ÍÞ)	37
4.1.4	Íþróttasvæði (ÍÞ)	39



4.1.5	Frístundabyggð (F)	39
4.1.6	Kirkjugarðar og grafreitir (K)	43
4.2	ATVINNULÍF	44
4.2.1	Miðsvæði (M)	44
4.2.2	Verslun og þjónusta (VP)	45
4.2.3	Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	48
4.2.4	Athafnasvæði (AT)	51
4.2.5	Iðnaðarsvæði (I)	53
4.2.6	Landbúnaðarsvæði (L)	56
4.2.7	Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)	65
4.2.8	Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)	69
4.3	INNVIÐIR - SAMGÖNGUR OG VEITUR	73
4.3.1	Vegir, götur og stígar (VE)	73
4.3.2	Hafnir (H)	82
4.3.3	Flugvællir (FV)	84
4.3.4	Veitur (VH)	84
4.3.5	Vatnsból (VB)	86
4.4	UMHVERFISVERND OG NÁTTÚRUVÁ	87
4.4.1	Óbyggð svæði (ÓB)	87
4.4.2	Friðlýst svæði (FS)	88
4.4.3	Önnur náttúruvernd (ÖN)	90
4.4.4	Minjavernd (MV)	94
4.4.5	Hverfisvernd (HV)	99
4.4.6	Varúðarsvæði (VA)	104
4.4.7	Vatnsvernd vatnsbóla (VG, VF)	104
4.4.8	Vötn, ár og sjór (V)	107
4.4.9	Strandsvæði (ST)	107
4.4.10	Vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó (VS)	108
4.4.11	Náttúruvá (NV)	110
5	UMHVERFISSKÝRSLA	113
5.1	YFIRLIT YFIR EFNI ÁÆTLUNAR	113
5.2	TILGANGUR UMHVERFISMATS	113
5.3	UMFANG, ÁHERSLUR OG FRAMSETNING	113
5.4	MARKMIÐ ÁÆTLUNAR SEM TEKIN ERU TIL MATS	113
5.5	TENGSL VIÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ	114
5.5.1	Áætlanir á landsvísu	114
5.5.2	Alþjóðlegar samþykktir	115
5.6	UMHVERFISÞÆTTIR OG VIÐMIÐ	115
6	UMHVERFISMAT	117
6.1	STEFNA AÐALSKIPULAGS STRANDABYGGÐAR UM SAMFÉLAG OG BYGGÐ	117
6.1.1	Áhrif stefnu aðalskipulags vegna íbúðarbyggðar:	118
6.1.2	Valkostir fyrir íbúðarbyggð	118
6.1.3	Valkostir fyrir frístundabyggð	119
6.1.4	Niðurstaða samanburðar	119
6.1.5	Heildarniðurstaða umhverfisáhrifa fyrir samfélag og byggð	120
6.2	STEFNA AÐALSKIPULAGS UM ATVINNU	120
6.2.1	Áhrif stefnu aðalskiplags vegna athafnasvæðis	120
6.2.2	Valkostir fyrir athafnasvæði	120
6.2.3	Áhrif stefnu aðalskipulags vegna iðnaðarsvæðis	121
6.2.4	Valkostir fyrir iðnaðarsvæði Austurgilsvirkjun	121
6.2.5	Valkostir iðnaðarsvæði Kvíslatunguvirkjun	121
6.2.6	Valkostir fyrir Efnistökusvæði	123
6.2.7	Niðurstaða samanburðar	123



6.2.8	Mótvægisáðgerðir vegna stefnu aðalskipulags	123
6.2.9	Heildarniðurstaða umhverfisáhrifa fyrir iðnaðarsvæði	124
6.3	STEFNA AÐALSKIPULAGS UM INNVIÐI - SAMGÖNGUR OG VEITUR	124
6.4	STEFNA AÐALSKIPULAGS STRANDBYGGÐAR UM TAKMARKANIR UMVERFISVERND OG NÁTTÚRUVÁ.....	125
6.5	MAT Á UMVERFISÁHRIFUM FRAMKVÆMDA, SAMRÁÐ, HEILDARNIÐURSTAÐA OG VÖKTUNARÁÆTLUN.....	125
6.5.1	Framkvæmdir háðar mati á umhverfisáhrifum	125
6.5.2	Samráð	125
6.5.3	Kynning umhverfisskýrslu	125
6.5.4	Samlegðaráhrif og heildarniðurstaða matsvinnu	126
6.5.5	Vöktunaráætlun	126
7	HEIMILDIR.....	127

Myndaskrá

Mynd 1.	Kort sem sýnir staðsetningu og afmörkun sveitarfélagsins.	11
Mynd 2.	Afmörkun Strandabyggðar þar sem má sjá hæðarskyggingu.	13
Mynd 3	Íbúafjöldi í þéttbýli og dreifbýli í Strandabyggð á árunum 2007 til 2024. Heimild: Hagstofa Íslands.....	14
Mynd 4.	Samanburður á aldursdreifing í Strandabyggð á milli árunna 2007 og 2024. Heimild: Hagstofa Íslands, 2024.	14
Mynd 5.	Mannfjöldaspa Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar fyrir Strandabyggð til ársins 2036. Heimild: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.	15
Mynd 6.	Fjöldi íbúða í Strandabyggð til ársins 2036. Heimild: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.....	15
Mynd 7.	Hlutfall vinnandi fólks í Strandabyggð árin 2007 og 2021. Heimild: Hagstofa Íslands	16
Mynd 8.	Hlutfall fólks á vinnualdri í Strandabyggð og á landinu öllu árið 2021. Heimild: Hagstofa Íslands	16
Mynd 9.	Hólmavík að hausti. Ljósmynd: Halldór Kristján Ragnarsson.	16
Mynd 10.	Landslagsgerðir í Strandabyggð.	17
Mynd 11.	Kort sem sýnir ósnortin víðerni í Strandabyggð Heimild: https://www.vidernakort.is/	19
Mynd 12.	Æðarbliki við sjóinn. Ljósmynd: Anna Storsul, 2023.	21
Mynd 13	Vindatlas fyrir Hólmavík, Veðurstofa Íslands.	21
Mynd 14.	Góðveðursdagur á Hólmavík mynd Jón Jónsson.	22
Mynd 15.	Skipurit aðalskipulags.	23
Mynd 16.	Landfræðileg afmörkun strandsvæðisskipulags, aðalskipulags sveitarfélaga og landsskipulagsstefnu. Mynd úr Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.....	25
Mynd 17.	Heimsmarkmiðin 17 um sjálfbæra þróun. Heimild: Heimsmarkmiðin.is.....	30
Mynd 18.	Börðin frá gamla vatnstankinum fyrir ofan Hólmavíkurkirkju. Mynd: Halldór K. Ragnarsson, 2023. ...	34
Mynd 19.	Grunnskólinn á Hólmavík. Mynd: Halldó rK. Ragnarsson, 2021.....	36
Mynd 20.	Klemus, Seiður, Klifið, höfn, kirkjan vor og blíða. Ljósmynd: Halldór Kristján Ragnarsson, 2024.	38
Mynd 21.	Frístundabyggð í Strandabyggð.....	42
Mynd 22.	Hólmavíkurkirkja. Mynd: Sveinn Ingimundur Pálsson, 2023.	43
Mynd 23.	Frá Kirkjubóli í Steingrímsfirði. Mynd: Jón Jónsson.	46
Mynd 24.	Afþreyingar- og ferðamannasvæði í Strandabyggð.....	50
Mynd 25.	Tanginn í Hólmavík séð úr lofti. Ljósmynd: Halldór Kristján Ragnarsson, 2023.	51
Mynd 26.	Höfnin og Höfðinn á Hólmavík. Ljósmynd: Halldór Kristján Ragnarsson, 2024.	54
Mynd 27.	Hólmavík í fjarska. Ljósmynd: Sveinn Ingimundur Pálsson, 2023.....	57
Mynd 28.	Úr Staðarrétt í Steingrímsfirði. Ljósmynd, Jón Jónsson.	59
Mynd 29.	Fjörubeit á Ströndum. Mynd: Jón Jónsson.	60
Mynd 30.	Lögskilarréttir í Strandabyggð ásamt sundurdráttarrétt við Högnavatn.	61



Mynd 31. Flokkun landbúnaðarlands í Strandabyggð.	64
Mynd 32. Skógræktar- og landgræðsluvæði.	68
Mynd 33. Efnistöku- og efnislosunarsvæði.	72
Mynd 34. Yfirborð vega í Strandabyggð 2023. Grátt: bundið slitlag, brúnt: malarvegur.	73
Mynd 35. Göngu-, hjóla- og reiðleiðir í Strandabyggð.	79
Mynd 36. Flokkun vega í náttúru Íslands.	81
Mynd 37. Hluti Hafnarsvæðis í Hólmavík. Ljósmynd: Halldór Kristján Ragnarsson, 2023.	82
Mynd 38. Flugvöllurinn í Hólmavík í vetrarbúningi. Ljósmynd: Halldór Kristján Ragnarsson, 2024.	84
Mynd 39. Önnur náttúruvernd í Strandabyggð.	93
Mynd 40. Friðlýstar minjar í Strandabyggð.	98
Mynd 41. Hverfisvernd í Strandabyggð.	103
Mynd 42. Vatnsból og vatnsvernd.	106
Mynd 43. Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði miðað við 500 ára meðalendurkomutíma. Heimild: Staðlaráð Íslands, Íslenskur staðall.	111
Mynd 44. Útbreiðsla flóða vegna stíflurofs í farvegi Þverár (blár flötur), til hliðar við farveginn (grænn flötur) og í hjástíflunni (rauður flötur).	112
Mynd 45. Hættumat gagnvart fólki með aðferð DEFRA til hægri og Hættumat gagnvart fólki og byggingum með aðferð Emmanuel Pagneux og Matthew J. Roberts (2015).	112

Töfluskrá

Tafla 1. Virkjanakostir í orkunýtingarflokki í Rammaáætlunar í Strandabyggð.	28
Tafla 2. Yfirlit yfir íbúðarbyggð (ÍB) ásamt skilmálum.	35
Tafla 3. Yfirlit yfir samfélagsþjónustu (S) ásamt skilmálum.	36
Tafla 4. Yfirlit yfir opin svæði (OP) ásamt skilmálum.	38
Tafla 5. Yfirlit yfir íþróttasvæði (ÍÞ) ásamt skilmálum.	39
Tafla 6. Yfirlit yfir frístundabyggð (F) ásamt skilmálum.	40
Tafla 7. Yfirlit yfir kirkjugarða og grafreiti (K) ásamt lýsingu.	43
Tafla 8. Yfirlit yfir miðsvæði (M) ásamt skilmálum.	45
Tafla 9. Yfirlit yfir verslunar- og þjónustusvæði (VP) ásamt skilmálum.	46
Tafla 10. Yfirlit yfir afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF) ásamt skilmálum.	48
Tafla 11. Yfirlit yfir athafnasvæði (AT) ásamt skilmálum.	51
Tafla 12. Yfirlit yfir iðnaðarsvæði (I) ásamt skilmálum.	54
Tafla 13. Takmarkandi þættir framkvæmda á landbúnaðarsvæðum.	62
Tafla 14. Flokkar landbúnaðarlands	63
Tafla 15. Yfirlit yfir landbúnaðarland (L) ásamt skilmálum.	63
Tafla 16. Takmarkandi þættir og viðmið um fjarlægðir í skógrækt.	66
Tafla 17. Yfirlit yfir skógræktar- og landgræðsluvæði (SL) ásamt skilmálum.	66
Tafla 18. Yfirlit yfir efnistöku- og efnislosunarsvæði (E) ásamt skilmálum.	70
Tafla 19. Yfirlit yfir stofnvegi (SV) ásamt skilmálum.	75
Tafla 20. Yfirlit yfir tengivegi (TV) ásamt skilmálum.	75
Tafla 21. Yfirlit yfir gönguleiðir (GL) ásamt lýsingu.	76
Tafla 22. Yfirlit yfir reiðleiðir (RL) ásamt lýsingu.	76
Tafla 23. Yfirlit yfir reiðleiðir (RL) sem tengdar eru þjóðvegakerfinu ásamt lýsingu.	77
Tafla 24. Yfirlit yfir hjólaleiðir (HL) ásamt skilmálum.	79
Tafla 25. Flokkun vega í náttúru Íslands í náttúru Íslands ásamt skilmálum.	80



Tafla 26. Yfirlit yfir hafnir (H) ásamt skilmálum.	83
Tafla 27. Flugvellir (FV) í Strandabyggð ásamt skilmálum.	84
Tafla 28. Yfirlit yfir veitumannvirki (VH) ásamt skilmálum.	85
Tafla 29. Yfirlit yfir rafveitu (R) ásamt skilmálum.	86
Tafla 30. Yfirlit yfir vatnsból (vb) ásamt skilmálum.	86
Tafla 31. Yfirlit yfir óbyggð svæði (ÓB) ásamt skilmálum.	88
Tafla 32. Yfirlit yfir aðra náttúruvernd (ÖN) ásamt skilmálum.	90
Tafla 33. Yfirlit yfir friðlýstar fornminjar ásamt skilmálum.	95
Tafla 34. Yfirlit yfir friðlýst hús ásamt skilmálum.	96
Tafla 35. Hús og mannvirki sem eru byggð árið 1924 og fyrr og eru friðuð í þéttbýli.	96
Tafla 36. Hús og mannvirki sem eru byggð árið 1924 og fyrr og eru friðuð í dreifbýli.	97
Tafla 37. Yfirlit yfir hverfisvernd vegna menningarminja (HV) ásamt skilmálum.	99
Tafla 38. Yfirlit yfir hverfisvernd vegna náttúruminga (HV) ásamt skilmálum.	100
Tafla 39. Yfirlit yfir varúðarsvæði (VA) ásamt skilmálum.	104
Tafla 40. Yfirlit yfir grannsvæði (VG) ásamt skilmálum.	105
Tafla 41. Yfirlit yfir fjarsvæði (VF) ásamt skilmálum.	105
Tafla 42. Yfirlit yfir vötn, ár og sjó (V) ásamt skilmálum.	107
Tafla 43. Yfirlit yfir strandsvæði (ST) ásamt skilmálum.	107
Tafla 44. Hluti vatnshlota innan Strandabyggðar.	109

1 INNGANGUR

Sveitarstjórn ber ábyrgð á gerð aðalskipulags en skipulagsnefnd sveitarfélags annast gerð aðalskipulags í umboði sveitarstjórnar. Í upphafi nýs kjörtímabils skal sveitarstjórn taka afstöðu til þess hvort endurskoða skuli gildandi aðalskipulag. Vorið 2020 samþykkti sveitarstjórn Strandabyggðar að hefja vinnu við heildarendurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins og er þetta heildarendurskoðun á fyrsta Aðalskipulagi Strandabyggðar 2010 – 2022. Gildistími þess er liðinn og endurskoðun því tímabær. Síðan að gildandi skipulag var samþykkt hafa ýmsar forsendur tekið breytingum s.s. atvinnulíf og fólksfjöldi og ýmis ný tækifæri og áskoranir litið dagsins ljós, sér í lagi innan ferðamálageirans. Ný skipulagslög hafa tekið gildi og Alþingi hefur samþykkt Landsskipulagsstefnu, auk þess sem strandsvæðaskipulag Vestfjarða hefur verið samþykkt. Þá var Svæðisskipulag fyrir Strandabyggð, Dalabyggð og Reykhólahrepp samþykkt árið 2018.

Í aðalskipulagi ber sveitarfélögum að setja fram stefnu og ákvarðanir sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar, um landnotkun, byggðaþróun og -mynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og atvinnu- og umhverfismál. Lýsa skal forsendum þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið og hvernig fyrirhugað er að ná þeim markmiðum sem sett eru í áætluninni. Aðalskipulagi er ætlað að leiða samfélög í átt að sjálfbærri nýtingu lands og stuðla að sveigjanlegu og öruggu umhverfi fyrir íbúa og atvinnulíf.

Í greinargerð þessari er stefna mörkuð fyrir þá landnotkun sem stefnt er að á svæðinu og sýnd er á skipulagsuppráttum. Forsendum stefnumörkunarinnar er lýst og hvernig fyrirhugað er að ná þeim markmiðum sem sett eru í áætluninni. Aðalskipulag skal vera virkt stjórnæki sem nýtist við ákvarðanatöku og við gerð áætlana sem fjalla um ráðstöfun lands. Markmiðið er að aðalskipulagið myndi gagnsæja umgjörð um landnotkun í sveitarfélaginu og verði hagnýtt verkfæri við uppbyggingu og eflingu atvinnu- og mannlífs í Strandabyggð. Aðalskipulagi er ætlað að vera traust umgjörð um atvinnulíf sem byggir á sjálfbærri nýtingu gæða og auðlinda svæðisins og stendur vörð um framtíð þeirra og rétt komandi kynslóða til að njóta þeirra. Sveitarfélagið býr yfir styrkleikum sem er mikilvægt að hlúa að til að skapa grundvöll fyrir framþróun og vöxt samfélagsins. Innviðir, svo sem öflugar fjarskiptatengingar, aðgengi að hitaveitu og öruggar samgöngur gegna þar mikilvægu hlutverki. Hver landnotkunarflokkur hefur sinn lit og tákn á uppdrætti og þar gilda skilmálar og viðmið sem lýst er í greinargerð. Aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt í sveitarstjórn, staðfest af Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Stefna sem sett er fram í aðalskipulagi er útfærð nánar í deiliskipulagi fyrir einstök hverfi eða reiti.

Hvað er aðalskipulag?

Aðalskipulag er skipulagsáætlun sem nær til alls lands sveitarfélags.

Í aðalskipulagi er sett fram stefna og ákvarðanir sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar, um landnotkun, byggðaþróun og mynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og atvinnu- og umhverfismál.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á gerð aðalskipulags. Skipulagsnefnd sveitarfélags annast gerð aðalskipulags í umboði sveitarstjórnar. Í upphafi nýs kjörtímabils skal sveitarstjórn taka afstöðu til þess hvort endurskoða skuli gildandi aðalskipulag.

Aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og staðfest af Skipulagsstofnun.

1.1 TILDRÖG ENDURSKOÐUNAR

Gildistími gildandi aðalskipulags Strandabyggðar 2010-2022 er á enda og því er heildarendurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins tímabær. Auk þess má nefna fleiri þætti sem kalla á endurskoðun aðalskipulags:

- Gildandi skipulag var unnið í samræmi við þágildandi skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997. Skipulagsvinna við heildarendurskoðun byggir á skipulagslögum nr. 123/2010 sem kallar á uppfærslu á framsetningu aðalskipulagsins. Endurskoðunin byggir einnig á nýjum lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í samræmi við þau verður umhverfismat áætlana unnið samhliða endurskoðun aðalskipulagsins. Einnig hafa tekið gildi ný lög um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018.
- Þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2024-2038 var samþykkt á Alþingi í maí 2024. Landsskipulagsstefna felur í sér samræmda stefnu ríkisins í skipulagsmálum fyrir landið í heild og tekur til landsins alls og haf- og strandsvæða. Landsskipulagsstefna er samræmd stefna um skipulagsmál á landsvísu til leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga og aðra áætlanagerð um landnotkun og byggðapróun. Í landsskipulagsstefnu er mörkuð stefna um fjögur viðfangsefni: skipulagsmál á miðhálandinu, skipulag í dreifbýli, búsetumynstur og dreifingu byggðar og um skipulag á haf- og strandsvæðum.
- Ýmsar forsendur hafa breyst síðan gildandi aðalskipulag var samþykkt. Í atvinnulífinu hafa ýmis ný tækifæri litið dagsins ljós, sér í lagi innan ferðaþjónustugeirans, og íbúum hefur fækkað nokkuð og íbúasamsetning breyst. Umhverfismál eru ofarlega á baugi í allri umræðu og brýnt að taka tillit til þeirra við endurskoðunina.
- Svæðisskipulag fyrir Strandabyggð, Dalabyggð og Reykhólahrepp var samþykkt árið 2018.
- Strandsvæðisskipulag á Vestfjörðum var staðfest af ráðherra í mars 2023.
- Íslensk stjórnvöld hafa samþykkt innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og er lögð áhersla á að nýtt aðalskipulag Strandabyggðar sé í anda þeirra.

1.2 BREYTINGAR Á NÚVERANDI SKIPULAGI

Breytingar sem gerðar hafa verið á gildandi Aðalskipulagi Strandabyggðar:

- Stækkun íbúðarbyggðar við Kópnesbraut og Víkurtún, Hólmavík
- Athafnasvæði A8, Fiskislóð 1.
- Þéttbýlið á Hólmavík, nýtt verslunar- og þjónustusvæði.

1.3 SAMANTEKT Á HELSTU BREYTINGUM

Helstu breytingar sem gerðar eru við heildarendurskoðun aðalskipulags frá gildandi aðalskipulagi eru m.a.:

- Afmörkun landnotkunarreita leiðrétt og reitir fá ný númer.
- Skilmálar við landnotkunarreiti uppfærðir og stærð og byggingarmagni bætt.
- Stækkun og breytingar á nýju íbúðarsvæði í Brandskjólum.
- Niðurfelling á íbúðarsvæði.
- Auknar heimildir fyrir landbúnaðarsvæði og landbúnaðarland flokkað.
- Vegir í náttúru Íslands flokkaðir og vegaskrá útbúin.
- Kvíslatunguvirkjun bætt við í aðalskipulag.
- Nýtt varúðarsvæði skilgreint.
- Ný athafnasvæði á Hólmavík
- Ný iðnaðarsvæði: Austurgilsvirkjun, Kvíslatunguvirkjun.

1.4 MARKMIÐ OG LEIÐARLJÓS

Mótuð er framtíðarsýn sem lýsir þeim árangri sem sveitarfélagið vill ná á gildistíma aðalskipulagsins og sett eru fram sérgreind markmið fyrir hvern málaflokk sem höfð verða að leiðarljósi.

Markmiðið er að auka lífsgæði íbúa með því að byggja upp gott og öruggt samfélag og öflugt atvinnulíf sem hvílir á traustum innviðum, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Staðinn verði vörður um mikilvæg náttúru- og menningarverðmæti svæðisins.

Megin tækifæri sveitarfélagsins í atvinnumálum liggja í landbúnaði, sjávarnytjum og ferðaþjónustu. Leggja þarf áherslu á þróun þessara atvinnugreina svo skapa megi ný og fjölbreytt tækifæri jafnt innan þeirra sem og á öðrum sviðum og auka þjónustustig á svæðinu.

Framtíðarsýn byggir m.a. á sjónarmiðum og hugmyndum sem komu fram á íbúafundi sem haldin var á Hólmavík í mars 2022 og rýni á fyrirbyggjandi gögnum og heimildum.

1.5 VINNUFERLI OG SAMRÁÐ

Samið var við Landmótun sf. um skipulagsráðgjöf við endurskoðunina. Landmótun mun starfa í samvinnu við sveitarstjórn og Umhverfis- og skipulagsnefnd Strandabyggðar ásamt skipulags- og byggingarfulltrúum sveitarfélagsins. Skipaður var vinnuhópur til að hafa umsjón með endurskoðun aðalskipulagsins fyrir hönd Strandabyggðar. Hópin skipa: Hlynur Torfi Torfason, skipulagsfulltrúi, Grettir Örn Ásmundsson, byggingarfulltrúi, Matthías Sævar Lýðsson, Sigríður Guðbjörg Jónsdóttir og Þorgeir Pálsson.

Í skipulaginu er mótuð skýr stefna með aðkomu breiðs hóps, þ.e. íbúa og annarra hagsmunaaðila auk þeirra fulltrúa sem fara með skipulagsvaldið fyrir hönd sveitarfélagsins. Aðalskipulagið byggir á styrkum stoðum opinberra laga, reglugerða og stefnuskjala sem í gildi eru. Nánari útfærsla á þeim er eitt af meginviðfangsefnum skipulagsvinnunnar.

SAMRÁÐ VIÐ ÍBÚA

Skipulagslýsing

Skipulagslýsing var auglýst þann 16. desember til 14. janúar 2022 og var aðgengileg á skrifstofu og heimasíðu sveitarfélagsins. Samhliða auglýsingu var birt myndband á heimasíðu sveitarfélagsins þar sem skipulagslýsing var kynnt.

Íbúafundir

Íbúafundur var haldinn á Hólmavík þann 10. mars 2022 þar sem farið var yfir forsendur aðalskipulagsins og núverandi staða kynnt. Hugmyndum og tillögum fyrir stefnumótun aðalskipulagsins var safnað og ræddir ýmsir þættir viðkomandi því í nokkrum umræðuhópum.

Íbúafundinum var streymt og gátu fundargestir í streymi tekið þátt í umræðuhópum.

Leiðarljós

Að auka lífsgæði íbúa með því að byggja upp öflugt atvinnulíf og öruggt og fjölskylduvænt samfélag sem hvílir á traustum innviðum.


Að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, með fjölbreyttum húsnæðis-, atvinnu- og afþreyingarmöguleikum.

Að skerða ekki mikilvæg náttúru- og menningarverðmæti svæðisins

Að nýting lands, auðlinda og mannauðs sé í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun og skipulagið sé í anda Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Að auka seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.

Að atvinnulíf og lífsgæði í séu samkeppnishæf og sveitarfélagið eftirsóknarvert til búsetu.



Mynd 1. Kort sem sýnir staðsetningu og afmörkun sveitarfélagsins.



Samráð við landeigendur

Spurningalisti var sendur á eigendur jarða í sveitarfélaginu og spurningalistinn einnig auglýstur og gerður aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins. Spurt var um núverandi og fyrirhugaða landnýtingu á jörðum og aðra þætti er varða aðalskipulag. Svör bárust frá 14 landeigendum.

SAMRÁÐ VIÐ STOFNANIR, FYRIRTÆKI OG AÐRA HAGSMUNAAÐILA

Samráð var haft við eftirtalda aðila:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrustofu Vestfjarða
- Kirkjugarðaráð
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðina
- Samgöngustofu
- Land og skóg
- Fjórðungssamband Vestfjarða
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Orkustofnun, Rarik, Veitur
- Veðurstofu Íslands
- Orkubú Vestfjarða
- Nágrannasveitarfélög sem eiga mörk að Strandabyggð: Ísafjarðarbæ, Súðavíkurbæ, Árneshrepp, Kaldrananeshrepp, Reykhólahrepp, Dalabyggð, Húnaþing vestra.

1.6 KORTAGRUNNAR OG UPPDRÆTTIR

Skipulagsgögnin eru unnin á stafræna kortagrunna frá Landmælingum Íslands í mkv. 1:50.000. Loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Auk skipulagsuppdráttar er skipulagsáætlunin sett fram á nokkrum séruppdráttum til þess að skýra forsendur og helstu þætti aðalskipulagsins. Skipulagsuppdrættir eru þessir:

- Tveir sveitarfélagsuppdrættir af Strandabyggð í mkv. 1:50.000.
- Þéttbýlisuppdráttur af Hólmavík í mkv. 1:5.000.
- Skýringaruppdrættir í mkv. 1:100.000.

Til þess að auðvelda lestur skipulagsgagna eru helstu efnisþættir aðalskipulags dregnir saman til skýringar á sérstökum skýringaruppdráttum. Skipulagsuppdrættir gilda ef ósamræmi er milli skýringaruppdrátta og skipulagsuppdrátta:

- Flokkun landbúnaðarlands
- Vegir í náttúru Íslands
- Náttúruminjar
- Menningarminjar
- Hverfisvernd
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Landslagsgerðir
- Lögskilaréttir
- Frístundabyggð
- Vatnsból og vatnsvernd
- Samgöngur
- Göngu- og reiðleiðir

1.7 ALMENN ÁKVÆÐI UM AFMÖRKUN REITA

Aðalskipulag er stefnumótun um megindrætti skipulags, landnotkunar, þjónustukerfa og umhverfismála sveitarfélaga. Nákvæm útfærsla einstakra þátta er viðfangsefni deiliskipulags og framkvæmdaáætlana eftir því sem við á. Afmörkun landnotkunarreita miðast því við meginatriði, svæði og heildir en ekki nákvæma útfærslu eða lóða- og eignamörk. Almennu eru mörk landnotkunarreita miðuð við miðlínu aðliggjandi gatna í innra gatnakerfi og jaðar veghelgunarsvæða ytra gatnakerfisins. Flatarmál landnotkunarreita er því brúttóflatarmál sem felur í sér gatnakerfi og opin svæði. Nýtingarákvæði aðalskipulags ber að skoða í því ljósi. Landnotkunarreitir eru auðkenndir með númeri og bókstaf. Vegna mælikvarða sveitarfélagsuppdráttar eru svæði sem eru 3 ha eða minni táknuð með hring en ekki afmörkuð nákvæmlega. Landnotkun (litur) og merking reita tekur mið af meginlandnotkun viðkomandi reits. Ákveðið svigrúm getur verið fyrir aðra starfsemi innan þeirra bæði í samræmi við almenna skilmála og sérstaka skilmála einstakra reita. Í deiliskipulagi er kveðið nánar á um notkun og nýtingu einstakra lóða og gerð grein fyrir opnum svæðum, leiksvæðum, útivistarsvæðum, gatnakerfi og stígum.


2 FORSENDUR

Skipulagið tekur til alls lands sveitarfélagsins Strandabyggðar sem er á Ströndum á Vestfjörðum. Sveitarfélagið er landstórt, eða 1906 km², og varð til árið 2006 þegar Broddaneshreppur og Hólmavíkurhreppur voru sameinaðir. Fram að því hafði Hólmavíkurhreppur stækkað mikið, við sameiningu við Nauteyrarhrepp við Ísafjarðardjúp árið 1994 og sameiningu við Kirkjubólshrepp árið 2002.

Hólmavík er eini þéttbýlisstaðurinn í Strandabyggð og þar er miðstöð opinberrar þjónustu í sveitarfélaginu. Saga þjónustu og verslunar í Hólmavík er löng og nær allt aftur til ársins 1890 er Hólmavík varð löggiltur verslunarstaður.¹

2.1 STAÐHÆTTIR

Sveitarfélagið Strandabyggð dregur nafn sitt af vogskorinni strandlengjunni sem einkennir svæðið að austanverðu. Sveitarfélagið teygir sig upp að miðjum Drangajökli og Kaldalóni í norðri og niður til Gaffells og Rjúpnafells í suðri og frá Skálmardalsheiði og Torfdal í vestri til Steingrímsfjarðar í austri. Fjarlægðin frá vestri til austurs er rétt tæpir 50 km þar sem hún er mest en tæplega 100 km fjarlægð er frá nyrsta odda sveitarfélagsins til þess syðsta. Í Ferðafélagsbókinni 1952 skrifar Jóhann Hjaltason um staðarhætti í Strandasýslu. Telur hann umskipti verða í sýslunni við Steingrímsfjörð bæði í landslagi og veðráttu og kallar Norðurstrandir norðan Steingrímsfjarðar og Innstrandir sunnan hans. Þessa skiptingu kveður hann ekki nútíma málvenju en komi fyrir í fornum ritum. Hólmavík er við Steingrímsfjörð í austurhluta Strandabyggðar og er eina þéttbýlið í sveitarfélaginu.



Mynd 2. Afmörkun Strandabyggðar þar sem má sjá hæðarskyggingu.

Sveitarfélagið er stórt og hefur gengið í gegnum nokkra þróun á síðustu árum og áratugum. Sveitarfélagið varð til árið 2006 við sameiningu tveggja hreppa, Broddaneshrepps og Hólmavíkurhrepps. Áður hafði Hólmavíkurhreppur stækkað mikið, með sameiningu við Nauteyrarhrepp við Ísafjarðardjúp árið 1994 og við Kirkjubólshrepp árið 2002. Sameiningar við nágrannasveitarfélög skiluðu landfræðilega stóru sveitarfélagi, alls nítján hundruð ferkílómetrar að flatarmáli, og breytingar hafa átt sér stað í atvinnulífnum, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Breytingar í sjávarútvegi og samdráttur í landbúnaði hafa sett mark sitt á atvinnulífið í sveitarfélaginu. Nú eru einungis gerðir út smábátar á Hólmavík og rekstri sláturhúss er hætt. Í dreifbýlinu hefur sauðfjárbúum heldur fækkað. Opinber störf voru 40 í sveitarfélaginu árið 2022² og fjöldi starfsmanna hjá sveitarfélaginu voru 66 í árslok 2023.³ Verslun og þjónusta eru mikilvægar atvinnugreinar í Strandabyggð og sóknartækifæri eru í sérhæfðri ferðaþjónustu, t.d. er lítur að hvalaskoðun, hjólreiðum, gönguskiðum og annarri útivist, ásamt menningar- og menntatengdri ferðaþjónustu sem nú þegar er nokkuð stór þáttur í ferðaþjónustu í sveitarfélaginu, auk sjósóknar. Á Hólmavík eru Orkubú Vestfjarða, Vegagerðin og Háskóla setur HÍ í þjóðfræði með starfstöðvar og eru hvort tveggja mikilvægir vinnustaðir. Útgerð smærri báta og beitning og vinnsla sjávarafurða skiptir einnig miklu máli fyrir atvinnulíf á Hólmavík. Einnig er Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Sýslumaður, lögregla, slökkvilið og sorpsamlag. Þá er nokkur fjöldi sjálfstæðra atvinnurekanda, s.s. iðnaðarmanna, verktaka í jarðvegsvinnu og bílstjóra sem býr í Strandabyggð. Í heildina tekið hvílir atvinnulíf á

¹ <http://www.holmavik.is/saga.htm>

² <https://public.tableau.com/app/profile/byggdastofnun/viz/rikisstorf/stodugildi>.


³ <http://www.strandabyggd.is/stjornsysla/tilkynningar/skra/3944/> bls. 13.

Hólmavík á nokkuð fjölbreyttum stoðum þrátt fyrir smæð sína. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir vexti á Hólmavík á skipulagstímabilinu og tekin eru frá svæði m.a. undir íbúðarbyggð og atvinnulóðir.

2.2 SAMFÉLAG

2.2.1 Íbúafjöldi


Meirihluti íbúa býr í þéttbýlinu á Hólmavík, sem er eini þéttbýlisstaðurinn í sveitarfélaginu eða um 70% árið 2024. Gögn frá Hagstofu Íslands um íbúaþróun í sveitarfélaginu Strandabyggð sýna að íbúum hefur fækkað síðastliðin 17 ár, eða frá því að sveitarfélagið var stofnað, um 18%, úr 507 árið 2007 í 414 í byrjun árs 2024. Íbúum fjölgaði um tíma, á árunum 2009-2013 þegar íbúafjöldi var 518. Eftir það byrjaði íbúum að fækka á ný, þó með lítillegum sveiflum á milli ára. Íbúasamsetning hefur á sama tíma tekið ákveðnum breytingum en íbúum með erlent ríkisfang hefur fjölgað úr 1% í rúm 7%.



Mynd 3 Íbúafjöldi í þéttbýli og dreifbýli í Strandabyggð á árunum 2007 til 2024. Heimild: Hagstofa Íslands.

2.2.2 Aldursdreifing

Sé aldurssamsetning íbúa Strandabyggðar árið 2024 borin saman við aldurudreifinguna árið 2007 sést að íbúarnir eru að eldast og það fjölgar hlutfallslega mest í aldurshópunum 60-69 ára. Hlutfall barna á aldrinum 0-9 ára og 10-19 ára virðist lækka en áberandi er fjölgun kvenna á aldrinum 30-39 og fólks sem er eldra en 60 ára. Þessi íbúasamsetning hefur áhrif á þjónustupörf í sveitarfélaginu og endurnýjun fólksfjöldans.



Mynd 4. Samanburður á aldurudreifing í Strandabyggð á milli árunna 2007 og 2024. Heimild: Hagstofa Íslands, 2024.

2.2.3 Íbúaspá

Sveitastjórn Strandabyggðar hefur nýlega staðfest Húsnæðisáætlun fyrir árið 2024 sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vann fyrir sveitarfélagið⁴. Í henni eru settar fram forsendur fyrir mannfjöldaspá, áætlun um íbúðapörf og markmið sveitarfélagsins um íbúðauppbýggingu og fleiri upplýsingar um þjónustu, innviði, lóðir og skipulag.

⁴ Húsnæðisáætlun 2024. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 2024.

Mannfjöldaspá Húsnæðisáætlunar er reiknuð út frá árinu 2025 fram til ársins 2034. Hér er hún sett fram til ársins 2036 til þess að ná yfir skipulagsstímabil aðalskipulagsins. Þá gerir háspá ráð fyrir því að íbúar í sveitarfélaginu verði orðnir um 502 árið 2036, miðspá um 471 og lágsþá um 445. Spáin er byggð á því framboði af íbúðahúsalóðum sem þegar eru á skipulagi og hefur verið úthlutað.


Þá er vert að taka fram að mannfjöldaspár eru yfirleitt háðar mikilli óvissu. Þróun búsetu er nátengd staðbundnum aðstæðum og þróun efnahags- og atvinnulífs, húsnæðismála og annarra samfélagsþátta. Þessi óvissa leiðir til þess að skekkjur geta verið miklar þegar spáð er til lengri tíma.

2.2.4 Húsnæðisþörf


Árið 2024 voru skráðar 243 íbúðir í Strandabyggð og er einbýli að lang stærstum hluta eða um 84%⁵. Í árslok 2007 voru skráðar 231 íbúðir og hefur því íbúðum fjölgað um 4% frá þeim tíma til ársins 2024.

Samkvæmt miðspá húsnæðisáætlunar Strandabyggðar fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir að fjöldi íbúða verði orðinn 271 árið 2036. Engar íbúðir eru í byggingu og engar íbúðarlóðir lausar, en eftirspurn eftir fjölbreyttum lóðum er til staðar. Áform eru uppi um að byggja hótél á Hólmavík sem mun skapa um 20-30 störf og aukna þörf fyrir íbúðarhúsnæði. Verið er að skipuleggja aukið rými fyrir iðnaðarlóðir. Brýn þörf er á leiguhúsnæði fyrir eldri borgara og félagslegt leiguhúsnæði.⁶ Núverandi þéttleiki á þegar byggðum svæðum er um 10 íbúðir/ha. Miðast skal við að halda í byggðamynstur á núverandi svæðum fyrir íbúðarbyggð þannig að þéttleiki verði áfram 10 íbúðir/ha, þ.e. lágreist sérþýlishúsa- eða parhúsa byggð með allt að 700-1000 m² lóðum. Þannig eru u.þ.b. 4-5 lóðir óbyggðar innan núverandi byggðar á Hólmavík.

Þegar kemur að framtíðarbyggingarsvæði innan þéttbýlis Hólmavíkur er í raun aðeins eitt svæði sem kemur til greina, þ.e. Brandskjól. Svæðið er vel staðsett í byggðinni, miðsvæðis og í grennd við helstu þjónustu. Íþróttamiðstöð og sundlaug Hólmavíkur eru staðsettar suðvestan við svæðið og grunnskólinn skammt norðaustan við það. Grafnar hafa verið nokkrar prufuholur á svæðinu og kom í ljós að fremur grunnt er niður á fast og svæðið er því nokkuð hentugt byggingarsvæði. Fyrirhugað er að framtíðarbyggð verði blanda einbýlis-, fjölbýlis-, par- og raðhúsa, en húsnæðisframboð á Hólmavík er mjög einsleitt, þar eru nánast eingöngu einbýlishús.



Mynd 5. Mannfjöldaspá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar fyrir Strandabyggð til ársins 2036. Heimild: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.




Mynd 6. Fjöldi íbúða í Strandabyggð til ársins 2036. Heimild: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

⁵ Mælaborð íbúða í byggingu. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 2023.

⁶ Húsnæðisáætlun 2025. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 2025.


2.2.5 Atvinnulíf

Atvinnulíf í Strandabyggð er nokkuð brothætt og fækkun opinberra starfa á svæðinu hefur mikið að segja. Helstu atvinnuvegir hafa undanfarin ár verið verslun og þjónusta, sjávarútvegur og landbúnaður, þá sérstaklega sauðfjárbúskapur en sauðfjárrækt hefur löngum verið höfuðatvinnuvegur á svæðinu. Atvinna á Hólmavík byggist mikið á þjónustu og útgerð. Stærsti atvinnurekandinn í Strandabyggð er sveitarfélagið sjálft. Þá er stórir vinnustaðir á Hólmavík Fiskvinnslan Vilji og tengdar útgerðir, Heilbrigðisstofnunin, starfsstöð Vegagerðarinnar og Orkubú Vestfjarða.



Mynd 7. Hlutfall vinnandi fólks í Strandabyggð árin 2007 og 2021. Heimild: Hagstofa Íslands

Undanfarin ár hefur fjölgun ferðamanna á Íslandi verið gríðarleg en þó Strandabyggð sé vinsæll áfangastaður þá er sveitarfélagið ekki meðal fjölförnustu áfangastöðum ferðamanna og hefur ekki verið sama gríðarlega fjölgun og þar sem mest er. Í því felast tækifæri og enn er gert ráð fyrir fjölgun ferðamanna á landinu og vexti í greininni. Því er mikilvægt að skapa umgjörð þannig að þessi atvinnugrein sem og aðrar geti þrífist. Þetta ber að hafa í huga við alla áætlanagerð. Í uppbyggingu ferðaþjónustu felast mikilvæg tækifæri fyrir sveitarfélög á landsbyggðinni til verðmætasköpunar, til viðbótar við hefðbundnar undirstöðuatvinnugreinar eins og landbúnað og sjósókn. Þessi tækifæri hafa verið vel nýtt í Strandabyggð, þar sem fjölbreytt þjónusta fyrir ferðamenn er nú í boði og hefur framboð aukist mikið undanfarin ár.



Mynd 8. Hlutfall fólks á vinnualdri í Strandabyggð og á landinu öllu árið 2021. Heimild: Hagstofa Íslands

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands (mynd 8) hefur konum á vinnualdri fjölgað nokkuð frá stofnun sveitarfélagsins árið 2007 (+8%) en körlum fækkað eilítið (-2%). Á sama tíma hefur börnum og ungmennum fækkað nokkuð (-11%) og fjölgað eilítið í hópi eldri borgara (+4%). Borið saman við landið í heild eru hlutfallslega færri í hópi barna og ungmenna (-4%) og fólks á vinnualdri (-6%) í Strandabyggð, en fleiri í hópi eldri borgara (+9%) (mynd 9).



Mynd 9. Hólmavík að hausti. Ljósmynd: Halldór Kristján Ragnarsson.

2.3 UMHVERFI OG NÁTTÚRA

2.3.1 Landslagsflokkun

Samkvæmt landslagsflokkun í leiðbeiningaritinu Landslag á Íslandi, flokkun og kortlagning landsgerða á landsvísi er Strandabyggð í fimm landslagsflokkum (Sjá mynd) Evrópski landslagssamningurinn hefur skilgreint landslag sem „Svæði sem fólk skynjar að hafi ákveðin einkenni sem eru tilkomin vegna virkni eða samspils náttúrulegra og/eða mannlegra þátta“. Landslagsgreiningu má lýsa sem ferli sem felst í því að bera kennsl á og lýsa breytileika landslags og afmarka og lýsa þeim svæðum sem hafa sameiginleg einkenni. Með landslagsgreiningu fæst því hlutlægur samburður á því hvaða svæði eru á einhvern hátt lík og geta talist til sömu landslagsgerðar.

2.3.2 Náttúruminjaskrá

Ný lög um náttúruvernd nr. 60/2013 tóku gildi árið 2015. Samkvæmt 13. gr laganna gefur ráðherra út náttúruminjaskrá og leggur fram á Alþingi eigi sjaldnar en á 5 ára fresti tillögu að þingsályktun um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Í lögunum er gert ráð fyrir náttúruminjaskrá sem skiptist í þrjá hluta:

A-hluti er skrá yfir náttúruminjar og svæði sem hafa verið friðlýstar eða friðuð.

B-hluti er framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.

C-hluti er skrá yfir náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Í náttúruverndarlögunum eru einnig skilgreindir nýir flokkar friðlýstra svæða, þ.e. óbyggð víðerni og landslagsverndarsvæði. Ráðherra ákveður friðlýsingu svæða og friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda og tekur jafnframt ákvörðun um breytingu og afnám friðlýsingar og friðunar. Í lögunum er lögð áhersla á að byggja upp skipulagt net verndarsvæða til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags. Ákvæði um efnistöku sem áður voru í náttúruverndarlögum hafa verið færð inn í skipulagslög.

Alþingi hefur ekki gefið út nýja þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, líkt og lög um náttúruvernd nr. 60/2013 gera ráð fyrir.

2.3.3 Jarðfræði og gróðurfar

Jarðfræði

Líkt og annars staðar á Vestfjörðum er bergtegundin blágrýti og jarðlög á meðal þeirra elstu á landinu, en hraunlögin hlóðust upp í eldgosum fyrir um 10-12 milljónum ára. Eldstöðvar á svæðinu eru allar löngu kulnaðar, en sjá má ummerki þeirra í fornum berggöngum, berglögum og holufyllingum.

Gróðurfar

Gróðurfar í Strandabyggð er mjög fjölbreytt. Biturfjörður er nokkuð vel gróinn. Þar er graslendi ríkjandi upp undir 200 m hæð yfir sjó. Þar fyrir ofan taka við mosaholt með votlendissvæðum og lyngmóum á milli. Melar eru nokkrir sérstaklega í mynni Krossárdals. Nokkuð rof er í hlðinni við Hvítarhlíð en það er að gróa upp.



Mynd 10. Landslagsgerðir í Strandabyggð.



Kollafjörður er vel gróinn, sérstaklega í botni fjarðarins þar sem mikil túnrækt hefur verið og hafa verið græddir upp stórir melar og þeim breytt í gróið land. Í Steinadal og Þrúðardal inn af Kollafirði er graslendi ríkjandi. Utar með firðinum eru klappir áberandi og fremur gróðursnauðar, sérstaklega í sunnanverðum firðinum. Broddadalurinn er vel gróinn og þar hefur einnig verið uppgræðsla á melum. Grös eru áberandi í úthaga upp undir 200 m hæð, en gróður nær mun hærra sérstaklega votlendi sem er alveg upp fyrir 400 m hæð.

Steingrímsfjörður sunnanverður er vel gróinn. Graslendi er áberandi upp undir 300 m hæð. Þar fyrir ofan taka við mosagróið land með lyngmóum og mýrardrögum. Langir dalir ganga inn úr Steingrímsfirðinum sem eru vel grónir. Í Miðdal, Tungudal og Arnkötludal er nokkuð mikið óraskað votlendi frammi á dölunum. Tröllatunguheiðin er gróðurlítið að hluta til fyrir ofan 350 m hæð enda opið í gömul öskulög. Um miðbik fjarðarins skiptast á mosagróin klapparholt og graslendi og mýrardrög á milli. Dalir ganga inn í landið almennt vel grónir með graslendi, lyngmóa og mýrar á milli. Stæðstur þessara dala er Þiðriksvalladalur, nokkuð vel gróinn en þar er Þiðriksvallavatn sem er um 2,5 km² að stærð. Upp úr Þiðriksvalladal ganga minni dalir þar sem graslendi er áberandi. Í botni Steingrímsfjarðar eru tveir nokkuð stórir dalir. Annars vegar Staðardalur þar sem að sunnanverðu er að koma upp birki og víðikjarr en að norðanverðu eru brattar hlíðar misvel grónar grasi neðantil en birkikjarr ofar. Hins vegar er Selárdalur en um hann rennur Selá sem sveitarfélagsmörkin liggja um. Vestanverður Selárdalur er vaxinn birki-og víðikjarri í hlíðunum. Á áreyrnum í Selárdal er talið að uppruni svokallaðs Strandavíðis séu, en þar er mikið víðikjarr.

Við Ísafjörð er birkikjarr mjög víða við austanverðan fjörðinn sum staðar birkiskógur. Í Laugabólsdal er ræktaður skógur með greni og furum um 30 ha að stærð, í kring er birkiskógur. Gróðurfar við innanvert Ísafjarðardjúp er að breytast mikið vegna svo til engrar beitar. Kjarr er mjög víða að koma upp bæði birki og víðikjarr. Mosi og elfting hafa lagt undir sig graslendi á stórum svæðum. Undirlendi er fremur lítið við Ísafjarðardjúp og melar og klapparholt áberandi. Á milli klapparholta er birkikjarr eða mýrardrög en meira graslendi við sjóinn. Dalirnir eru almennt vel grónir upp í um 200 m hæð en þar fyrir ofan tekur við mosagróður með lyngi. Stæðstu votlendissvæðin eru við Kaldalón, við Selá í Skjaldfannardal og við Hvannadalsá.

Jarðhiti er á nokkrum stöðum við Ísafjarðardjúp og þar vaxa tegundir sem almennt eru bundnar við jarðhita. Við jarðhita við Nauteyri vex naðurtunga (*Ophioglossum azoricum*) sem er á valista.


Krossjurt (*Melampyrum sylvaticum*) er sníkjujurt á birki og vex við innanvert Ísafjarðardjúp og í kjarri í botni Steingrímsfjarðar. Hún er fremur sjaldgjæf á Íslandi en segja má að útbreiðslusvæði hennar hverfist um Steingríms-og Þorskafjarðarheiðar.

2.3.4 Ósnortin víðerni

Í náttúruverndarlögum nr. 60/2013 er óbyggð víðerni skilgreind sem: „Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínunum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.“

Unnið hefur verið víðernakort sem unnið er út frá þessari skilgreiningu. Á því korti eru svæðin flokkuð í fjóra flokka þar sem blár litur sýnir kjarnasvæðin, sem eru villtustu víðerni landsins með örðugt aðgengi, óspillta náttúru og laus við ummerki mannsins. Þau allra villtustu eru djúpkjarnasvæðin (dökkblá), sem flest eru inni á hinum stóru jöklum hálendisins en einnig í kjörnum stærstu víðernanna utan jökla. Grænn litur sýnir aftur á móti hjúpsvæðin utan um kjarnasvæðin, víðáttumikil víðernasvæði þar sem ummerkja mannsins gætir lítið

sem ekkert, langt er í næstu akvegi og engin umfangsmikil mannvirki sjást nema úr mikilli fjarlægð. Guli liturinn sýnir svokölluð umskiptasvæði. Það eru svæði í jaðri víðerna, sem og önnur svæði á láglandi utan byggðar. Á láglandi eru þetta tiltölulega ósnortin svæði en þó aðgengileg og ekki langt frá byggð eða öðrum ummerkjum mannsins. Á hálendinu marka hálendislóðar þröng umskiptasvæði þar sem ökutæki ferðast um á milli umfangsmikilla víðernasvæða hálendisins. Grái liturinn sýnir land utan víðerna, byggð og umfangsmikil mannvirki.



Mynd 11. Kort sem sýnir ósnortin víðerni í Strandabyggð Heimild: <https://www.vidernakort.is/>

2.3.5 Dýralíf

Samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands eru engin svæði skilgreind sem mikilvæg fuglasvæði. Þó nokkuð fuglalíf er samt í Strandabyggð. Vaðfuglar, s.s. heiðlóa, spói, hrossagaukur og jaðrakan sem eru ábyrgðartegundir Íslands verpa í nokkru mæli í Strandabyggð. Hverfisverndarsvæði m.a. vegna fugla eru allavega á tveimur stöðum í sveitarfélaginu. Við heiðarvötn verpa himbrimi, lómur, hávella, álfir, heiðargæsir og fleiri fuglategundi. Æðarvarp er á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu. Þar er hlúð að æðarfulgi, en fleiri tegundir s.s. grágæsir, kríur og tjaldar sækja í þann frið fyrir vargi sem æðarvarp veitir. Í Strandabyggð eru óðöl smyrta, fála og hafarna.

Refir og minkar eru í Strandabyggð og reynt er eftir föngum að halda tjóni af þeirra völdum í lágmarki.

Nokkrar laxveiðiar eru í sveitarfélaginu. Einnig er silungur þ.e. urriði og bleikja, bæði í ám og vötnum.

Selir eru skráðir á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018). Þar er landselur flokkaður sem tegund í bráðri hættu og útselur flokkaður sem tegund í hættu. Selalátur eru svæði við ströndina þar sem selir kæpa, sinna kópauppeldi, hafa feldskipti og leita hvíldar. Þau eru mikilvæg fyrir verndun og viðgang tegundarinnar, enda halda selir tryggð við sömu látrín ár eftir ár. Í Strandabyggð eru nokkrir staðir legustaðir sela svo sem við Hrófárhólmann, við Kirkjuból og í Kollafirði bæði inni í firðinum og utar. Í Ísafjarðardjúpi sjást flækingselir, s.s. kampselur og hringanóri nokkuð oft.

Í Ísafjarðardjúpi og í Steingrímsfirði er mjög auðugt lífríki og mikið fæðuframboð fyrir sjófugla, seli og hvali, enda sjást þeir mjög oft á Steingrímsfirði. Algengast er að sjá hnúfubaka og ýmis smáhveli s.s. hnýsur og hnýðinga. Háhyrningar, langreiðar, hrefnur, andanefjur er árvissir gestir á firðinum.

Taka skal fullt tillit til þessara mikilvægu dýrategunda á búsvæði þeirra.




Mynd 13. Æðarbliki við sjóinn. Ljósmynd: Anna Storsul, 2023.

2.3.6 Veðurfar

Þó nokkrar veðurathugunarstöðvar eru í sveitarfélaginu, en flestar þeirra eru í nokkurri hæð yfir sjávarmáli og lýsa því illa þeim hluta þess þar sem búseta er, þ.e. Ennisháls (260 m y.s.), Ennishöfði (282 m y.s.) og Steingrímsfjarðarheiði (440 m y.s.), auk þess sem Arnkatla (377 m y.s.) og Þröskuldar (370 m y.s.) eru við mörk sveitarfélagsins. Eina raunverulega láglendisstöðin er staðsett við gólfvöllinn fyrir utan Hólmavík og til skamms tíma var úrkomustöð í Steinadal og á Bassastöðum í Kaldrananeshreppi.

Veðurfar í Strandabyggð er mildara en búast má við miðað við hnattfræðilega legu vegna greinar úr Golfstrauminum sem Vestfirðir eru baðaðir í. Veðurfar getur verið tvískipt í sveitarfélaginu eftir því hvort það er út á nesjum eða inn til dala. Þurrviðrasamara er inn í Steingrímsfirði og á Langadalströnd og í dölunum við Ísafjörð og útkomusamara út á nesjum og Kollafirði og Bitru. Vindatlas Veðurstofu Íslands birtir upplýsingar um reiknað vindafar yfir Íslandi. Samkvæmt Vindatlasnum má segja að í Strandabyggð séu að mestu tvær höfuðvindáttir þ.e. NA og SV. SV áttin getur orðið mjög hvöss sérstaklega við sunnanverðan Steingrímsfjörð. Mikil veðursæld er á Hólmavík þó að blási annarsstaðar. Þar eru suðlægar áttir ríkjandi, þá S og SSA.



Mynd 14 Vindatlas fyrir Hólmavík, Veðurstofa Íslands.

Yfirleitt er snjólétt sunnan Hólmavíkur og við Ísafjörð. Utanlega á Langadalströnd getur verið snjópungt.



Mynd 15. Góðveðursdagur á Hólmavík mynd Jón Jónsson.

3 TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við vinnslu á endurskoðun aðalskipulags verður tekið mið af öðrum áætlunum. Helst ber að nefna landskipulagsstefnu, strandsvæðisskipulag, rammaáætlun, samgönguáætlun og náttúruminjasrá. Tekið hafa gildi ný skipulagslög nr. 123/2010, og ný skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir nýjum skipulagsflokkum s.s. afþreyingar- og ferðamannasvæðum, íþróttasvæðum, skógræktar- og landgræðslusvæðum, varúðarsvæðum og annarri náttúruvernd. Í einhverjum tilfellum mun landnotkun því færast milli landnotkunarflokka. Í lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, er gert ráð fyrir vernd víðerna auk merkra jarðmyndanna og vistkerfa. Í lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 (Rammaáætlun) eru virkjanakostir skv. öðrum áfanga Rammaáætlunar flokkaðir í varúðarsvæði og aðra náttúruvernd.

3.1 LANDSSKIPULAGSSTEFNA

Landsskipulagsstefna 2024-2038 er unnin á grundvelli skipulagslaga nr.123/2010 og var samþykkt á Alþingi í maí 2024 og leysir hún af hólmi landsskipulagsstefnu 2015-2026. Landsskipulagsstefna felur í sér samræmda stefnu ríkisins í skipulagsmálum fyrir landið í heild auk haf- og strandsvæða og felur í sér almennar leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Framtíðarsýn stefnunnar byggir á leiðarljósum eldri stefnu um að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji samkeppnishæfni og sé sveigjanlegt og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.

Í landsskipulagsstefnu 2024-2038 eru eftirfarandi þrjú markmið lögð til grundvallar, sem öll byggja á sjálfbærri þróun.



Mynd 16. Skipurit aðalskipulags.

- A. **Markmið um vernd umhverfis og náttúru** snýr að heilnæmi umhverfis og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Þar kemur fram áhersla á kolefnishlutleysi sem leiðarljós í skipulagi og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun.
- B. **Markmið um velsæld samfélags** snýr að almennri velsæld í samfélagi og gæðum í hinu byggða umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Þar kemur fram áhersla á loftslagsaðlögun sem leiðarljós í skipulagi og seiglu samfélaga gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.
- C. **Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf** snýr að samkeppnishæfni samfélags og eflingu atvinnulífs, hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem vexti er beint á tiltekin svæði. Þar kemur fram áhersla á kolefnishlutleysi sem leiðarljós í skipulagi með aukinni bindingu gróðurhúsalofttegunda.

Til að takast á við þær áskoranir sem blasa við á sviði skipulagsmála skal unnið að eftirfarandi níu lykilviðfangsefnum:

1. Viðbrögðum við loftslagsbreytingum.
2. Jafnvægi í uppbyggingu húsnæðis og lífsgæði í byggðu umhverfi.
3. Uppbyggingu þjóðhagslega mikilvægra innviða.
4. Landnotkun í dreifbýli.
5. Landnotkun á miðhálandi Íslands.
6. Orkuskiptum í samgöngum og fjölbreyttum ferðamáta.
7. Skipulag haf- og strandsvæða.
8. Skipulag vindorku.
9. Vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Lögð er mikil áhersla á að sveitarfélög útfæri í skipulagi hvernig draga megir úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu kolefnis. Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim.

3.2 SVÆÐISSKIPULAG

Í gildi er Svæðisskipulag Dala, Stranda og Reykhóla sem gildir til ársins 2030. Svæðisskipulaginu er ætlað að vera byggðaáætlun sveitarfélaganna sem skilgreinir sameiginlegar áherslur og verkefni um leið og það er skipulagsáætlun sem leggur línur fyrir aðalskipulags- og deiliskipulagsgerð hvers sveitarfélags. Svæðisskipulagið leggur áherslu á landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu. Markmið svæðisskipulagsins í upptöldum áhersluflokkum skulu vera höfð til hliðsjónar við endurskoðun aðalskipulags Strandabyggðar. Markmið þessi eru:

LANDBÚNAÐUR:

- Sauðfjárbúskapur verði áfram helsta aðalsmerki héraðsins og megingrein landbúnaðar á svæðinu.
- Staðinn verði vörður um þau náttúrugæði og auðlindir sem landbúnaðarframleiðslan byggir á og þær nýttar með sjálfbærum hætti.
- Innviðir svæðisins styrkist þannig að landbúnaður fái blómstrað sem kraftmikil atvinnugrein á svæðinu.
- Stuðlað verði að því að bændur búi við sömu félags- og efnahagslega stöðu og aðrir landsmenn.
- Svæðið verði þekkt fyrir hágæða, hreinar landbúnaðarvörur, afburða-handverk og þekkingu í greininni, sem byggir á gömlum merg.
- Vörurnar byggir á búskap þar sem vel er farið með land og skepnur.
- Við vöruþróun og markaðssetningu verði sótt í mannauð, auðlindir, landslag, sögu og menningararfleifð svæðisins. Saga og sérkenni hlunnindabúskapar verði sérstaklega dregin fram.
- Stuðlað verði að góðum menntunar-möguleikum á svæðinu og fjölgun sérfræðistarfa og starfa í skapandi greinum.
- Sterk tengsl verði á milli landbúnaðar, ferðaþjónustu og menningarstarfsemi.

SJÁVARNYTJAR:

- Stuðlað verði að því að útgerð, fiskvinnsla og nýting sjávarafurða geti blómstrað.
- Tryggt verði að heilbrigði, líffræðileg fjölbreytni og framleiðslugeta haf- og strandsvæða viðhaldist.
- Framleiddar verði hágæða, hreinar vörur með sjálfbærri nýtingu auðlinda sjávar og grunnsævis svæðisins.
- Við vöruþróun og markaðssetningu verði sótt í mikla þekkingu heimamanna á nýtingu auðlinda úr sjó. Einnig verði landslag svæðisins, saga þess og menningararfleifð nýtt til innblásturs. Saga og sérkenni hlunnindabúskapar verði sérstaklega dregin fram við kynningu og markaðssetningu.
- Stuðlað verði að góðum menntunar-möguleikum á svæðinu og fjölgun sérfræðistarfa og starfa í skapandi greinum.
- Sterk tengsl verði á milli sjávarnytja, ferðaþjónustu og menningarstarfsemi.


FERÐAÞJÓNUSTA:

- Ferðaþjónusta eflist sem heilsársatvinnugrein og sem hliðargrein með öðrum greinum.
- Í boði verði margskonar möguleikar til að njóta einstaks landslags og lífríkis svæðisins og komast í snertingu við mannlíf þess og sögu.
- Við vöruþróun og markaðssetningu verði sótt í þekkingu íbúa, auðlindir, landslag, sögu og menningu svæðisins. Saga og sérkenni hlunnindabúskapar verði sérstaklega dregin fram.
- Stuðlað verði að góðum menntunarmöguleikum á svæðinu og fjölgun sérfræðistarfa og starfa í skapandi greinum.
- Sterk tengsl verði á milli ferðaþjónustu, landbúnaðar, sjávarnytja og menningarstarfsemi.

Hafin er vinna við gerð Svæðisskipulag Vestfjarða 2024-2050 og mun það skipulag einnig ná yfir Strandabyggð og horft verður til áherslna þar við nánari mótun aðalskipulagsins.

3.3 STRANDSVÆÐISSKIPULAG VESTFJARÐA

Strandsvæðisskipulag Vestfjarða var samþykkt árið 2023, tekur til hluta af sveitarfélaginu þ.e. við Ísafjarðardjúp. Strandsvæðisskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði í fjörðum og flóum (mörk skipulagssvæðisins til lands eru við netlög, 115 m út frá stórstraumsfjöruborði, en staðarmörk sveitarfélaga miðast við netlög) þar sem sett er fram stefna um framtíðarnýtingu og vernd svæðisins. Strandsvæðisskipulag getur falið í sér stefnu um nýtingu svæða til eldis nytjastofna, efnistöku eða ferðaþjónustu, verndun eða samgönguleiðir, svo eitthvað sé nefnt. Áherslur í strandsvæðisskipulagi skulu byggja á stefnu landsskipulagsstefnu um skipulag haf- og strandsvæða. Strandsvæðisskipulag er unnið í samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Strandsvæðisskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af svæðisráði (skipað af ráðherra, fulltrúum ríkis og sveitarfélaga), staðfest af ráðherra skipulagsmála og birt í Stjórnartíðindum.



Mynd 17. Landfræðileg afmörkun strandsvæðisskipulags, aðalskipulags sveitarfélaga og landsskipulagsstefnu. Mynd úr Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.

Með stefnu um fjölbreytta og sjálfbæra nýtingu í Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða er haft að leiðarljósi að leggja grunn að verðmætasköpun á skipulagssvæðinu sem getur efnt slagkraft aðliggjandi byggðarlaga og landsins alls. Jafnframt miðar skipulagið að varðveislu sérkenna svæða og möguleikum til útivistar í því skyni að efla ímynd og sérstöðu aðliggjandi byggðarlaga og aðdráttarafl þeirra fyrir búsetu og atvinnurekstur.

Eitt af markmiðum Strandsvæðisskipulags Vestfjarða er að nýting og vernd strandsvæða styðji aðliggjandi byggðarlög með tækifærum til fjölbreyttrar starfsemi og nýsköpunar, og styðji lífsgæði íbúa aðliggjandi byggðarlaga og gesta svæðisins með lifandi strandmenningu, fjölskrúðugri náttúru og fjölbreyttum tækifærum til útivistar. Nýtingu og vernd strandsvæðis Vestfjarða er ætlað að stuðla að viðnámsþrótti byggðar og samfélags gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.

Skipulagsreitirnir UN15, UN16 (umhverfi og náttúra), SN33 og SN34 (staðbundin nýting) og LV23 (lagnir og vegir) í strandskipulagi Vestfjarða liggja að sveitarfélagsmörkum Strandabyggðar við Ísafjarðardjúp.

Almenn ákvæði fyrir reitina eru eftirfarandi:

Nr.	Almenn ákvæði skipulagsreita í tillögu að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða
Umhverfi og náttúra	
UN15	Stuðla skal að verndun umhverfis og náttúru á reitunum. Ferðaþjónusta og útivist skal taka mið af gildi náttúru, landslags, sögu og menningar þess. Í því felst að rask sem minnst ró dýra, vistkerfum og menningarminjum auk þess að rýra ekki gæði strandsjávar. Aðstæðum fyrir hefðbundna nýtingu innan reitanna til atvinnuveiða eða nytja til einkanota verði viðhaldið. Lagning veitulagna, akkerislægi og sambærileg nýting er möguleg innan reitanna en lágmarka skal allt rask og truflun dýra eins og kostur er. Almenn er ekki gert ráð fyrir ræktun eða öflun sjávargróðurs, skeldýrarækt eða efnistöku, en mögulegt er að veita slík leyfi falli starfsemin að áherslum nýtingarflokksins og umsagnir Náttúrufræðistofnunar og Hafrannsóknastofnunar mæla ekki gegn slíkri nýtingu. Til þess að viðhalda náttúrulegum aðstæðum er ekki gert ráð fyrir starfsemi á reitunum sem hefur neikvæð áhrif á náttúru og umhverfi, svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, haugsetningu, efnistöku, vegum sem þvera firði eða orkuframleiðslu. Sértæk ákvæði: Á þeim hluta UN15 sem tekur til reita LV20 og LV22 skal einnig stuðla að og viðhalda öruggum raforkuflutningi, fjarskiptum og samgöngum. Leita þarf umsagna eigenda flutningskerfa við veitingu leyfa sem kunna að hafa áhrif á öryggi þeirra. Á þeim hluta UN15 sem tekur til reita LV21 og LV23 skal einnig stuðla að og viðhalda öruggum raforkuflutningi og fjarskiptum. Leita þarf umsagna eigenda flutningskerfa við veitingu leyfa sem kunna að hafa áhrif á öryggi þeirra.

UN16	Stuðla skal að verndun umhverfis og náttúru á svæðinu. Ferðaþjónusta og útivist á svæðinu skal taka mið af gildi náttúru, landslags, sögu og menningar þess. Í því felst að takmarka rask á ró dýra, vistkerfa og menningarmínja ásamt því að rýra ekki gæði strandsjávar. Aðstæðum fyrir hefðbundna nýtingu svæðisins til atvinnuveiða eða nytja til einkanota verði viðhaldið. Lagning veitulagna, akkerislægi og sambærileg nýting er möguleg innan svæðisins en lágmarka skal allt rask og truflun dýra eins og kostur er. Almenn er ekki gert ráð fyrir ræktun eða öflun sjávargróðurs en mögulegt er að veita slík leyfi falli starfsemi að áherslum nýtingarflokksins og umsagnir Náttúrufræðistofnunar og Hafrannsóknastofnunar mæla ekki gegn slíkri nýtingu. Til þess að viðhalda náttúrulegum aðstæðum er ekki gert ráð fyrir starfsemi á svæðinu sem hefur neikvæð áhrif á náttúru og umhverfi þess, svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, haugsetningu, efnistöku, vegum sem þvera firði eða orkuframleiðslu. Sértæk ákvæði: Á þeim hluta UN16 sem tekur til reita LV20 og LV22 skal einnig stuðla að og viðhalda öruggum raforkuflutningi, fjarskiptum og samgöngum. Það þýðir að notkun á veiðarfærum sem eru fest við botn eða dregin eftir honum, sem og öðrum búnaði sem hefur áhrif á öryggi strengja, er óheimil. Þá er skipum einnig óheimilt að leggja við akkeri á reitnum. Á þeim hluta UN16 sem tekur til reita LV21 og LV23 skal einnig stuðla að og viðhalda öruggum raforkuflutningi og fjarskiptum. Það þýðir að notkun á veiðarfærum sem eru fest við botn eða dregin eftir honum, sem og öðrum búnaði sem hefur áhrif á öryggi strengja, er óheimil. Þá er skipum einnig óheimilt að leggja við akkeri á reitnum.
Staðbundin nýting	
SN33	Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar rækjuveiðar innan reitsins. Allt í kringum reitinn eru svæði sem njóta verndar eða svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að njóti verndar. Þar má nefna Vatnsfjarðarnes, sem er á náttúruminjaskrá vegna fagurs og fjölbreytts lands og sérstæðra sjávarrofsmyndana, og Borgarey sem er á náttúruminjaskrá vegna fuglalífs en Náttúrufræðistofnun hefur einnig lagt til að eyja fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs. Friðlýst æðarvarp er í Borgarey og á Vatnsfjarðarnesi en takmarkanir eru á notkun skotvopna og lagningu neta í sjó nálægt friðlýstu æðarvarpi skv. reglugerð nr. 252/1996. Sértæk ákvæði: Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á það.
SN34	Á skipulagsreitnum eru leyfi til fiskeldis og efnistöku kalkþörungasetts. Innan reitsins er rannsóknarsvæði Hafrannsóknastofnunar. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar plóg og línuveiðar á litlum hluta reitsins ásamt rækjuveiðum. Í samráði um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að á svæðinu væru rækjumið. Aðliggjandi land á Snæfjallaströnd, sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna jarðminja, er einnig á náttúruminjaskrá og nýtur hverfisverndar vegna fjölbreytts og mikilfenglegs landslags með hrikalegum fjöllum, ýmsum berggerðum, jökulgörðum og óshólmum auk fjölskrúðugs gróðurs og dýralífs. Reiturinn liggur við Æðey sem Náttúrufræðistofnun hefur einnig lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að kajaksiglingar væru stundaðar innan reitsins og í nágrenni hans og að Kaldalón væri mikilvægt fyrir sérstöðu svæðisins. Þá er Snæfjallaströndin og Drangajökulssvæðið allt vinsælt göngusvæði. Reiturinn er að hluta til innan siglingageira Æðeyjarvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Sértæk ákvæði: Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi.



	Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á það. Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur inn á hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókvíaeldisstöð ekki vera innan hans eða vera nær mörkum ljósgeirans en 50 metra. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar.
Lagnir og vegir	
LV23	Á reitunum skal stuðla að öruggum raforkuflutningi, fjarskiptum sem og öðrum flutningi eftir lögnum ásamt öryggi og viðhaldi vega sem þvera firði þar sem þeirra nýtur við. Innan reitanna eru siglingar heimilar, sem og ferðaþjónusta og útivist og önnur starfsemi sem hefur ekki áhrif á öryggi veitulagna. Á reitunum er ekki gert ráð fyrir starfsemi sem hefur áhrif á öryggi veitulagna, svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, efnistöku, ræktun eða slætti sjávargróðurs, orkuframleiðslu, veiðum með veiðarfærum sem fest eru í botn eða dregin eftir honum, haugsetningu eða akkerislægjum. Sértæk ákvæði: Þar sem LV23 liggur um UN15 skal einnig stuðla að vernd umhverfis og náttúru. Í því felst að raska sem minnst ró dýra, vistkerfum og menningarminjum auk þess að rýra ekki gæði strandsjávar. Á reitnum er ekki gert ráð fyrir vegþverun.
LV24	Á reitunum skal stuðla að öruggum raforkuflutningi, fjarskiptum sem og öðrum flutningi eftir lögnum ásamt öryggi og viðhaldi vega sem þvera firði þar sem þeirra nýtur við. Innan reitanna eru siglingar heimilar, sem og ferðaþjónusta og útivist og önnur starfsemi sem hefur ekki áhrif á öryggi veitulagna. Á reitunum er ekki gert ráð fyrir starfsemi sem hefur áhrif á öryggi veitulagna, svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, efnistöku, ræktun eða slætti sjávargróðurs, orkuframleiðslu, veiðum með veiðarfærum sem fest eru í botn eða dregin eftir honum, haugsetningu eða akkerislægjum. Sértæk ákvæði: Þar sem LV24 liggur um UN16 skal einnig stuðla að vernd umhverfis og náttúru. Í því felst að raska sem minnst ró dýra, vistkerfum og menningarminjum auk þess að rýra ekki gæði strandsjávar. Á reitnum er ekki gert ráð fyrir vegþverun.

3.4 SVÆÐISÁÆTLANIR FYRIR VESTFIRÐI

Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024

Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 er sértæk byggðaaætlun fyrir Vestfirði sem felur í sér stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir. Í henni er falin sýn íbúa svæðisins á það hvernig Vestfirðir eigi að þróast næstu ár. Til umfjöllunar eru einkum atvinna, nýsköpun, samfélag, umhverfi, skipulag og menning. Í áætluninni er m.a. lögð áhersla á að fjölga fyrirtækjum, störfum og vel menntuðu starfsfólki. Einnig að auka umhverfisvitund íbúa, sveitarfélaga og fyrirtækja, bæta aðgengi að sjálfbærum lausnum og bjóða upp á framúrskarandi aðstöðu til útivistar.

Áfangastaðaaætlun Vestfjarða

Heildstæð áætlun til þriggja ára sem snýst um uppbyggingu ferðaþjónustu og áfangastaða í landshlutanum. Sameiginleg sýn vestfirskrar ferðaþjónustu til ársins 2024 er eftirfarandi: „Vestfirðir eru sjálfbær gæðaáfangastaður þar sem arðbær ferðaþjónusta er rekin í sátt við umhverfi og samfélag. Ferðamannaleiðin Vestfjarðaleiðin byggist upp samhliða þróun í afþreyingu sem byggir á sérkennum svæðisins, ægifagurrar náttúru og heildstæðra þorpsmynda allt árið um kring“.

Umhverfissvottaðir Vestfirðir

Vestfirðir hafa einsett sér að skara fram úr í umhverfismálum og vera stóriðjulaus landshluti. Verkefnið er unnið af Fjórðungssambandi Vestfirðinga. Hluti af því ferli var að fá umhverfissvottun á rekstur allra sveitarfélaganna á

Vestfjörðum. Árið 2016 fengu Vestfirðir silfurvottun EarthCheck, umhverfissvottunarsamtaka sem votta samfélög. Með þessu skuldbinda sveitarfélögin sig til að taka mið af umhverfinu í öllum sínum ákvörðunum og tryggja sjálfbæra nýtingu svæðisins. Fjórðungssamband Vestfirðinga sá um utanumhald verkefnisins fyrstu árin og vann þær skýrslur sem þurfti til að fá vottunina. Seinna tók Vestfjarðastofa við verkefnum Fjórðungssambandsins og 2020 tók Náttúrustofa Vestfjarða við verkefninu. Vestfjarðastofa tók svo við því á ný árið 2023, en þá hafði starfsemi verið í lágmarki Covid árin á undan. Sveitarfélögin á Vestfjörðum eru nú með silfurmerki Earth Check.

3.5 SAMGÖNGUÁÆTLUN

Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 biður samþykkis. Í nýrri samgönguáætlun er sett fram markmið um jákvæða byggðapróun þar sem segir: „Áfram verði unnið markvisst að lagningu bundins slitlags á tengivegi sem styðji við atvinnu- og byggðapróun og auðveldi skólaakstur á svæðum sem nú búa við malarvegi. Við forgangs röðun uppbyggingar tengivega verði litið til umferðarþunga, ástands vega, akstursleiða skólaaksturs, vinnusóknar, ferðarþjónustu og óska sveitarfélaga. Þar segir einnig að íbúar landsbyggðarinnar eigi kost á að komast til höfuðborgarsvæðisins á um 3.5 klst samþættum ferðatíma akandi, með almenningssvagni, ferju og/eða flugi. Unnið verði að því í samstarfi ríkis og sveitarfélaga að almenningssamgöngur á landsbyggðinni verði eflar þar sem grundvöllur er til þess. Sérstaklega verði samgöngur innan vinnusóknarsvæða eflar. Leitað verði leiða til þess að draga úr ferðatíma og tryggja öryggi. Virkt samráð verði viðhaft við skipulagningu þjónustunnar.

Fjárveitingar eru til lagfæringar og lagningar bundins slitlags á Innstrandarvegi, kafla milli Heydalsár og Þorpa á árinu 2028.

3.6 RAMMAÁÆTLUN

Rammaáætlun tekur fyrir vernd og nýtingu auðlinda landsins og landsvæða og er samheiti yfir ákveðin lög, ferli og aðferðarfræði sem eru verkfæri til að greiða úr ágreiningi sem kann að rísa er varðar nytjar landsins. Samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætluninni skal tryggt að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið verði tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Virkjanakostir eru flokkaðir í orkunýtingar-, bið- og verndarflokk. Samkvæmt 3. áfanga rammaáætlunar sem samþykktur var 15. júní 2022 er einn virkjanakostur í Strandabyggð í orkunýtingarflokki, en enginn í bið- né verndarflokki (Tafla 1). Í orkunýtingarflokk falla virkjunarkostir sem er áætlað, á grundvelli markmiða laga um verndar- og orkunýtingaráætlun, að ráðast megi í.

Tafla 1. Virkjanakostir í orkunýtingarflokki í Rammaáætlun í Strandabyggð.⁷

Virkjunarkostur	Vatnasvið/svæði	Lýsing og skilmálar
Austurgilsvirkjun	Austurgil	Vatnsorka. Virkjunarkostur settur í orkunýtingarflokk, sbr. gildandi Rammaáætlun.

3.7 KERFISÁÆTLUN LANDSNETS

Áætlunin er unnin samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 en Landsneti ber að sjá til þess að fyrir liggi áætlanir um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Í gildi er kerfisáætlun Landsnets 2023-2032 – langtímaáætlun um þróun meginflutningskerfis raforku. Í áætluninni er fjallað um mismunandi uppbyggingarleiðir á Vestfjörðum. Meðal annars er greint frá fyrirhuguðu verkefni sem felst í nýjum afhendingarstað í meginflutningskerfinu við Ísafjarðardjúp.

⁷ Þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. <https://www.althingi.is/altext/152/s/1299.html>

3.8 FJARSKIPTAÁÆTLUN

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra leggur fram á Alþingi, að minnsta kosti á þriggja ára fresti, tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun þar sem mörkuð er stefna fyrir næstu fimmtán árin. Í fjarskiptaáætlun eru skilgreind markmið stjórnvalda sem stefna ber að og leggja þannig grunn að framþróun íslensks samfélags. Stuðla skal að aðgengilegum og greiðum, hagkvæmum og skilvirkum, öruggum og umhverfisvænum fjarskiptum. Í gildi er stefna í fjarskiptum 2019-2033 nr. 32/149 og fimm ára fjarskiptaáætlun 2019-2023 nr. 31/149. Í kafla 2.1.1. í gildandi stefnu er lögð áhersla á að aðgengi lögheimila og atvinnuhúsnaðs að ljósleiðara verði 99,9%.

3.9 AÐGERÐARÁÆTLUN Í LOFTSLAGSMÁLUM

Áætlunin er framlag Íslands til að ná markmiðum Parísarsamningsins. Henni er ætlað að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og leggja grunninn að markmiði stjórnvalda um kolefnishlutleysi Íslands árið 2040. Orkuskipti í samgöngum, breyttar ferðavenjur og átak í kolefnisbindingu eru meðal helstu áhersluatriða áætlunarinnar. Ný útgáfa aðgerðaáætlunar frá árinu 2024 skilgreinir enn frekari aðgerðir í loftslagsmálum sem stjórnvöld hyggjast hrinda í framkvæmd. Í aðalskipulagi Strandabyggðar er tekið mið af aðgerðaráætlun í loftslagsmálum og eftir því sem við á sett markmið sem styðja við áætlunina.

Sveitarfélagið Strandabyggð horfir m.a. til þess að losun vegna landnotkunar megi einkum rekja til breyttrar landnotkunar og nýtingar lands.

3.10 VATNAÁÆTLUN FYRIR ÍSLAND 2022-2027

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 en markmið þeirra er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnvistkerfa til að vatn njóti heildstæðar verndar. Að auki er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma verndar vatnsauðlindarinnar. Hluti af vatnaáætlun er aðgerðaáætlun þar sem settar eru fram aðgerðir til að tryggja gott ástand vatns og vöktunaráætlun þar sem markmiðið er m.a. að samræma vöktun á vatni um allt land.

Fjöldmörg vatnshlot eru innan sveitarfélagamarka Strandabyggðar. Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins er að tryggja góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Í vatnavefsjá eru upplýsingar um vatnshlot og ástand vatns og strandsjávar á öllu landinu.

3.11 Í LJÓSI LOFTSLAGSVÁR. STEFNA UM AÐLÖGUN AÐ LOFTSLAGSBREYTINGUM.

Um er að ræða fyrstu stefnu íslenskra stjórnvalda um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum. Í stefnunni er sett fram framtíðarsýn stjórnvalda og skilgreind grunnildi og grunnmarkmið stefnunnar. Einnig eru tilgreind sértækari markmið fyrir ákveðna málaflokka sem og markmið um samhæfingu, vinnulag og eftirfylgni. Í almennum ákvæðum aðalskipulagsins eru sett fram ákvæði sem eru í samræmi við stefnu stjórnvalda um loftslagsmál.

3.12 LANDSLAGSSAMNINGUR EVRÓPU

Vorið 2019 samþykkti ríkisstjórn Íslands að fullgilda Evrópska landslagssamninginn. Markmið samningsins eru m.a. að efla vernd landslagssgerða, bæta umsjón og skipulag með tilliti til landslags. Samningnum er ætlað að tryggja að íbúar hafi aðgang að og tækifæri til að njóta fagurs landslags.

3.13 HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin gilda á tímabilinu 2016-2030 og eru 17 talsins með 169 undirmarkmið. Þau taka bæði til innanlandsmála og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Heimsmarkmiðin eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun skulu höfð til hliðsjónar í stefnumörkun í sveitarfélaginu, í samræmi við áherslur stjórnvalda sem hafa samþykkt innleiðingu markmiðanna á Íslandi. Með markmiðunum er leitast við að tryggja öllum mannréttindi, ná fram kynjajafnrétti og efla vald kvenna og stúlkna. Markmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli hinna þriggja stoða sjálfbærrar þróunar, þ.e. hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu stoðar. Ríkisstjórn Íslands hefur forgangsraðað 65 undirmarkmiðum við innleiðingu heimsmarkmiðanna á Íslandi, en forgangsróðunin tekur mið af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Forgangsmarkmiðin endurspeglar áherslur stjórnvalda við innleiðingu markmiðanna næstu árin. Þau útiloka þó ekki að unnið verði að innleiðingu annarra markmiða.

Til þess að innleiða heimsmarkmiðin á formlegan hátt þá hefur sveitarfélagið ákveðið að velja ákveðin markmið sem eiga við aðalskipulagsgerðina. Heimsmarkmiðin eru frekar almenns eðlis og því mörg þeirra sem ekki er auðvelt að finna samsvörum með aðalskipulagi. Í eftirfarandi köflum eru raktir málaflokkar aðalskipulagsins og þau heimsmarkmið sem sveitarfélagið telur að eigi við og vill setja fram sem almenn markmið í aðalskipulaginu.

STEFNUMÓTUN Í STRANDBYGGÐ MEÐ HLIÐSJÓN AF HEIMSMARKMIÐUM SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Strandabyggð vinnur aðalskipulag sitt með hliðsjón af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna í samræmi við stefnu ríkisstjórnar Íslands um innleiðingu heimsmarkmiðanna í öllum sveitarfélögum landsins.

Strandabyggð hefur sjálfbærni að leiðarljósi í allri ákvarðanatöku og verndun náttúrunnar. Þau heimsmarkmið sem tengjast aðalskipulagi sveitarfélagsins geta haft áhrif á eru t.d.:

- | | |
|-------------------------------------|---|
| 3. Heilsa og vellíðan | 9. Nýsköpun og uppbygging |
| 4. Menntun fyrir alla | 11. Sjálfbærar borgir og borgarskipulag |
| 5. jafnrétti kynjanna | 12. Ábyrg neysla og framleiðsla |
| 6. Hreint vatn og hreinlætisaðstaða | 13. Aðgerðir í loftslagsmálum |
| 7. Sjálfbær orka | 14. Líf í vatni |
| 8. Góð atvinna og hagvöxtur | 15. Líf á landi |



Mynd 18. Heimsmarkmiðin 17 um sjálfbæra þróun. Heimild: Heimsmarkmiðin.is.

3.14 AÐRAR STEFNUR OG SAMÞYKKTIR Á SVEITARFÉLAGS- OG SVÆÐISVÍSU:

Húsnæðisáætlun 2024

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun gaf út húsnæðisáætlun fyrir Strandabyggð árið 2024. Þar er gerð grein fyrir stöðu húsnæðismála í sveitarfélaginu, framboð og eftirspurn eftir margvíslegum húsnæðisformum eru greind og sett fram áætlun um hvernig sveitarfélagið ætlar að mæta húsnæðisþörf íbúa, bæði til skemmri og lengri tíma. Sveitarfélagið á fjórar íbúðir en eftirspurn er eftir lóðum fyrir par- og raðhúsum ásamt tvíbýli. Minnst eftirspurn er eftir fjölbýli. Sveitarfélagið hefur annað eftirspurn eftir lóðum.

Verndarsvæði í byggð

Tillaga að verndarsvæði í byggð í Hólmavík er í vinnslu en árið 2021 fékk sveitarfélagið Strandabyggð styrk úr Húsafriðunarsjóði til að vinna að gerð tillögu um verndarsvæði í byggð á Hólmavík. Svipmótið er lykilatriði í lögum um verndarsvæði en það felst í sambandi byggðar og náttúrulegs umhverfis og einkennandi yfirbragði hennar. Þetta birtist m.a. í ríkjandi formgerðum húsa, afstöðu húsa innbyrðis og rýmismyndun, stærðarhlutföllum, byggingarstíl og efnis- og litaval.

Vegvísir í ferðaþjónustu

Var settur fram árið 2015 í samstarfi Stjórnstöðvar ferðamála, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Samtaka ferðaþjónustunar. Áhersla er lögð á sjö lykilþætti: Samhæfingu, jákvæða upplifun ferðamanna, áreiðanleg gögn, náttúruvernd, hæfni og gæði, aukna arðsemi og dreifingu ferðamanna. Það er einkum stefna um náttúruvernd og dreifingu ferðamanna sem snertir endurskoðun aðalskipulagsins.

Byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036

Í byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 er aðgerðaáætlunin sem kveður á um 44 aðgerðir. Flestar aðgerðirnar eru á ábyrgð innviðaráðuneytis, alls 12 og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið ber ábyrgð á 10 aðgerðum. Þessi byggðaáætlun er stefnumótandi áætlun til 15 ára með fimm ára aðgerðaáætlun og skal áætlunin tekin til endurskoðunar á a.m.k. þriggja ára fresti.

Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029

Markmiðið er að móta og samræma stefnu um uppbyggingu, rekstur og viðhald innviða í þágu náttúruverndar og til verndar menningarsögulegum minjum vegna álags af völdum ferðamennsku og útivistar. Landsáætlunin tekur til verndaraðgerða, öryggismála, uppbyggingar, eftirlits, undirbúnings og reksturs staða, leiða og svæða og viðhalds innviða á ferðamannaleiðum, ferðamannastöðum og ferðamannasvæðum í landinu. Í áætluninni skal leggja til grundvallar vernd náttúru og menningarsögulegra minja og viðmið um sjálfbæra nýtingu. Við gerð áætlunarinnar skal m.a. byggja á þeim markmiðum að náttúra og menningarsögulegar minjar séu verndaðar, komið sé í veg fyrir náttúruspjöll og þau lagfærð, dregið sé úr raski af völdum ferðamanna, álagi sé dreift og ný svæði metin með það í huga hvort og hvers konar uppbygging innviða sé æskileg, uppbygging innviða falli vel að heildarsvipmóti lands, horft sé til heildarlausna í uppbyggingu innviða og öryggi ferðamanna sé tryggt. Sjálfbær þróun skal höfð að leiðarljósi við gerð áætlunarinnar.

Aðrar áætlanir sveitarfélagsins

- Samþykktir sveitarfélagsins um ýmis málefni
- Skólastefna Strandabyggðar, 2015
- Brunavarnaráætlun Dala-, Stranda- og Reykhóla 2022-2026
- Jafnréttisáætlun Stranda og Reykhólahrepps 2022-2026



STEFNUMÖRKUN

4 LANDNOTKUN - STEFNUMÖRKUN AÐALSKIPULAGS

Í aðalskipulagi er sett fram stefna um landnotkun og miðast merkingar á skipulagsupprætti við ráðandi landnotkun á viðkomandi reitum. Innra skipulag reita, lóðamörk, þéttleiki, nýtingarhlutfall eða byggingarmagn, blönduð landnotkun og nákvæm útfærsla gatnakerfis er ákvörðuð í deiliskipulagi. Hver landnotkunarreitur aðalskipulagsins er merktur með bókstaf og hlaupandi númeri. Í lok hvers kafla er tafla með númeri, heiti, flatarmáli í hekturum (ha), lýsingu og sérákvæðum hvers skipulagsreits. Sett er fram stefna eða viðmiðun um byggðamynstur, starfsemi og þéttleika byggðar þar sem ástæða er til. Í mörgum tilvikum er vísað í deiliskipulag varðandi ákvörðun um nýtingu. Um hvern landnotkunarreit gilda því annars vegar almenn ákvæði um viðkomandi landnotkunarflokk og hins vegar sérákvæði um reitinn þegar það á við.

4.1 SAMFÉLAG OG BYGGÐ

Markmið

Sveitarfélagið sé aðlaðandi búsetukostur fyrir alla aldurshópa með fjölbreyttu framboði íbúðarhúsnæðis, þjónustu, afþreyingar og atvinnutækifæra.

Að stuðla að jákvæðri íbúðarþróun með því að búa í haginn fyrir fjölbreytt og gott mannlíf og efla og rækta þá kosti sem fylgja búsetu í litlu samfélagi í nálægð við náttúruna.

Að íbúða- og lóðaframboð sé fjölbreytt og nægt.

Hólmavík verði efla sem þjónustumiðstöð á Ströndum og Norð-Vesturlandi.

Stuðla að bættari lýðheilsu með góðu aðgengi að svæðum til fjölbreyttrar hreyfingar og útivistar fyrir alla aldurshópa.

Hlúð verði að náttúruverndar- og útivistarsvæðum og stuðlað að sjálfbærnu samfélagi og vexti þess.

Svæði fyrir frístundabyggð verði skilgreind, bæði núverandi og til framtíðar.

Tækifæri til menntunar á svæðinu séu fjölbreytt.

4.1.1 Íbúðarbyggð (ÍB)

Íbúðarbyggð (ÍB)

Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.

MARKMIÐ OG SKILMÁLAR:

- Byggðin samsvari sér vel og sé aðlaðandi fyrir íbúa og gesti. Byggðin skal falla sem best að náttúrulegu umhverfi og samræmast þeirri byggð sem fyrir er hvað varðar útlit, hlutföll, þéttleika og ásýnd.
- Stuðlað verði að hagkvæmri þróun íbúðarbyggðar með samfelldari bæjarbrag og byggðin tengd betur saman með öruggu og aðgengilegu stígakerfi og þannig stutt við vistvæna samgöngumáta. Ný íbúðarbyggð verði í góðum tengslum við núverandi byggð og hagkvæm nýting innviða og gott aðgengi íbúa að þjónustu þannig tryggt.
- Komið verði til móts við mismunandi þarfir ólíkra aldurshópa og fjölskyldugerða með fjölbreyttu framboði íbúðagerða, -stærða og -lóða.
- Ávallt verði fyrir hendi nægur fjöldi íbúðarlóða m.v. áætlaða íbúðarþróun og þarfir hverju sinni.
- Uppbygging íbúðarhúsnæðis verði fyrst og fremst í þéttbýlinu en í dreifbýli verði heimilt að reisa stök íbúðarhús í samræmi við stefnu um landbúnaðarsvæði sem sett er fram í kafla 4.2.6.1.
- Öruggt og greitt aðgengi skal tryggt innan íbúðasvæða fyrir alla fararmáta og sérstaklega hugað að innviðum og öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.
- Varðveita og efla þau lífsgæði sem felast í náðlyli við fagra náttúru, landslag og lífríki og umhverfi bæjarins bætt og fegrað.
- Flokkun og endurvinnsla verði auðveld og aðgengileg innan þéttbýlisins.

- Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.
- Í dreifbýli skal þess gætt að íbúðahús verði ekki byggð nær ám og vötnum en 50 m.
- Aðeins er heimilt að vera með gististaði í flokki I: heimagisting (skv. reglugerð 1277/2016) á íbúðarsvæðum (hámark 5 herbergi eða 10 gestir). Nýir og umfangsmeiri gististaðir eru ekki heimilir á íbúðarsvæðum.
- Nánari skilmálar fyrir íbúðarsvæði verða settir í deiliskipulagi.



Mynd 19. Börðin frá gamla vatnstankinum fyrir ofan Hólmavíkirkirkju. Mynd: Halldór K. Ragnarsson, 2023.



Tafla 2. Yfirlit yfir íbúðarbyggð (ÍB) ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing svæðis	Skipulagsákvæði	Stærð (ha)
ÍB1	Brunngata	Íbúðarhús sem liggja við miðsvæðið. Innan svæðisins eru þegar 5 íbúðir.	Innan svæðisins er gert ráð fyrir allt að 7 íbúðum.	0.3
ÍB2	Kópnesbraut	Íbúðarhús, svæðið að hluta byggt en þéttingarreitur innan svæðis. Innan svæðisins eru þegar 19 íbúðir og 7 lóðir óbyggðar.	Innan svæðisins er gert ráð fyrir allt að 30 íbúðum og 26 lóðum.	2.5
ÍB3	Borgabraut	Íbúðarhús, svæðið að hluta byggt en þéttingarreitur innan svæðis. Innan svæðisins eru þegar 9 íbúðir.	Innan svæðisins er gert ráð fyrir allt að 18 íbúðum og 11 lóðum.	1.0
ÍB4	Brautir	Núverandi íbúðarbyggð við Vitabraut og Skólabraut. Þéttingarreitur óbyggðir innan hverfis. Innan svæðisins eru þegar 22 íbúðir, svæðið er fullbyggt.	Innan svæðisins er gert ráð fyrir allt að 24 íbúðum og 22 lóðum. Svæðið er fullbyggt.	1.8
ÍB5	Brandskjól	Nýtt íbúðarsvæði.	Gert verður ráð fyrir lágreistri byggð á einni hæð með fjölbreyttum húsagerðum, þ.e. einbýli, par- og raðhús á einni hæð. Innan svæðisins er gert ráð fyrir allt að 40 íbúðum og 35 lóðum. Nánari útfærslur í deiliskipulagi.	4.0
ÍB6	Hafnarbraut	Núverandi íbúðarbyggð við Hafnabraut. Innan svæðisins eru þegar 19 íbúðir.	Innan svæðisins er gert ráð fyrir allt að 19 íbúðum.	1.4
ÍB7	Víkurtún	Byggð við Víkurtún. Innan svæðisins eru þegar 16 íbúðir.	Innan svæðisins er gert ráð fyrir allt að 20 íbúðum.	2.4
ÍB8	Tún (vestur)	Tún að mestu fullbyggt en gæti verið möguleiki á betri nýtni innan svæðisins. Innan svæðisins eru þegar 37 íbúðir og engar lóðir óbyggðar.	Innan svæðisins er gert ráð fyrir allt að 42 íbúðum og 37 lóðum.	3.6
ÍB9	Borgabraut	9 íbúðir eru innan svæðisins.	Innan svæðisins er gert ráð fyrir allt að 12 íbúðum og 9 lóðum. Hönnun byggðarinnar skal miða að því að byggðin falli vel að landslagi, s.s. með staðsetningu húsa, hæðarsetningu, formi bygginga og efnis- og litavali.	1.0
Samtals:				18.3

4.1.2 Samfélagsþjónusta (S)

Samfélagsþjónusta (S)

Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Hólmavík er miðstöð þjónustu í sveitarfélaginu og þar eru þjónustustofnanir og skrifstofur sveitarfélagsins, grunnskóli, leikskóli, tónskóli, heilsugæsla, íþróttamiðstöð og sundlaug, bókasafn o.fl. Strandabyggð rekur Félagsþjónustu Stranda- og Reykhólahrepps í samstarfi við þrjú önnur sveitarfélög, Reykhólahrepp, Kaldrananeshrepp og Árneshrepp. Þá er Strandabyggð aðili að Velferðarþjónustu Vestfjarða, barnaverndarþjónustu og þjónustu við fólk með fötlun.

Í Strandabyggð er rekið Þróunarsetur á Hólmavík og þar er rými fyrir starfsfólk til að sinna störfum án staðsetningar. Stefnt skal að því að framboð menntunar í sveitarfélaginu þróist með eftirspurn og tækni á hverjum tíma. Undanfarin ár hefur átt sér stað mikil aukning á námsframboði á Hólmavík.



Mynd 20. Grunnskólinn á Hólmavík. Mynd: Halldór R.K. Ragnarsson, 2021.

MARKMIÐ OG SKILMÁLAR:

- Fjölbættri uppbyggingu á sviði menntunar og menningar verði haldið áfram.
- Starfsemi Þróunarseturs á Hólmavík verði eflað og störfum án staðsetningar fjölgað á svæðinu.
- Gert er ráð fyrir að núverandi þjónustu- og menntastofnanir geti vaxið og styrkt byggð á svæðinu. Starfsemi fjarnámsvers á Hólmavík verði styrkt og dreifnám verði áfram í boði fyrir framhaldsskólanemendur.
- Opinberar stofnanir skulu vera aðgengilegar öllum og gert ráð fyrir öruggum hjólastæðum við opinberar byggingar.
- Skólar sveitarfélagsins séu eftirsóknarverðir vinnustaðir fyrir nemendur og starfsfólk. Aðstaða sé fyrir fólk á öllum aldri til að stunda nám í heimabyggð.
- Skólalóð verði í góðum tengslum við íbúðahverfi og nýtist einnig sem útivistarsvæði.
- Félagsleg þjónusta verði sem mest miðsvæðis og aðgengileg öllum íbúum.

Tafla 3. Yfirlit yfir samfélagsþjónustu (S) ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing svæðis	Skipulagsákvæði	Stærð (ha)
S1	Grunnskólinn á Hólmavík	Á svæðinu er grunnskóli og skólalóð með leiksvæði og sparkvelli.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun.	1.1

S2	Stjórnsýslureitur	Á svæðinu eru sveitarstjórnarskrifstofur og afgreiðsla sýslumanns á Vestfjörðum.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun.	0.2
S3	Hjúkrunarheimili	Reitur fyrir hjúkrunar- og dvalarheimili fyrir aldraða.	Byggingin er á 2. hæðum. Hámarks byggingarmagn er 1000m ² , hámarkshæð máni 4,5 m og þakgerð er frjál.	0.3
S4	Lögreglan/ slökkvistöð	Á svæðinu er lögreglustöð og slökkvistöð.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun.	0.4
S5	Flugstöð	Á svæðinu er gömul flugstöð sem er líka notuð sem félagsheimili.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun sem nýtist samfélaginu.	0.3
S6	Kollafjarðarneskirkja við Kollafjörð Kollafjarðarnes	Kirkja. Steinsteyppt og reist árið 1909.	Kirkjan er friðuð og er fjórða elsta steinsteyppta kirkja landsins. Svæði 5 metra umhverfis hana er friðuð.	1.2
S7	Óspakseyrarkirkja Óspakseyri	Kirkjan sem nú stendur á Óspakseyri var reist árið 1939 úr steinsteypu og tekur um það bil 50 manns í sæti.		0.1
S8	Staðarkirkja Staður	Kirkja. Timburhús reist 1855-56.	Friðuð árið 1990.	0.1
S9	Melgraseyrarkirkja, Melgraseyri	Núverandi kirkja var vígð 10. september 1972. Hún tekur 60-70 manns í sæti.		0.1
S10	Nauteyrarkirkja á Langadalströnd, Nauteyri	Kirkja. Kirkjan var reist árið 1885.	Friðuð.	0.1
Samtals:				3.85

4.1.3 Opin svæði (OP) og Íþróttasvæði (ÍÞ)

MARKMIÐ OG SKILMÁLAR:

- Uppbygging í samfélaginu taki mið af ávinningi útivistar og íþróttar m.t.t. lýðheilsu og umhverfis, s.s. vegna uppeldis- og forvarnargildis og aukinnar umhverfisvitundar. Aukin áhersla verði lögð á uppbyggingu opinna svæða innan þéttbýlisins og í nágrenni þess, vistlegt umhverfi og trjárækt innan þéttbýlisins til skjólmyndunar, fegrunar og til að minnka snjósöfnun í byggðinni.
- Fjölbreytt aðstaða sé fyrir hendi og skipulag hvetji til íþróttar- og útivistariðkunar allra aldurshópa, svo allir íbúar geti stundað hreyfingu og útivist við sitt hæfi.
- Nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt á sjálfbærán hátt til útivistar og tengsl íbúa við náttúru og umhverfi verði eflað, t.d. með góðu aðgengi að fjörum og svæðum til útivistar og merkingu göngu- og hjólaleiða í sveitarfélaginu.
- Öll opin svæði og íþróttasvæði í sveitarfélaginu verði almenningi aðgengileg. Öruggt og aðgengilegt stígakerfi verði byggt upp á Hólmavík sem nær til allra opinna svæða og íþróttasvæða. Göngu- og hjólaleiðir milli hverfa, til og frá skóla og tómstundasvæðum barna verði skilgreindar og settar í forgang sem öruggar leiðir til að hjóla og ganga. Sérstök áhersla verði lögð á öryggi barna á leið á íþróttasvæðið á Hólmavík.
- Byggðar verði upp góðar og fjölbreyttar göngu-, hjóla- og skíðaleiðir í sveitarfélaginu og þær merktar. Markvisst verði unnið að uppbyggingu aðgengilegra göngu- og heilsustíga í þéttbýli og göngustígar tengdir nálægum útivistarsvæðum. Setbakkir verði með hæfilegu millibili svo fótúnir geti hvílst.
- Umhverfis byggðina á Hólmavík verði áfram unnið að áætlunum um skógrækt og uppgræðslu og markvisst gróðursett á svæðinu.
- Vinna skal markvisst gegn útbreiðslu ágengra tegunda s.s. lúpínu og kerfils.
- Skipulag nýrra svæða geri ráð fyrir opnum svæðum, sem nýst geta ólíkum hópum á fjölbreyttan hátt. Gróður verði notaður til skjólmyndunar og fegrunar.

- Starfsemi á sviði útivistar og ferðaþjónustu verði eflað, svo sem hjólræðið og gönguskíði, og að útivistarsvæði séu aðlaðandi og áhugaverð.
- Heimilt er að reisa lítil mannvirki í tengslum við þjónustu við opin svæði, enda skerði það hvorki gæði né notkun svæðisins.



Mynd 21. Klemus, Seiður, Klifið, höfn, kirkjan vor og blíða. Ljósmynd: Halldór Kristján Ragnarsson, 2024.

Opin svæði (OP)

Opin svæði (OP)

Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.

Í flokki opinna svæða í sveitarfélaginu eru til dæmis gróðurreitir, leiksvæði og samkomusvæði.

Tafla 4. Yfirlit yfir opin svæði (OP) ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing svæðis	Skipulagsákvæði	Stærð (ha)
OP1	Gróðurreitir	Gróðurreitir og samkomusvæði neðan Hólmavíkurkirkju.	Unnið verði áfram að uppbyggingu svæðisins. Gott aðgengi fótgangandi og hjólandi verði að svæðinu. Huga þarf að umhverfisfrágangi, gróðri, yfirborðsfrágangi og aðstöðu s.s. bekkjum.	1.2
OP2	Almenningssvæði	Opið svæði við tjaldsvæðið, félagsheimilið, sundlaugina og íbúðarsvæði við Brandskjól.	Á svæðinu má gera ráð fyrir mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi í samræmi við nýtingu svæðisins.	1.3

OP3	Leiksvæði og minnisvarði	Leiksvæði og minnisvarða um Stefán frá Hvítadal.	Tryggja skal gott aðgengi fótgangandi og hjólandi að svæðinu. Leiksvæði innan byggðar. Unnið verði áfram að uppbyggingu m.t.t. skjólmyndunar. Umhverfisfrágangur og aðgengi verði í samræmi við hlutverk svæðisins.	0.5
OP4	Opið svæði í þéttbýli	Opið svæði innan þéttbýlisins í Hólmavík.	Umhverfisfrágangur og aðgengi verði í samræmi við hlutverk svæðisins. Gróðurbelti skal vera meðfram Djúpvegi við iðnaðar- og athafnasvæði við Skeið. Svæðið er að hluta til innan hverfisverndarsvæðis HV3, HV4 og HV5.	250
OP5	Svæði fyrir útivist	Svæði fyrir útikennslu og útivist.		0.1
OP6	Hermannslundur	Á svæðinu er trjáreitur og minnisvarði um Hermann Jónasson alþingismann Strandamanna.	Styðja skal við uppbyggingu svæðisins og huga að umhverfisfrágangi, gróðri, yfirborðsfrágangi og aðstöðu s.s. bekkjum og tengingu svæðisins við önnur útivistarsvæði.	2.7
Samtals:				268.4

4.1.4 Íþróttasvæði (ÍÞ)

Íþróttasvæði (ÍÞ).

Svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.

Tafla 5. Yfirlit yfir íþróttasvæði (ÍÞ) ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing svæðis	Skipulagsákvæði	Stærð (ha)
ÍÞ1	Aksturs-æfingasvæði	Á svæðinu er mótorkrossbraut. Núverandi byggingarmagn er 0 m ² .	Á svæðinu má gera ráð fyrir mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á. Hámarks byggingarmagn er 100 m ² .	7.4
ÍÞ2	Golf- og íþróttavöllur	Á svæðinu er níu holu golfvöllur og íþróttavöllur. Núverandi byggingarmagn er 25 m ² .	Unnið verði áfram að uppbyggingu svæðisins sem nýtist til fjölbreyttrar íþróttaiðkunar. Gott aðgengi fótgangandi og hjólandi verði að svæðinu og frágangur vandaður. Hámarks byggingarmagn er 200 m ² .	26
ÍÞ3	Skothúsvík	Æfingavellir fyrir skotfimi. Núverandi byggingarmagn er 0 m ² .	Uppbygging, landmótun og frágangur verði samkvæmt deiliskipulagi. Hámarks byggingarmagn er 50 m ² .	0.2
ÍÞ4	Selárdalur	Skíðagöngusvæði í Selárdal. Núverandi byggingarmagn er 600 m ² .	Leyfð uppbygging sem nýtist skíðasvæðinu. Hámarks byggingarmagn er 1200 m ² .	2.8
Samtals:				36,4

4.1.5 Frístundabyggð (F)

Frístundabyggð (F)

Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærpjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.

Stefnt er að eflingu frístundabyggðar í Strandabyggð, í nálægð við þjónustu m.a. í þeim tilgangi að skapa fólki fjölþætta aðstöðu á svæðinu og lengja dvalartíma fólks. Frístundabyggð verður ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, náttúruauðlinda, sögu eða almenns útivistargildis. Leitast skal við að taka ekki gott landbúnaðarland undir frístundabyggð. Heimilt er að byggja allt að 3 sumarhús á landbúnaðarsvæðum (L1-L4), á lögbýlum sem eru stærri en 70 ha, án þess að skilgreina þurfi svæðið sem frístundabyggð í aðalskipulagi. Leitast skal við að fjölga sem minnst vegtengingum við stofn- og tengivegi.

MARKMIÐ OG SKILMÁLAR:


- Umhverfissjónarmiða verði gætt við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð.
- Frístundahús verði í samræmi við deiliskipulag. Frekari uppbygging á eldri frístundabyggðarsvæðum verður háð því að hún sé í samræmi við deiliskipulag. Nýir áfangar innan hvernar jarðar verða ekki teknir til skipulagsmeðferðar fyrr en minnst 2/3 hlutar fyrri áfanga hafa verið byggðir.
- Skipulag frístundabyggðar taki mið af því að halda gömlum og hefðbundnum göngu- og reiðleiðum opnum, og tryggi aðgengi að áhugaverðum útivistarsvæðum og náttúrufyrirbærum. Um ¼ hluti lands á frístundasvæðum verði til almennrar útivistar.
- Á frístundasvæðum skulu lóðir að jafnaði vera ½ - 2 ha að stærð og nýtingarhlutfall skal ekki vera herra en 0,03 en byggingar ekki stærri en 150 m².
- Frístundabyggð skal vera sem mest á samfelldum svæðum innan hvernar jarðar, þannig að innviðir, s.s. vegir og veitur, nýtist sem best.
- Huga skal að menningarminjum og náttúrfari áður en deiliskipulagsvinna hefst til að koma í veg fyrir að mikilvægar minjar, jarðmyndanir, gróðursvæði, votlendi og tegundir á valista verði fyrir áhrifum vegna framkvæmda.
- Taka skal tillit til landslags, söguslóða, gróðurfars og útsýnisstaða við skipulag frístundahúsabyggðar. Slík byggð skal þar sem það á við taka mið af yfirbragði sveitarinnar.
- Hönnun frístundabyggða skal miða að því að byggðin falli vel að landslagi, s.s. með staðsetningu húsa, hæðarsetningu, formi bygginga og efnis- og litavali.
- Ekki skal byggja nær sjávarkambi en 50 m.
- Í dreifbýli skal þess gætt að íbúðahús verði ekki byggð nær ám og vötnum en 50 m.
- Heimilt er að byggja allt að þrjú frístundahús á landbúnaðarlandi lögbýla.

Tafla 6. Yfirlit yfir frístundabyggð (F) ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing svæðis	Skipulagsákvæði	Stærð (ha)
F1	Skeljavík	Frístundabyggð neðan vegar við Skeljavík. Innan svæðisins eru þrjú frístundahús. Núverandi byggingarmagn er 194 m ² .	Heimilt er að reisa allt að 12 frístundahús á svæðinu. Hámarks fjöldi lóða er 12. Hámarks byggingarmagn er 1800 m ² .	7.3
F2	Skeljavík	Svæðið er óbyggt.	Svæðið er deiliskipulagt að hluta. Heimilt er að reisa allt að 12 frístundahús. Hámarks fjöldi lóða er 12. Hámarks byggingarmagn er 1800 m ² .	6.4
F3	Skothúsvík	Sumarhúsabyggð. Svæðið er óbyggt.	Heimilt er að reisa allt að 15 frístundahús. Hámarks fjöldi lóða er 15. Hámarks byggingarmagn er 2250 m ² .	8.8
F4	Víðidalsá	Svæðið er óbyggt.	Á svæðinu er heimilt að gera ráð fyrir byggð frístundahúsa. Heimilt er að reisa allt að 4 frístundahús. Hámarks fjöldi lóða er 4. Hámarks byggingarmagn er 600 m ² .	3
F5	Kirkjuból við Steingrímsfjörð	Svæðið er staðsett um 150 m suðaustan við bæinn Kirkjuból og tengt framtíðartjaldstæði og ferðapjónustu Kirkjubóls. Svæðið er óbyggt.	Lagt til að deiliskipulag verði 9 lóðir, hver um sig 1000 m ² , nýtingarhlutfall 0,15 = há. Stærð húss 150 m ² . Hámarks byggingarmagn er 1350 m ² .	10.9
F6	Broddanes	Svæðið er óbyggt.	Áform um að reisa frístundahús en ekki hefur verið sótt um það. Broddanes er innan hverfisverndarsvæðis. Gert er ráð fyrir 4 frístundahúsum innan svæðisins og fjórum lóðum. Hámarks byggingarmagn er 600 m ² .	3



F7	Lágidalur	Sumarhúsabyggð með þjónustukjarna. Svæðið er óbyggt.	Æskilegt væri áður en kemur að vinnu við deiliskipulag frístundabyggðar í Lágadal að gera úttekt á fuglalífi svæðisins og taka tillit til þess við frekari útfærslu. Til þess að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúru skal í deiliskipulagi forðast að raska vistgerðum með hátt verndargildi. Heimilt er að reisa allt að 70 frístundahús. Hámarks fjöldi lóða er 70. Hámarks byggingarmagn er 10.500 m ² .	138.5
F8	Nauteyri	Sumarhúsabyggð. Innan svæðisins eru tvö frístundahús og núverandi byggingarmagn 198.2m ² .	Hámarks fjöldi frístundahúsa á svæðinu er 3. 3 lóðir. Hámarks byggingarmagn er 230 m ² .	2.5
Samtals:				180.4



Mynd 22. Frístundabyggð í Strandabyggð.

4.1.6 Kirkjugarðar og grafreitir (K)

Kirkjugarðar og grafreitir (K)

Svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti.

Trúarstofnanir falla undir landnotkunarflokkinn samfélagsþjónusta en kirkjugarðar og grafreitir eru skilgreindir sem slíkir á uppdrætti.

MARKMIÐ OG SKILMÁLAR:

- Kirkjur og kirkjugarðar verði varðveitt sem menningarminjar.
- Kirkjur geta áfram gengt mikilvægu hlutverki sem menningar- og þjónustuhús þótt þær leggist af sem sóknarkirkjur og að útlit þeirra, kirkjugarða og nánasta umhverfis, verði verndað, þar sem það á við
- Við endurbætur og hugsanlegar stækkanir á kirkjugörðum skal þess gætt að þær verði í samræmi við aldur og stíl kirkjunnar og að sérkenni svæðisins haldi sér.
- Huga skal að aðgengi fyrir alla að kirkjum og kirkjugörðum.
- Unnið verði í samræmi við lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993.
- Aðkoma að kirkjugörðum sem enn eru í notkun verði bætt og þess gætt að endurbætur verði í samræmi við önnur ákvæði, s.s. vegna verndunarákvæða.



Mynd 23. Hólmavíkurkirkja. Mynd: Sveinn Ingimundur Pálsson, 2023.

Tafla 7. Yfirlit yfir kirkjugarða og grafreiti (K) ásamt lýsingu.

Nr.	Heiti	Lýsing svæðis	Skipulagsákvæði	Stærð (ha)
K1	Hólmavíkurkirkjugarður	Kirkjugarður.	Á svæðinu má gera ráð fyrir mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á.	0,2
K2	Tröllatungugrafreitur	Kirkjugarður.	Grafreitur, umhverfisfrágangur skal vera til fyrirmyndar.	0,1
K3	Kollafjarðarneskirkjugarður	Kirkjugarður.	Á svæðinu má gera ráð fyrir mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á.	0,2
K4	Fell í Kollafirði	Kirkjugarður.		0,1
K5	Óspakseyrarkirkjugarður	Kirkjugarður.	Á svæðinu má gera ráð fyrir mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á.	0,1
K6	Þambárvellir	Heimagrafreitur.	Á svæðinu má gera ráð fyrir mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á.	0,1
K7	Staðarkirkjugarður	Kirkjugarður.	Á svæðinu má gera ráð fyrir mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á.	0,1
K8	Gilsstaðir í Selárdal	Heimagrafreitur.	Á svæðinu má gera ráð fyrir mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á.	0,1
K9	Laugaból	Heimagrafreitur.	Á svæðinu má gera ráð fyrir mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á.	0,1
K10	Kirkjuból í Langadal	Kirkjugarður.	Á svæðinu má gera ráð fyrir mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á.	0,1

K11	Nauteyri	Kirkjugarður.	Á svæðinu má gera ráð fyrir mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á.	0,1
K12	Melgraseyrarkirkjugarður	Kirkjugarður.	Á svæðinu má gera ráð fyrir mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á.	0,1
Samtals:				1,5

4.2 ATVINNULÍF

Markmið

Hólmavík verði áfram miðstöð þjónustu og atvinnulífs með fjölbreyttri þjónustu fyrir íbúa alls sveitarfélagsins og gesti þess.

Stuðlað verði að sveigjanleika og seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum, svo sem breyttri aldurssamsetningu íbúa og breytingum í atvinnulífi.

Hagsæld verði aukin með fjölbreyttu atvinnulífi sem byggir á mannauði og sérstöðu sveitarfélagsins, t.d. með fjölgun starfa án staðsetningar.

Grunnstoðir atvinnulífsins, landbúnaður, sjávarútvegur og ferðaþjónusta, verði styrktar með aukinni nýsköpun og fjölbreytni. Gæði og innviðir svæðisins verði nýttir á sjálfbæran hátt til að skapa fleiri og verðmætari störf.

Að ferðaþjónusta sem byggir á sérstöðu svæðisins, náttúru, menningu og sögu, verði eflað með þróun og markaðssetningu afþreyingar og þjónustu fyrir ferðamenn. Lögð verði áhersla á uppbyggingu sjálfbærrar, útivistartengdrar ferðaþjónustu sem byggir á gæðum svæðisins og laðar að sértækan hóp ferðamanna.

Komum lítilla og meðalstórra skemmtiferðaskipa fjölgi.

Að stefna aðalskipulagsins stuðli að sjálfbærum vexti samfélagsins og nýtingu auðlinda, með hagsmuni umhverfisins og komandi kynslóða að leiðarljósi.

Stuðlað verði að aðlaðandi aðkomu og ásýnd og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang á atvinnusvæðum.

4.2.1 Miðsvæði (M)

Miðsvæði (M)

Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

MARKMIÐ OG SKILMÁLAR:

- Innan miðsvæða þrífist fjölbreytt starfsemi sem eflir líf og tengingu við íbúðarbyggð með öruggu flæði ólíkra samgöngumáta.
- Á miðsvæðum sé ásýnd og frágangur til fyrirmyndar og lögð áhersla á umhverfisleg gæði í hönnun og góðar og öruggar tengingar við nálæg svæði. Aðgengi fyrir alla skal haft að leiðarljósi og vistvænum samgöngumátum gert hátt undir höfði og öryggi þeirra sett í forgang.
- Deiliskipulagsskilmálar fyrir miðsvæði miði að gæðum húsnæðis og vönduðu og heildstæðu yfirbragði byggðar og umhverfis.
- Miðsvæðið skulu vera örugg og aðgengileg öllum.

- Umhverfi og götummynd elsta hluta Hólmavíkur verði varðveitt og bætt og unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið. Vinna við Verndarsvæði í byggð er í gangi hjá Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Ströndum.

Tafla 8. Yfirlit yfir miðsvæði (M) ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing svæðis	Skipulagsákvæði	Fjöldi gistirúma	Stærð (ha)
M1	Gamli bær	Gamli bærinn á Hólmavík. Fyrir svæðið er verið að vinna verndarsvæði í byggð. Í dag er m.a. innan svæðisins íbúðabyggð, gistiheimili, veitingastaðir, safnasvæði, þróunarsetrið, leikskóli, heilsugæsla, hjúkrunarheimili og kirkja. Núverandi byggingarmagn innan svæðisins er 26.715 m ² .	Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins, svæðið er ekki að fullu byggt. Heildarsvipur byggðarinnar verði varðveittur, nýbyggingar taki mið af stíl, stærð og byggingarefnum og stuðlað verði að því að viðhald og endurnýjun húsa taki mið af upprunalegri mynd. Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis HV1 og HV2. Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 30.000 m ² .	50	6.5
M2	Jakobínutún	Á svæðinu er íþróttahús, sundlaug, félagsheimili, verslun, eldsneytissala, hleðslustöðvar og tjaldsvæði en ráðgert er að auka þjónustu á svæðinu m.a. með því að byggja hótél sem er í góðum tengslum við sundlaug, félagsheimili, tjaldsvæði og hægt að samnýta bílastæði og aðra þjónustu. Núverandi byggingarmagn innan svæðisins er 3.281 m ² .	Svigrúm er einnig fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins. Hæðarmörk 3 hæðir og kjallari, hámarkshæð mænis 15 m. Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 9.000 m ² .	170	11.2
Samtals:				220	17.7

4.2.2 Verslun og þjónusta (VP)

Verslun og þjónusta (VP)

Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.

Hólmavík er verslunar- og þjónustukjarni fyrir sveitarfélagið og nærliggjandi sveitarfélög en verslunar- og þjónustusvæði fjölbreytt atvinnustarfsemi er innan sveitarfélagsins (sjá töflu Tafla 9). Ferðaþjónusta hefur mikla burði til að vaxa í Strandabyggð og er stefnt að aukinni þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn ásamt ímyndarsköpun og markaðssetningu. Það getur stuðlað að auknum tækifærum á sviði verslunar- og þjónustu um allt sveitarfélag. Horft skal sérstaklega til sérhæfðrar ferðamennsku á borð við hjólræiðar, gönguskíðaiðkun og aðra útivist og afþreyingu sem byggir á sérstöðu svæðisins er líkleg til að fá gesti til að dvelja lengur. Tækifæri væri að hafa siglingar frá Hólmavík til að skoða náttúrufar en aðstæður til þess þykja góðar á Steingrímsfirði. Tekið hefur verið á móti litlum og meðalstórum skemmtiferðaskipi/um á Hólmavík og er vilji fyrir því að fjölga komum slíkra skipa til Hólmavíkur. Áhersla verður lögð á markaðs- og kynningarmál sveitarfélagsins og gott framboð verslunar- og þjónustulóða.



Mynd 24. Frá Kirkjubóli í Steingrímsfirði. Mynd: Jón Jónsson.

MARKMIÐ OG SKILMÁLAR:

- Stuðlað skal að frekari uppbyggingu þjónustukjarna svæðisins og Strandabyggðar sem áfangastaðar ferðamanna.
- Uppbygging ferðamannastaða og skilgreining verndarsvæða kalla á aukna þjónustu.
- Gistimöguleikum innan svæðisins verði fjölgað.
- Núverandi og ný verslunar- og þjónustustarfsemi fái svigrúm til að þróast.
- Við skipulag byggðar og hönnun bygginga verði þess gætt að starfsemi geti þróast og breyst og hús og svæði nýst til annars en upphaflega var áætlað. Þannig verði stuðlað að sveigjanleika og seiglu byggðarinnar.
- Stöðugt sé unnið að þróun nýrra tækifæra fyrir íbúa svæðisins til frekari atvinnusköpunar.
- Deiliskipulagsskilmálar fyrir verslunar- og þjónustuhúsnæði miði að gæðum húsnæðis og vönduðu og heildstæðu yfirbragði byggðar og umhverfis.

Ferðapjónusta

- Ferðapjónusta eflist sem heilsársatvinnugrein og sem hliðargrein með öðrum greinum.
- Í boði verði margskonar möguleikar til að njóta einstaks landslags og lífríkis svæðisins og komast í snertingu við mannlíf þess, náttúru og sögu.
- Við vörupróun og markaðssetningu verði sótt í þekkingu íbúa, auðlindir, landslag, sögu og menningu svæðisins. Saga og sérkenni hlunnindabúskapar verði sérstaklega dregin fram.
- Sterk tengsl verði á milli ferðapjónustu, landbúnaðar, sjávarnytja og menningarstarfsemi.

Tafla 9. Yfirlit yfir verslunar- og þjónustusvæði (Vp) ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing svæðis	Skipulagsákvæði	Fjöldi gistirúma	Stærð (ha)
Vp1	Hafnarbraut 7	Á svæðinu er gistiheimili. Núverandi byggingarmagn innan svæðisins er 98 m ² .	Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 120 m ² .	4	0.1
Vp2	Hafnarbraut 17 og 19	Reitur fyrir verslun og þjónustu t.d. gistiheimili, banka og þjónustu við íbúa. Núverandi byggingarmagn innan svæðisins er 606 m ² .	Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 800 m ² .	10	0.4
Vp3	Tankurinn	Fyrirhugað er að endurbyggja á vatnstank til þess að nota fyrir verslun og þjónustu, t.d. kaffihús eða veitingasölu. Núverandi byggingarmagn innan svæðisins er 45 m ² .	Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 150 m ² .	-	0.1



VP4	Sauðfjársetur á Ströndum, Kirkjuból	Sauðfjársetur á Ströndum er rekið í Sævangi og er þjónustusvæði. Þar er rekið viðurkennt safn, sýningar, kaffihús og ýmis menningarstarfsemi og samkomur. Við Sævang er gamall íþróttavöllur. Núverandi byggingarmagn innan svæðisins er 439 m ² .	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun. Sauðfjársetrið er innan hverfisverndarinnar HV9. Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 800 m ² .	-	1.6
VP5	Kirkjuból við Steingrímsfjörð	Gisting og ferðaþjónusta bænda. Fjölpætt aðstaða fyrir ferðamenn. Núverandi byggingarmagn innan svæðisins er 730 m ² .	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir verslun og þjónustu. Fyrirhuguð er verslunar- og þjónustusvæði í nágrenni Sævangs, þar sem reist yrðu sumarhús til útleigu. Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 1330 m ² .	20	3
VP6	Undraland	Gisting. Núverandi byggingarmagn innan svæðisins er 81 m ² .	Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 500 m ² .	16	2.9
VP7	Broddanes	Ferðaþjónusta í fyrrum Broddanesskóla. Fjölpætt aðstaða fyrir ferðamenn. Núverandi byggingarmagn innan svæðisins er 267 m ² .	Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 1000 m ² .	16	3
VP8	Gröf	Ferðaþjónusta og hótél.	Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 500 m ² .	20	3
VP9	Snartartunga í Bitrufirði	Ferðaþjónusta bænda. Gisting, hestaleiga og gönguleiðir. Núverandi byggingarmagn innan svæðisins er 1.053 m ² .	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir verslun og þjónustu. Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 1053 m ² .	20	3
VP10	Ármúli 1 og 2	Áform um mögulega aðstöðu ferðamanna í einhverju formi. Núverandi byggingarmagn innan svæðisins er 1.269 m ² .	Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 1269 m ² .	20	3
VP11	Nauteyri	Steinshús. Safn um Stein Steinar. Núverandi byggingarmagn innan svæðisins er 151 m ² .	Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 200 m ² .	-	0.2
VP12	Kirkjuból í Langadal	Möguleiki á stækkun, uppbyggingu nýs húsnæðis fyrir gistipjónustu og hugsanlega hótélrekstur á heimatúni í nágrenni við núverandi íbúðarhús og byggingar á svæðinu.	Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 1000 m ² .	20	3
VP13	Lágidalur (Kúludalur)	Þjónustukjarni við sumarhúsabyggð.	Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 500 m ² .	-	2.8
Samtals:				138	26.1

4.2.3 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

Margir áhugaverðir afþreyingar- og ferðamannastaðir eru í Strandabyggð og tækifæri til verðmætasköpunar eru víða. Þau geta til dæmis falið í menningar- og náttúruminum, sagnaarfi og umhverfi. Staðirnir eru fjölbreytilegir að stærð og gerð og hefur hver sína sérstöðu. Gert er ráð fyrir umfangsminni aðstöðu til að taka á móti ferðafólki án þess að ganga nærri þolmörkum umhverfisins. Um er að ræða fjölbreytt svæði sem tengjast t.d. náttúruskoðun, útivist, menningu og sögu.

MARKMIÐ OG SKILMÁLAR:


- Afþreyingar og ferðamannasvæði verði sjálfbær og gangi ekki á þolmörk umhverfisins né náttúru- eða menningarsöguleg gæði svæða.
- Lögð verði áhersla innviði sem bjóða upp á gott aðgengi fyrir alla og fyrirbyggja rask á viðkvæmum svæðum.
- Boðið verði uppá aukna og fjölbreytta þjónustu í takti við fjölgun ferðamanna.

Tafla 10. Yfirlit yfir afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF) ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing svæðis	Skipulagsákvæði	Stærð (ha)
AF1	Tjaldsvæði	Tjaldsvæðið Hólmavík.	Heimilt að byggja aðstöðuhús fyrir þjónustu sem tengist rekstri tjaldsvæðis. Hámarks byggingarmagn er 500 m ² .	2
AF2	Tungugrafarvogar	Fuglaskoðunarhús á Tungugrafarvogum, þar sem hægt er að skoða fugla en mjög fjölbreytt fuglalíf er á þessu svæði. Áningarstaður með bílastæði er hjá fuglaskoðunarhúsinu. Núverandi byggingarmagn er 50 m ² .	Tungugrafarvogar eru innan hverfisverndarsvæðisins HV8. Hámarks byggingarmagn er 50 m ² .	0.1
AF3	Húsavirkurkleif	Áningarstaður. Á staðnum er bílastæði, upplýsingaskilti og gönguleið að Kleifarfossi.	Ekki gert ráð fyrir byggingum á svæðinu.	0.1
AF4	Kirkjuból við Steingrímsfjörð	Tjaldsvæði að Kirkjubóli við Steingrímsfjörð.	Á svæðinu má gera ráð fyrir mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins sem tjaldsvæðis kallar á. Hámarks byggingarmagn er 1000 m ² .	1.1
AF5	Þrúðardalur	Ferðaþjónusta með tjaldsvæði. Áætlað annars vegar út með firði í Stóra Fjarðarhorni og inn af íbúðahúsi Þrúðardals.	Hámarks byggingarmagn er 1000 m ² .	3
AF6	Broddanes 1	Gistiþjónusta með gistingu fyrir 12 manns, tjaldsvæði og afþreying fyrir ferðamenn. Núverandi byggingarmagn er 189 m ² .	Hámarks byggingarmagn er 500 m ² .	3
AF7	Kálfadalsá	Veiðihús með gistingu fyrir 6 manns. Núverandi byggingarmagn er 43 m ² .	Hámarks byggingarmagn er 200 m ² .	2.4
AF8	Ármúli 1 og 2	Áform um mögulega ferðamannaaðstöðu í einhverju formi og byggingar því tengt.	Hámarks byggingarmagn er 200 m ² .	3



AF9	Tunga	Veiðihús við Hvannadalsá með gistingu fyrir 8 manns. Núverandi byggingarmagn er 147 m ² .	Hámarks byggingarmagn er 200 m ² .	0.1
AF10	Neðri Bakki	Veiðihús með gistingu fyrir 16 manns. Núverandi byggingarmagn er 200 m ² .	Hámarks byggingarmagn er 200 m ² .	4.6
AF11	Bakkasel	Veiðihús með gistingu fyrir 8 manns. Núverandi byggingarmagn er 80 m ² .	Hámarks byggingarmagn er 200 m ² .	0.1
AF12	Grænasel	Veiðihús með gistingu fyrir 8 manns. Núverandi byggingarmagn er 42 m ² .	Hámarks byggingarmagn er 200 m ² .	0.1
AF13	Fitjar við Hrófbergsvatn	Veiðihús með gistingu fyrir 4 manns. Núverandi byggingarmagn er 61 m ² .	Hámarks byggingarmagn er 200 m ² .	0.1
Samtals				20,7



Mynd 25. Afpreyningar- og ferðamannasvæði í Strandabyggð.

4.2.4 Athafnasvæði (AT)

Athafnasvæði (AT)

Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður.

Lögð verður áhersla á að skapa góðar umhverfisaðstæður fyrir fyrirtæki sem byggja á sérstöðu svæðisins. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang á athafnasvæðum. Athafnasvæðin eru fimm innan þéttbýlisins á Hólmanvík og tvö þeirra eru í dreifbýlinu.



Mynd 26. Tanginn í Hólmanvík séð úr lofti. Ljósmynd: Halldór Kristján Ragnarsson, 2023.

MARKMIÐ OG SKILMÁLAR:

- Við skipulag svæðis og hönnun bygginga verði þess gætt að starfsemi geti þróast og breyst og hús og svæði nýst til annarra nota en upphaflega var áætlað. Þannig verði stuðlað að sveigjanleika og lífvænleika byggðarinnar.
- Fjölbreytt framboð athafnalóða sé í boði fyrir mismunandi fyrirtæki.
- Umhverfi og ásýnd athafnasvæða við Skeiði verði bætt með markvissri gróðursetningu en svæðið er aðalinnkoma inn á Hólmanvík. Nýtingarhlutfall á athafnasvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,3 – 0,6.

Tafla 11. Yfirlit yfir athafnasvæði (AT) ásamt skilmálum

Nr.	Heiti	Lýsing svæðis	Skipulagsákvæði	Stærð (ha)
AT1	Skeiði	Bensín og olíustöð. Núverandi byggingarmagn er 34 m ² .	Hámarks byggingarmagn er 200 m ² .	0.4
AT2	Skeiði	Svæðið er ætlað undir athafnastarfsemi, í dag er Vegagerðin með starfsemi innan svæðisins.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Áhersla á vandaða aðkomu og umhverfisfrágang með gróðurbeltum. Uppbygging á svæðinu miði að	4.1



			Því að styrkja og fegra götummynd Djúpvegur og stuðlað verði að aðlaðandi ásynd svæðisins við innkomu í bæinn og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang. Krafa um 8% lóðar sé gróður inn í þeirri tölu má telja vatnsrásir fyrir ofanvatn. Í deiliskipulagi þarf að útfæra lausn fyrir vatnsfarveg. Vanda skal sérstaklega til ásyndar hverfisins frá Djúpvegi en á lóðamörkum meðfram Djúpvegi skal setja skjólbelti. Hámarks byggingarmagn er 7500 m ² .	
AT3	Skeiði 4-8	Svæði undir athafnasvæði. Núverandi byggingarmagn er 248 m ² .	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika byggðar. Svæði fyrir gröfur og rafhleðslustöðvar flutningabíla. Vanda skal sérstaklega til ásyndar hverfisins frá Djúpvegi og skal þar vera gróðurbelti á lóðamörkum við og frágangur lóðar og ásynd svæðis skal vera til fyrirmyndar. Hámarks byggingarmagn er 3.000 m ² .	1
AT4	Djúpvegur	Óbyggður reitur.	Svigrúm fyrir nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins. Frekari uppbygging á svæðinu miði að því að styrkja og fegra götummynd Djúpvegur og stuðlað verði að aðlaðandi ásynd svæðisins við innkomu í bæinn og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang. Krafa um 8% lóðar sé gróður inn í þeirri tölu má telja vatnsrásir fyrir ofanvatn. Vanda skal sérstaklega til ásyndar hverfisins frá Djúpvegi en á lóðamörkum meðfram Djúpvegi skal setja skjólbelti. Hámarks byggingarmagn er 2.500 m ² .	7.5
AT5	Hnitbjörg	Geymslusvæði við Hnitbjörg á vegum sveitarfélagsins.	Yfirbragð svæðisins skal vera snyrtilegt. Ekki er heimilt að geyma bíl- og vélahræ né hvers kyns sörp lengur en í 2 ár, en þá skulu eigendur koma úrgangi í viðeigandi endurvinnslufarveg. Hámarks byggingarmagn er 100 m ² .	1
Samtals:				14

4.2.5 Iðnaðarsvæði (I)

Iðnaðarsvæði (I)

Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

MARKMIÐ OG SKILMÁLAR:

- Rými fyrir þróun á iðnaðarstarfsemi verði tryggt og lagður grundvöllur að fjölbreyttum iðnaðarvirktækjum.
- Stuðlað verði að auknu framboði og uppbyggingu iðnaðarsvæða til að styrkja atvinnulíf á svæðinu. Lögð er áhersla á að gott framboð á rúmum iðnaðarlóðum og nýtingu tækifæra sem tengjast sérstöðu svæðisins og góðri hafnaraðstöðu.
- Ekki er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði undir orkufrekan iðnað svo sem álvers innan Strandabyggðar.
- Viðhaldið verði sérkennum og náttúrugæðum heiða með áherslu á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og verðmætra menningarminja.
- Afmörkun og staðsetning iðnaðarsvæða taki mið af þörfum atvinnulífsins og markmiðum um fallega bæjarmynd. Lögð verði áhersla á vandaðan umhverfisfrágang og snyrtilega ásýnd og yfirbragð iðnaðarsvæða.
- Leita skal hagkvæmra leiða til að draga úr magni úrgangs til urðunnar. Allur úrgangur sem hægt er að endurnýta, verði endurnýttur og unnið verði að endurnýtingu og endurvinnslu þar sem mögulegt er. Móttöku- og flokkunarstöðvar fyrir úrgang verði í þéttbýli, leyfilegt er að setja slíkar stöðvar á landbúnaðarsvæðum og svæðum fyrir frístundabyggð.
- Stefnt verði að jarðgerð lífræns úrgangs og að móttöku- og flokkunarstöðvar í dreifbýli verði eflar.
- Komið verði á aukinni flokkun á heimilum. Fræðsla og miðlun upplýsinga til íbúa um flokkun og leiðir til að draga úr úrgangi sem fellur til verði eflað. Öll meðhöndlun úrgangs sé eins og best gerist á landinu.
- Útbúin verði heildstæð svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum og samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Strandabyggð, samanber lög nr. 103/2021 um meðhöndlun úrgangs og landsáætlun um meðhöndlun úrgangs. Þar er gerð krafa um að sorp sé sótt til allra heimila og flokkað í fjóra flokka, pappír, plast, lífrænan úrgang og blandaðan úrgang auk þess sem gleri, málm, hreinu timbri og textíl er safnað á gámavelli. Auk þess er hægt að skila raftækjaúrgangi, lituðu timbri, rafhlöðum og rafgeymum ásamt rúmfrekum úrgangi svo sem húsgögnum á gámavöll.
- Stuðlað verði að snyrtilegri ásýnd á iðnaðarsvæðum og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika byggðar.

4.2.5.1 ÚRGANGSSTJÓRNUN

Breytingar og þróun í úrgangsmálum og mikilvægi hringrásarhagkerfis hafa áhrif á skipulag og hönnun og krafa um breytingar á flokkun úrgangs og aukin skil til endurnýtingar og endurvinnslu skapar ný úrlausnarefni. Í deiliskipulagi hverfa með þéttri byggð þarf að huga sérstaklega að því að söfnun úrgangs verður flóknari, úrgangsflokkum fjölgar og taka þarf frá pláss fyrir grenndar- söfnunar- og móttökustöðvar. Það getur verið áskorun þar sem landrými er af skornum skammti og land verðmætt. Huga þarf að því hvernig heildarsöfnun á stærra svæði er samsett, hverju skal safna við íbúðarhús og á lóðum lögaðila og hvaða úrgangi skuli koma á grenndar-, söfnunar- eða móttökustöðvar. Við skipulag nýrra hverfa þarf að gera ráð fyrir hönnun úrgangslausna frá upphafi þannig að losun sé hugsuð heildstætt, ásamt lausnum fyrir fyrirtæki og grenndar- og söfnunarstöðvar. Úrgangslausnir í gróinni byggð ættu að taka mið af byggðamynstri, arkitektúr, gróðri og hönnun byggðar. Í blandaðri byggð þar sem íbúðarstarfsemi og atvinnustarfsemi eru innan sömu lóðar þarf að gera ráð fyrir aðskildum úrgangslausnum í deiliskipulagi.

Sorpgámar eru heimilir á landbúnaðar- og frístundabyggðarsvæðum. Öll sveitarfélögin í Strandasýslu standa sameiginlega að Sorpsamlagi Strandasýslu, sem fer með úrgangsmál á svæðinu. Sorpsamlagið er með samning við Endurvinnsluna/Sagaplast um að hirða eftirfarandi úrgangsflokka: rúlluplast, dagblöð, pappa, mjólkurfernur,

umbúðapappa, dekk og brotajárn. Endurvinnslan tekur hins vegar ekki timbur. Móttöku- og flokkunarstöð er staðsett á Skeiði sjá umfjöllun um A3 í kafla O.

Strandabyggð vinnur eftir Svæðisáætlun Vestfjarða um meðhöndlun úrgangs og Samþykkt Strandabyggðar um meðhöndlun úrgangs og vinna samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.



Mynd 27. Höfnin og Höfðinn á Hólmavík. Ljósmynd: Halldór Kristján Ragnarsson, 2024.

Tafla 12. Yfirlit yfir iðnaðarsvæði (I) ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing svæðis	Skipulagsákvæði	Stærð (ha)
11	Skeiði 11	Svæðið er ætlað fyrir blandaða iðnaðarstarfsemi. Á svæðinu er aðveitustöð Orkubús Vestfjarða og áhaldahús. Núverandi byggingarmagn er 939 m ² .	Hámarks byggingarmagn er 3.000 m ² .	1
12	Skeiði	Svæðið er ætlað undir iðnaðarstarfsemi, m.a. móttökustöð fyrir flokkaðan úrgang, endurvinnslufyrirtæki. Núverandi byggingarmagn er 498 m ² .	Hámarks byggingarmagn er 3.000 m ² .	0.9
13	Iðnaðarsvæði	Svæði undir iðnaðarstarfsemi. Gamalt fjárhús sem í dag er notað sem vélageymsla. Núverandi byggingarmagn er 270 m ² .	Hámarks byggingarmagn er 1.000 m ² .	1.1
14	Urðunarsvæði í landi Skeljavíkur	Urðunarstaður sveitarfélagsins er í Skeljavík og er sorpsamlagið rekstraraðili svæðisins. Þar er allur almennur úrgangur urðaður en einnig er þar geymslustaður fyrir brotajárn o.fl.	Innan reitsins má byggja skemmur tengdar sorpvinnslu. Hámarks byggingarmagn er 1.000 m ² .	4
15	Þverárvirkjun, Þiðriksvöllum	Tók til starfa 1953. Á svæðinu er stöðvarhús, tengivirki og uppistöðulón. Núverandi byggingarmagn er 479 m ² .	Hámarksafli nú 2,5 mW en meðal raforkuframleiðsla 8,5 GWh/ári. Hámarks byggingarmagn er 1.000 m ² .	237.8
16	Iðnaðarsvæði II í landi Þorpa	Fyrir virkjun jarðhita.	Leyfilegt að byggja þjónustuhús tengt borholu. Hámarks byggingarmagn er 50 m ² .	1.6

17	Austurgilsvirkjun	Virkjun í Skjaldfannardal.	Á svæðinu er gert ráð fyrir stöðvarhúsi og svæði fyrir uppistöðulón, ásamt tilheyrandi veituskurðum, þrýstipípum og stíflum. Hámarksafl 35 MW. Austurgilsvirkjun er í orkunýtingarflokki samkvæmt gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun. Hámarks byggingarmagn er 750 m ² . Reyna skal að leggja innviði tengdum virkjuninni á svæðum þar sem ósnortnum víðernum verði sem mynnst raskað. Unnin verður frágangsaætlun vegna efnistöku, haugssvæða og vinnubúða í samráði við landslagsarkitekta í tengslum við umsókn um framkvæmdaleyfi.	655.6
18	Blævardalsár-virkjun	Virkjun reist 1975 og endurbyggð 2005. Stöðin er fjarstýranleg frá Hólmavík. Á svæðinu er stöðvarhús og tengivirki ásamt svæði fyrir uppistöðulón. Núverandi byggingarmagn er 44 m ² .	Meðal raforkuframleiðsla er 0,9 GWh/ári en hámarksafl rúm 0,2 MW. Hámarks byggingarmagn er 100 m ² .	9.2
19	Fiskeldi á Nauteyri	Fiskeldi á Nauteyri. Vatnsöflun vegna eldisins er í vatnsbóli fram með Hafnardsá. Núverandi byggingarmagn er 1.803 m ² .	Bryggja er innan svæðisins sem táknuð er sem H3. Hámarks framleiðslumagn á fiskeldinu er 800 tonn á ári. Hámarks byggingarmagn er 24.000 m ² .	3.8
111	Kvíslatunguvirkjun	Virkjun í Selárdal í Steingrímsfirði.	Á svæðinu er gert ráð fyrir stöðvarhúsum og spennivirki ásamt svæði fyrir uppistöðulón, tilheyrandi veituskurðum, þrýstipípum og stíflum. Að auki er fyrirhugað að reisa smávirðun ofan við inntakslón í Efri-Kotvötnum til að nýta falhæð sem myndast við rennsli frá Svartagilslóni í veituskurðum. Taka á efni úr inntakslóni og miðlunarlóni samtals 250 þús. Rúmmetra. Fyrirhugað heildarafl Kvíslatunguvirkjunar er allt að 9,9 MW. Virkjað rennsli í Selárdal verður 9,5 MW. Að auki er fyrirhugað að reisa 0,4 MW virkjun ofan við inntakslón í Efri Kotvötnum til að nýta 36 m fallhæð sem myndast við rennsli frá Svartagilslóni í veituskurðinn. Forðast verður að raska jarðvegi og gróðri utan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Landmótun verður með þeim hætti að röskuð svæði falli sem best að aðliggjandi landi sem auðveldi uppgræðslu og dragi úr hættu á rofi. Við deiliskipulagsgerð verði byggingarreitir staðsettir þannig að þeir raski mikilvægum vistgerðum sem minnst og verði t.d. vistgerðarkort Ní haft til hliðsjónar. Hámarks byggingarmagn er 500 m ² .	250
112	Spennistöð	Á reitnum er spennistöð.		0.1



113	Spennistöð	Á reitnum er spennistöð.		0.1
114	Við Miðtún	Spennistöð.		0.1
Samtals:				1201. 3

Orkuvinnsla

Tilgangur aðalskipulagsáætlunar er að beina iðnaðarsvæðum og vindorkuverum á heppileg svæði og stýra fyrirkomulagi þeirra með tilliti til umhverfisáhrifa og annara skipulagsþátta. Hugmyndir eru um virkjun vatnsafls og jarðhita sem sveitarfélagið horfir til sem framtíðarmöguleika í orkuframleiðslu og atvinnuuppbyggingu.

Hugmyndir um virkjun vindorku verða sífellt algengari hér á landi og þó að vindurinn sé óþrjótandi auðlind er land undir vindorkuver það ekki og uppbyggingu þeirra fylgir töluvert jarðrask sem getur haft áhrif á lífríki, gróður, jarðveg og minjar og veldur þannig óafturkræfum umhverfisáhrifum. Í Landsskipulagsstefnu er því beint til sveitarfélaga að þau taki afstöðu til möguleika á orkuframleiðslu, þ.m.t. með vindorku og skoði það í sátt við náttúru og samfélag.

Ekki liggja fyrir áform um virkjun vindorku, sjávarfallavirkjanir og virkjun sólarorku í Strandabyggð en komi þau fram ber að gæta að samræmi við stefnu aðalskipulags í viðeigandi málaflokkum og tillögur að orkuverum skulu hlíta skipulagslögum, lögum um mat á umhverfisáhrifum, laga um verndar og orkunýtingaráætlun og önnur lög og reglugerðir sem snúa að orkuvinnslu og vindorku.

4.2.6 Landbúnaðarsvæði (L)

Landbúnaðarsvæði (L)

Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu.

Landbúnaður er mikilvæg atvinnugrein í sveitarfélaginu og grundvöllur búsetu í dreifbýli. Strandabyggð er mikið sauðfjárræktarhérað en horft er til þess að auka fjölbreytni og að gera bændum kleift að stunda hliðarbúgreinar til að styrkja rekstur býla og búsetu í dreifbýli.

Gert er ráð fyrir að gott landbúnaðarland verði nýtt áfram til landbúnaðar og að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum. Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni. Þó er heimild fyrir þróun ýmissa atvinnugreina og annars konar starfsemi á bújörðum og byggingum sem henta slíkum svæðum til rekstrar og samræmast landbúnaði vel. Uppbygging fjölbreyttra stoðgreina landbúnaðar, án skerðingar ræktarlands og í sátt við umhverfið, er litin jákvæðum augum til að styrkja stöðu landbúnaðar sem atvinnugreinar og búsetu í dreifbýli.

Landbúnaðarsvæði eru skilgreind upp í 300 m hæð og ná yfir allt land jarða eða lögbýla, sbr. ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga um land sem nýtt er til landbúnaðar. Byggingar tengdar búrekstri eru ekki heimilar ofar 300 m og þar gilda ákvæði um óbyggð svæði.



Mynd 28 Hólmavík í fjarska. Ljósmynd: Sveinn Ingimundur Pálsson, 2023.

MARKMIÐ OG SKILMÁLAR:

- Samfélagsleg ábyrgð verði leiðarljós í landbúnaði í sveitarfélaginu og landbúnaður stundaður í sátt við náttúruna og misbjóði henni ekki með ágangi, ofbeit, mengun eða á annan hátt.
- Mjög ræktunarland og gott ræktunarland (í flokki L1 og L2) verði áfram nýtt sem slíkt og fjölbreyttur og sjálfbær landbúnaður stundaður í sveitarfélaginu.
- Skógrækt verði einkum á landbúnaðarlandi í flokki L3 og L4, á rýru landi sem hentar illa til annarrar nýtingar, s.s. ræktunar eða sem byggingarland.
- Leitast skal við að beina íbúðarbyggð, frístundabyggð, þjónustustarfsemi, skógrækt eða annarri starfsemi annað eftir því sem kostur er.
- Unnið verði að endurheimt landgæða á landbúnaðarsvæðum. Uppgræðsla ógróinna og vangróinna svæða og skógrækt og skjólbeltarækt nýtt til landbóta eftir því sem við á.
- Hefðbundinn landbúnaður sem atvinnugrein verði eflur og stutt við þann landbúnað sem er til staðar. Hvatt verði til uppbyggingar og nýsköpunar innan greinarinnar og uppbygging stoðgreina hans auðvelduð.
- Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að nýta byggingar sem fyrir eru á jörðinni og reisa nýbyggingar fyrir umfangslitla atvinnustarfsemi sem fellur vel að búrekstri og nýtingu viðkomandi jarðar og hefur ekki neikvæð áhrif á umhverfi sitt, án þess að gera þurfi grein fyrir þeirri landnotkun á aðalskipulagsupprætti. Er átt við atvinnustarfsemi sem er hagkvæm og viðeigandi viðbót við búrekstur og stoðgreinar við landbúnað sem falla vel að hefðbundinni landbúnaðarstarfsemi og styðja við búsetu á svæðinu. Markmiðið er m.a. að gefa kost á nýtingu þess húsakosts sem fyrir er á viðkomandi bæjum með minni háttar viðbótum og breytingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi og auðvelda þannig bændum að skjóta fleiri stoðum undir búrekstur sinn og tryggja áframhaldandi ábúð og nýtingu jarðanna. Nýta skal þá innviði sem fyrir hendi eru eftir því sem kostur er, svo sem vega- og veitumannvirki.
- Áður en ákvörðun um breytta landnotkun landbúnaðarlands er tekin skal þess gætt að breytt notkun hafi ekki óafturkræf áhrif og grein gerð fyrir áhrifum breytingarinnar á landbúnaðarframleiðslu og mögulegum mótvægisáðgerðum, m.a. um hvar megi rækta eða beita í staðinn. Sveitarstjórn þarf að horfa til 5. gr. jarðalaga, a- og b-lið við ákvarðanatöku.
- Gert er ráð fyrir að úrvinnsla á landbúnaðarafurðum geti farið fram á býlum og að mannvirki því tengd rúmist innan skilgreiningar landbúnaðarsvæða. Þetta á við um heimasláturhús og sölu- eða veitingahús þar sem vara af býlinu er seld milliliðalaust.
- Tengsl landbúnaðar, ferðaþjónustu og menningarstarfsemi verði styrkt.
- Merkingar á lögbýlum, eyðibýlum og söguslóðum innan sveitarfélagsins verði bættar.
- Hefðbundin hlunnindanýting verði tryggð.
- Vargi og meindýrum, s.s. mink og ref, verði haldið í skefjum.
- Landeigendur verði hvattir til að stunda æðarrækt með markvissum hætti.
- Um land jarða og lögbýla á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 og ábúðarlaga nr. 80/2004.
- Áður en ákvörðun er tekin um breytta nýtingu á hefðbundnu landbúnaðarlandi skal meta virði svæðisins m.t.t. ræktunargildis. Þetta á m.a. við þegar fyrir liggur tillaga um að nýta svæði undir skógrækt eða breytta landnotkun á landbúnaðarsvæðum, t.d. í frístundabyggð.

4.2.6.1 BYGGINGAR Á LANDBÚNAÐARSVÆÐUM

Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri. Landbúnaðarsvæði eru skilgreind upp í 300 m hæð en byggingar tengdar búrekstri eru ekki heimilar ofar 300 m og þar gilda ákvæði um óbyggð svæði.

Heimilt er að afmarka lóðir og reisa allt að þrjú íbúðarhús þar sem aðstæður leyfa á L1-L4, en leitast skal við að beina þeim frekar á L3 og L4. Þá er heimilt að byggja allt að 3 frístundahús á lögbýlum þar sem aðstæður leyfa, þ.m.t., auk aðstöðu fyrir umfangsminni ferðaþjónustu (sjá kafla 4.2.6.2) og léttan iðnað, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Slíkt er alltaf háð deiliskipulagi. Ný íbúðarhús skulu nýta sömu heimreið og innviði og lögbýlið og vera í tengslum og samhengi við aðra byggð. Markmiðið er að tengingum við þjóðveg fjölgi ekki, að þjónusta við ný hús tengist þeirri þjónustu og innviðum sem þegar eru til staðar og að nýjum húsum verði komið fyrir í samræmi við byggingarhefðir og yfirbragð sveitarinnar. Forðast skal stök hús á víðavangi. Um land jarða og lögbýla á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 og ábúðarlaga nr. 80/2004.

4.2.6.2 FERÐAÞJÓNUSTA Á LANDBÚNAÐARSVÆÐUM

Aðalskipulagið miðar að því að gera bændum kleift að skjóta styrkari stoðum undir rekstur búa sinna með því að stofna til annars konar reksturs á bújörðum sínum í bland við landbúnað, reksturs sem samræmist landbúnaði vel og gengur ekki á gott landbúnaðarland (í flokki L1 og L2). Heimilt er að veita minni háttar almenna ferðaþjónustu á landbúnaðarsvæðum án þess að skilgreina þurfi verslunar- og þjónustusvæði, s.s. „ferðaþjónustu bænda“, gistingu fyrir allt að 10 manns, verslun með afurðir af býlum og greiðasölu. Markmiðið er að gefa kost á nýtingu þess húsakosts sem fyrir er á viðkomandi bæjum fyrir almenna ferðaþjónustu með minni háttar viðbótum og breytingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Heimilt verður, þar sem aðstæður leyfa að hafa sérhæfðar byggingar fyrir ferðaþjónustu, þ.e. aðstöðu fyrir gistingu og veitingarekstur, svo fremi sem heildarstærð þeirra fari ekki yfir 1500 m². Umfangsmeiri rekstur sem krefst stærri bygginga verður einungis heimilaður á svæðum sem skilgreind eru fyrir verslun og þjónustu í aðalskipulagi.



Mynd 29. Úr Staðarrétt í Steingrímsfirði. Ljósmynd, Jón Jónsson.

4.2.6.3 STAKAR FRAMKVÆMDIR Á LANDBÚNAÐARSVÆÐUM L1-L4

Í grein 4.3.1 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, er fjallað um „Hvernig farið skuli með stakar skipulagsskyldar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir, enda sé um að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfið. Hér er átt við smávirkjanir [að 200 kW], litlar spennistöðvar, minni háttar mannvirki, stök fjarskiptamöstur, stakar vindmyllur o.þ.h. Þetta getur einnig átt við um stök frístundahús, stök íbúðarhús og aðra mannvirkjagerð á landbúnaðarsvæðum án tengsla við búrekstur. Stefna um hvar eða við hvaða aðstæður framangreind mannvirkjagerð er heimil eða óheimil og aðrar skipulagsforsendur fyrir gerð deiliskipulags eða veitingu leyfa til framkvæmda.“

Gert er ráð fyrir að skoðað verði í hverju tilfelli fyrir sig hvort og þá hvar eftirfarandi stakar framkvæmdir verða heimilaðar. Áfram verður gerð krafa um deiliskipulag eða eftir atvikum grenndarkynningu, framkvæmdaleyfi og/eða byggingarleyfi. Einnig geta framkvæmdir í flokki B verið tilkynningarskyldar, sbr. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum skal þess gætt að framkvæmdir verði ekki staðsettar nær takmarkandi þáttum en tilgreint er í töflu 12. Um fjarlægðir vegna skógræktar er fjallað í kafla 4.2.7 um skógræktar- og landgræðslusvæði.

Eftirtaldar framkvæmdir eru heimildar á landbúnaðarsvæðum L1-L4:

- **Virkjanir.** Ekki þarf að gera grein fyrir virkjunum undir 200 kW í aðalskipulagi ætluðum til einkanota og eru þær því ekki sýndar á aðalskipulagsuppdraetti. Virkjun getur verið sólarsellur, vindmylla (allt að 25

m há með spaða í hæstu stöðu) eða vatnsaflsvirkjun, ásamt því sem nýtingu fylgir s.s. stífla, miðlunarlón, lagnir, vegslóðar og allt að 20 m² stöðvarhús. Allar framkvæmdir vegna virkjana eru háðar leyfisveitingu sveitarfélagsins og skal sýnt að virkjun og tengdar framkvæmdir hafi ekki neikvæð umhverfisáhrif. Smávirkjanir sem hafa uppsett afl undir 200 kW kunna þó einnig að vera tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar ef þeim fylgja framkvæmdir sem geta fallið undir aðra liði í viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Bygging nýrra virkjana 200 kW eða stærri krefst breytinga á aðalskipulagi enda kunna þær að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og eru tilkynningarskyldar samkvæmt flokki B í viðauka við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, liður 3.15.

- **Fjarskipti og orkuflutningur.** Mannvirki í smáum stíl fyrir fjarskipti og orkuflutning, s.s. spennistöðvar og fjarskiptastöðvar, eru heimil á landbúnaðarsvæðum.
- **Jarðhiti og vatnsból.** Heimilt er að nýta jarðhita og vatnsból til eigin nota þar sem það er mögulegt, t.d. til upphitunar húsa, ferðaþjónustu eða almenns búreksturs.
- **Minniháttar fiskeldisstöðvar** eru heimilar á landbúnaðarsvæðum að teknu tilliti til umhverfisáhrifa og stefnu um umhverfisvernd ef ársframleiðsla er innan við 20 tonn og fráveita í ferskvatn, eða ársframleiðsla er innan við 200 tonn og fráveita til sjávar. Stærðarmörkin taka mið af því að fiskeldi fyrir ofan framangreind mörk er skylt að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.
- Þegar um er að ræða sjálfstæðan atvinnurekstur óháðan búrekstri á viðkomandi jörð, t.d. þegar hluti jarðar/spildna er keypt eingöngu í þeim tilgangi að hefja þar fiskeldi, skal fiskeldi þó vera á skilgreindu iðnaðarsvæði.
- **Hefðbundin hlunnindanýting.** Gert er ráð fyrir því að heimild landeigenda til hefðbundinnar hlunnindanýtingar verði óbreytt, s.s. æðarvarp, fiskveiði og eggjataka.
- **Upplýsinga- og þjónustusvæði.** Heimilt er að byggja upp áningarstaði við megin ferðaleiðir s.s. vegi, göngu- og reiðleiðir og á áhugaverðum útsýnisstöðum, að því gefnu að ekki sé um nýjar tengingar við þjóðveg að ræða. Heimilt er að reisa upplýsingaskilti sem fer vel í umhverfi sínu, áningarhólf fyrir hesta og byggja allt að 35 m² aðstöðuhús fyrir snyrtiaðstöðu og/eða aðstöðu fyrir eftirlitsaðila, sem skal sömuleiðis fara vel í umhverfi sínu.
- **Tjaldsvæði.** Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að reka minni tjaldsvæði (allt að 0,3 ha), þar sem í boði er salernisaðstaða og kalt/heitt vatn. Stærri tjaldsvæði með umfangsmeiri þjónustu skulu rekin í þéttbýlinu eða á skilgreindum afþreyingar- og ferðaþjónustusvæðum.
- **Réttir.** Samkvæmt fjallaskilareglugerð fyrir Strandasýslu skal sveitarfélagið sjá um byggingu og viðhald lögrétta og sundurdráttarréttar. Í Strandabyggð eru sex lögréttir taldar upp í fjallaskilareglugerð; þær eru Krossárrétt, Kollafjarðarrétt, Kirkjubólslétt, Skeljavíkurrétt, Staðardalslétt og Sundurdráttarrétt við Högnavatn.



Mynd 30. Fjörubeit á Ströndum. Mynd: Jón Jónsson.



Tafla 13. Takmarkandi þættir framkvæmda á landbúnaðarsvæðum.

Takmarkandi þáttur	Lágmarks-fjarlægð	Skilmálar
Landamerki	50 m	Hafa skal samráð við landeiganda aðliggjandi jarðar vegna hvers kyns framkvæmda innan 50 m frá landamerkjum.
Vötn, ár og sjór	50 m	Engar framkvæmdir nema göngustígar og slóðar.
Friðlýstar fornminjar	100m	Friðlýstum fornleifum skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar rask, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelgu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands, í samræmi við lög nr. 80/2012 um menningarminjar.
Fornminjar	15m	Friðhelgað svæði umhverfis fornleifar sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið, skv. lögum um menningarminjar nr. 80 / 2012. Þar sem fornminjar eru hluti af stærri heild eða menningarlandslagi skal fjarlægð aukin þannig að heildarásýnd eða verndargildi spillist ekki.
Veitulagnir	1 m	Ekki skógrækt.
Stofn- og tengivegir	100 m	Ekki skógrækt á 30 m breiðu svæði frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega, sbr. vegalög nr. 80 / 2007. Þar sem líkur er á snjósofnun á veg skal fjarlægðin aukin.

Framkvæmdaraðili skal leggja fram til sveitarstjórnar afstöðumynd eða drög að deiliskipulagi þar sem fyrirhugaðri framkvæmd er lýst, til að hægt sé að taka afstöðu til hvort vinna skuli deiliskipulag eða leggja fram gögn til grenndarkynningar. Í hverju tilfelli verði lagt mat á líkleg áhrif á landslag, verndarsvæði, náttúru, minjar o.fl. Þá þarf að skoða sýnileika fyrirhugaðra mannvirkja og meta mögulega sjón-, hljóð- og lyktarmengun. Meðal annars verður tekið tillit til fjarlægðar frá landamerkjum, öðrum mannvirkjum, sýnileika og áhrifa á náttúru og landslag. Leitast skal við að staðsetja stök mannvirki þannig að þau falli vel að landi og skerði ekki víðerni. Í öllum tilfellum skal afla tilskilinnna leyfa, s.s. framkvæmda- eða byggingarleyfis frá sveitarstjórn. Að jafnaði skulu lóðir skilgreindar undir stök mannvirki. Lóðarstærðir skulu taka mið af umfangi mannvirkis og starfsemi og skulu að jafnaði vera undir 1,0 ha að stærð. Þar sem stök mannvirki eru byggð skal ganga vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umhverfi taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi. Ganga skal vel frá lögnum, s.s. frárennsli, tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa og að nægt neysluvatn sé aðgengilegt. Gera þarf grein fyrir frágangi á lóð, aðkomu og byggingum í byggingar- og framkvæmdaleyfisumsókn.

4.2.6.4 FLOKKUN LANDBÚNAÐARLANDS

Litið er á gott landbúnaðarland sem auðlind og taka ákvæði aðalskipulagsins mið af því. Leitast skal við að haga nýtingu góðs landbúnaðarlands í samræmi við meginmarkmið jarðalaga þannig að möguleikar til þess að nýta landið til búvöruframleiðslu í framtíðinni verði ekki skertir. Áður en ákvörðun er tekin um breytta nýtingu á hefðbundnu landbúnaðarlandi skal meta virði svæðisins m.t.t. ræktunargildis. Þetta á m.a. við þegar fyrir liggur tillaga um að nýta svæði undir skógrækt eða breytta landnotkun á landbúnaðarsvæðum, t.d. í frístundabyggð.

Landbúnaðarsvæði í Strandabyggð hafa verið flokkuð í fjóra flokka 1-4, m.t.t. ræktunarhæfni. Út frá niðurstöðu flokkunarinnar er landbúnaðarsvæðum skipt í fjóra flokka í aðalskipulagi; L1, L2, L3 og L4 og settir sér skilmálar fyrir hvern flokk. Um landbúnaðarsvæði gildir jafnframt almenn stefna sem sett er fram hér að ofan.


Tafla 14. Flokkar landbúnaðarlands

I. Flokkur	Mjög gott ræktunarland. Góður móajarðvegur og steinefnaríkar mýrar. Steinefnahluti jarðvegsins að jafnaði fínkornóttur (sendin mylsna) og ekki með grófri mól. Jarðvegsþykkt (dýpt niður á klöpp) a.m.k. 75 cm. Land vel þurrt eða auðvelt að þurrka það. Ekki miklar mishæðir í landinu. Halli innan við 4% (2,29°). Hæð yfir sjó að jafnaði undir 100 m.
II. Flokkur	Gott ræktunarland. Mýrar með miklu af lífrænum efnum, lakari móar og góðir sandar og melar. Steinefnahluti jarðvegsins að jafnaði fínkornóttur og ekki með mjög grófri mól. Jarðvegsþykkt a.m.k. 50 cm. Land vel þurrt eða auðvelt að þurrka það. Ekki mjög miklar mishæðir í landinu. Halli innan við 8% (4,57°). Hæð yfir sjó að jafnaði undir 200 m. Djúpur grasmói sem færi í I. flokk ef halli og þurrkstig er í lagi.
III. Flokkur	Sæmilegt ræktunarland. Lakari mýrar, móar, melar og sandar. Steinefnahluti jarðvegsins ekki grófari en svo að hægt sé að vinna hann án vandræða. Jarðvegsþykkt a.m.k. 25 cm. Þurrkunarskilyrði sæmileg. Mishæðir ekki meiri en svo að þær hamli notkun landbúnaðartækja. Halli innan við 12% (6,84°). Hæð yfir sjó að jafnaði undir 300 m.
IV. Flokkur	Lélegt ræktunarland. Í þennan flokk fellur land neðan 300 m sem ekki uppfyllir skilyrði hinna flokkanna þriggja. Þetta land hentar ekki til akuryrkju en getur hentað vel til beitar, skógræktar eða fyrir tún.

Með hliðsjón af flokkun landbúnaðarlands eftir gæðum ræktarlands, sbr. töflu 15 er landbúnaðarsvæðum skipt upp í 4 flokka (L1, L2, L3 og L4) með mismunandi áherslum og landnotkunarákvæðum.

Tafla 15. Yfirlit yfir landbúnaðarland (L) ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing svæðis	Skipulagsákvæði	Stærð (ha)
L1	Mjög gott ræktunarland	Mjög gott landbúnaðarland undir 100 m.y.s.	Ekki er heimilt að rjúfa heildstæð svæði þar sem ræktað land liggur saman og eru ekki endilega innan sömu jarðar á mjög góðu landbúnaðarlandi með mannvirkjum eða samfelldri skógrækt. Er þetta gert vegna hagvæmissjónarmiða Byggja skal í tengslum við núverandi bæjartorfur en í einhverjum tilfellum getur mannvirkjagerð verið heimil í jaðri svæða. Afturkræfar framkvæmdir eru heimilaðar, s.s. íþróttasvæði, tjaldsvæði, golfvelli o.fl. þar sem ekki er um varanleg mannvirki að ræða. Það verður skoðað í hverju tilfelli fyrir sig m.t.t. líklegra áhrifa á nýtingu lands til matvælaframleiðslu. Framkvæmdir í almannabágu s.s. veitur og vegagerð er heimil. Heimilt er að planta skjólbeltum og trjálundum, m.a. við bæjartorfur og akra.	2267
L2	Gott ræktunarland	Land ágætt til akuryrkju.	Heimilt er að byggja upp til fastrar búsetu, landbúnaðarstarfsemi og minniháttar atvinnustarfsemi.	1755
L3	Sæmilegt ræktunarland	Annað landbúnaðarland sem síður hentar til jarðræktar vegna misjafnra landgerða. Getur þó hentað til beitar. Landbúnaðarstarfsemi er víkjandi, ef nýta þarf land til annars. Svæðið hentar oft vel til landgræðslu og skógræktar, frístunda- og útiveru og til landbúnaðar, þó halli o.fl. geti takmarkað ræktunarmöguleika.	Heimilt er að byggja upp landspildur til fastrar búsetu, eða annarrar starfsemi, sbr. almenn ákv. um landbúnaðarland.	2274
L4	Lélegt ræktunarland	Land í þessum flokki er beitarland sem er lítið byggt land.		60543
Samtals:				66839



Mynd 32. Flokkun landbúnaðarlands í Strandabyggð.

4.2.7 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu.

MARKMIÐ OG SKILMÁLAR:

- Skógrækt verði heimil á hentugum svæðum í sveitarfélaginu og leitast við að efla skógrækt og skjólbeltarækt, m.t.t. loftslagsmála, landbóta, atvinnusköpunar, útivistar og skjólmyndunar. Einkum verði horft til landbúnaðarlands í flokki L3 og L4, rýrs lands sem hentar illa til annarrar nýtingar, s.s. ræktunar eða sem byggingarland.
- Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúruminjasrá, svæða sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum nr. 60/2013 og fornminja skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.
- Gott landbúnaðarland er dýrmæt auðlind og leitast skal við að haga skógrækt eða endurheimt votlendis á góðu landbúnaðarlandi í samræmi við meginmarkmið jarðalaga þannig að möguleikar til þess að nýta landið til búvöruframleiðslu í framtíðinni verði ekki skertir. Skógrækt verði beint á landbúnaðarland í flokki L3 og L4 og ef svæði undir skógrækt er stærra en 1,5 ha þarf að afmarka það sem skógræktarsvæði.
- Á góðu landbúnaðarlandi (í flokki L1 og L2) er fyrst og fremst miðað við að stunda skógrækt og skjólbeltarækt til að skýla búpeningi og ræktun og skulu skjólbelti ekki vera breiðari en 15 m.
- Við skógrækt og stígagerð skal tekið tillit til verndarsvæða, s.s. náttúruverndar, vatnsverndar og menningarminja, og haft samráð við minjavörð um skráningu þeirra.
- Á svæðum sem hafa sérkenni vegna náttúrufars, auðlinda, útivistargildis, fornleifa eða menningarminja verði uppgræðsla, endurheimt votlendis og skógrækt takmörkuð eða óheimil.
- Þess skal gætt að skógrækt hafi ekki neikvæð áhrif á náttúrulega birkiskóga, önnur náttúruleg gæði, s.s. náttúrulegt gróðurfar og búsvæði, útsýni, aðgengi að útivistarsvæðum og berjalöndum eða aðrar atvinnugreinar.
- Skógrækt skal ekki takmarka gönguleiðir og annað aðgengi að ströndum, ám, vötnum, fossum og öðrum náttúruperlum og huga skal að samspili skógar, lands og vatns.
- Varðveita skal náttúrulega birkiskóga vegna verndar- og útivistargildis þeirra. Þeim skal hlífa en uppbygging í náttúrulegu skóglendi og á skógræktarsvæðum skal miða við að gæði svæðanna verði ekki skert. Sjá kafla 4.2.7.1 um náttúrulega birkiskóga.
- Trjárækt í jaðri og innan þéttbýlis til skjólmyndunar og fegrunar er heimil og skal lögð áhersla á skóg- og trjárækt á opnum svæðum (OP) og í hlíðum ofan byggðar. Fjölnytjaskógrækt, þar sem m.a. er gert ráð fyrir útivist fyrir almenning, er heimil á opnum svæðum. Plöntuval og útplöntun taki mið af náttúrufari og landslagi.
- Innan skógræktarsvæða eru heimilar framkvæmdir sem þjóna notkun svæðisins sem skógræktarsvæðis og almenns útivistarsvæðis, s.s. gerð stíga, áningarstaða og leiksvæða.
- Huga skal að varnarlinum og brunahólfum þar sem skógur er ræktaður, hann ekki vera of samfelldur og ávallt fleiri en ein flóttaleið í boði. Gera skal viðbragðsáætlun við skógar- og kjarreldum fyrir 2030 og aðgengi að vatni tryggt.
- Skógrækt til kolefnisbindingar skal hagað þannig að íbúar og atvinnulíf njóti góðs af, svo sem með nýjum útivistarsvæðum, skjólmyndun og framboði efniviðar sem til verður.
- Leitað verði eftir auknum ríkisframlögum til skógræktar.
- Við skilgreiningu nýrra skógræktarsvæða skal fylgja viðmiðum um takmarkandi þætti í töflu Tafla 16. Takmarkandi þættir og viðmið um fjarlægðir í skógrækt.
- Tilkynna þarf skógræktaráform á 200 ha svæði eða stærra til Skipulagsstofnunar sbr. 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, slíkar framkvæmdir kalla líka á að þau svæði séu skilgreind sem skógræktarsvæði í aðalskipulagi og skulu þau vera deiliskipulögð.
- Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásjón þess. Gróðursetning fleiri en 35.000 plantna eða í meira en 20 ha er framkvæmdaleyfisskyld. Um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt fer samkvæmt reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

- Þegar framkvæmdaleyfi er gefið út fyrir skógrækt skal gengið úr skugga um að skógræktargirðingar hindri ekki lögbundin fjallskil.

Tafla 16. Takmarkandi þættir og viðmið um fjarlægðir í skógrækt.

Takmarkandi þáttur	Lágmarksfjarlægð	Ákvæði
Landamerki	50 m	Á þessu svæði skal landeigandi hafa samráð við landeiganda aðliggjandi jarðar vegna skógræktar.
Vötn, ár og sjór	50 m	Engin skógrækt.
Fornminjar	15 m	Engin skógrækt, skv. lögum um menningarminjar nr. 80 / 2012. Þar sem fornminjar eru hluti af stærri heild eða menningarlandslagi skal fjarlægð aukin þannig að heildarásýnd eða verndargildi spillist ekki.
Friðlýstar fornleifar	100 m	Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilár án leyfis Minjastofnunar Íslands, í samræmi við lög nr. 80/2012 um menningarminjar.
Verndarsvæði	? m	Fuglavarþ, vistgerðir með hátt verndargildi, fágætar tegundir.
Veitulagnir	25 m	Engin skógrækt, sbr. kafla um veitur.
Stofn- og tengivegir	30/15 m	Engin skógrækt á 30m breiðu svæði frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Þar sem líkur er á snjósöfnun á veg skal fjarlægðin aukin.

Landgræðsla og skógrækt á landbúnaðarsvæðum

Skógræktaráætlanir fyrir einstakar jarðir verða unnar samkvæmt þeim kröfum sem Land og skógur gerir á hverjum tíma og við gerð skógræktaráætlana fyrir einstakar jarðir skal leitast við að tryggja fjölbreytni trjátegunda og að tillit sé tekið til sem flestra umhverfisþátta og almennra skilmála um skógræktar- og landgræðslusvæði. Samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 eru skógræktaráætlanir sem taka yfir 200 ha eða stærra svæðis tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar matsskyldu framkvæmdanna. Þá er varanleg skógareyðing sem tekur til 0,5 ha svæðis eða stærra einning tilkynningarskyld, sem og framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til 20 ha svæðis eða stærra. Gróðursetning fleiri en 35.000 plantna eða í meira en 20 ha er framkvæmdaleyfisskyld.


Þar sem stunduð er skógrækt skal þess gætt að farið sé eftir 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, en þar segir: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.“

Tafla 17. Yfirlit yfir skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing svæðis	Skipulagsákvæði	Stærð (ha)
SL1	Gróðurreitir á Hólmavík	Trjáreitir ofan byggðar.	Hlúa skal áfram að reitnum.	1.7
SL2	Kálfanes	Landgræðsluskógar í umsjón Skógræktarfélagis Strandasýslu.		4.2
SL3	Skeljavík	Skógrækt.	Unnið verði áfram að skógrækt á svæðinu en að þess verði gætt að skógrækt fari ekki nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 20 m. Vinna skal að uppsetningu fræðsluskiltis um bæjarrústirnar.	7.1
SL4	Víðidalsá	Skógrækt samkvæmt samningi við Land og skóg.		184.5
SL5	Húsavík	Skógrækt og skjólbeltaræktun samkvæmt samningi við Land og skóg.		4.2



SL6	Klúkumelar	Svæði fyrir skógrækt og útivist í eigu Skógræktarfélags Strandasýslu.		2.3
SL7	Kollafjarðarnes	Skógrækt samkvæmt samningi við Land og skóg.		55.3
SL8	Litla Fjarðarhorn og Hlíð	Áform um 3-500 ha skógrækt. Allt land fyrir ofan þjóðveg er áætlað undir skógrækt.		567.8
SL9	Steinadalur	Skógrækt samkvæmt samningi við Land og skóg.		88.7
SL10	Fell	Skógrækt.		43
SL11	Fell í Kollafirði	Áform um skógrækt í landi Fells í Kollafirði, svæði sem fellur að öðru svæði á Felli.	Skógræktin nær að 300 m.y.s. en landgræðslusvæðið ofar.	159.9
SL12	Stóra Fjarðarhorn	Fyrirhuguð beitarskógrækt á einkalandi.		119
SL13	Broddanes 1 og 2	Skógræktaráform í Selflóa. Er afgirt tún en hefur ekki verið notað sem slíkt. Framræst votlendi á jörðinni sem mætti endurheimta.		15
SL14	Gröf	Skógrækt og skjólbeltaræktun samkvæmt samningi.		108
SL15	Ármúli	Fjölnytjaskógrækt og skjólbelti samkvæmt samning við Land og skóg.		76
SL16	Melgraseyri	Fjölnytjaskógrækt og skjólbelti samkvæmt samning við Land og skóg.		22
SL17	Hafnardalur	Fjölnytjaskógrækt og skjólbelti samkvæmt samning við Land og skóg.		27
SL18	Lágidalur	Skógrækt.		100
SL19	Laugaból	Núverandi skógræktarsvæði í Laugabólsdal.		14.8
Samtals:				1650



Mynd 33. Skógræktar- og landgræðslusvæði.

4.2.7.1 NÁTTÚRULEGIR BIRKISKÓGAR

Birkiskógar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið náttúruverndarlaga en þar segir að sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem m.a. eru gömul tré, skuli njóta sérstakrar verndar. Samkvæmt upplýsingum frá Land og skóg (2024) mælist flatarmál náttúrulegu birkiskóganna í Strandabyggð 7340 ha og ræktaðs skóglendis 350 ha. Skóglendi þekur þannig 7690 ha eða um 4 % af flatarmáli sveitarfélagsins alls.

MARKMIÐ OG SKILMÁLAR:

- Að lögð verði áhersla á að vernda og endurheimta náttúrulega birkiskóga, og náttúruleg útbreiðsla þeirra gerð möguleg.
- Að tryggt verði að náttúrulegir birkiskógar verði endurheimtir ef önnur nýting er fyrirhuguð á svæðinu.
- Að aðrar trjategundir verði ekki gróðursettar í náttúrulega birkiskóga.
- Að almenningur hafi aðgang að birkiskóglendi og sé upplýstur um verðmætin sem í birkiskóglendi felast.

4.2.7.2 UPPGRÆÐSLA OG ENDURHEIMT VOTLENDIS

Áhersla er lögð á að móta stefnu fyrir sveitarfélagið í náttúruvernd og loftslagsmálum, greina tækifæri sem ekki er verið að nýta og mögulega forgangsörðun verkefna. Horft verði til alþjóðlegra skuldbindinga, s.s. Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Uppgræðsla lands á verndarsvæðum kann að vera háð umhverfismati skv. lögum 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

4.2.8 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómengduð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.

MARKMIÐ OG SKILMÁLAR:

- Efnistaka og -losun er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar og þar skal kveðið á um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni. Samkvæmt 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 skal það gefið út á grundvelli deiliskipulags. Þó er heimilt að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags ef þar er gerð grein fyrir framkvæmdinni og fjallað um umfang, frágang, áhrif námunnar á umhverfið og annað það sem við á. Eiganda eða umráðamanni eignarlands er þó heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota allt að 500 m³, nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr náttúruverndarlaga.
- Efnislosunarstaðir eru háðir starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, sem setur starfseminni skilyrði og hefur eftirlit með henni.
- Öll efnistaka á landi, úr botni vatnsfalla og stöðuvatna og úr hafsbótnei innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. skipulagslögum nr. 123/2010, nýtingarleyfi skv. lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Námur sem eru stærri en 2,5 ha eða ráðgert er að taka meira en 50.000 m³ falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2020 og eru ávallt háðar umhverfismati. Vinna þarf deiliskipulag fyrir slíkar námur.
- Samkvæmt 16. gr. 4. mgr. Skipulagslaga nr. 123/2010 skal efnistökusvæði ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en þrjú ár. Sveitarstjórn getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði séu sérstakar ástæður fyrir tímabundinni vinnslustöðvun. Eldri námum sem ekki eru í notkun og ekki eru sýndar á aðalskipulaginu verði lokað þannig að þær falli sem best að umhverfi og náttúruleg gæði og ásýnd verði endurheimt.




- Neikvæðum áhrifum af efnistöku skal haldið í lágmarki, svæði felld vel að umhverfi sínu og staðargróður nýttur til uppgræðslu að efnistöku lokinni. Við frágang efnistökusvæða skal leitast við að afmá ummerki efnistökkunnar og fella það á eins náttúrulegan hátt að aðliggjandi landi og unnt er.
- Efnistaka úr vatnshlotum má ekki valda því að ástand vatnshlota rýrni samkvæmt vatnaáætlun.

Tafla 18. Yfirlit yfir efnistöku- og efnislosunarsvæði (E) ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti (Jörð)	Lýsing	Skipulagsákvæði	Efnismagn (m ³)	Stærð (ha)
E1	Víðidalsá	Set- og grjótnáma.		10.000	0.5
E2	Hnitbjörg/Stekkjarhöfði (Víðidalsá)	Set- og storkubergsnáma. Tvískipt náma.		40.000	1
E3	Húsavík	Setnáma.		5.000	0.1
E4	Hærri Kleif (Heiðarbær)	Storkubergsnáma.		20.000	0.4
E5	Heiðarbær	Setnáma við sjávar kamb.		5.000	0.5
E6	Miðdalsá	Setnáma.		5.000	0.2
E7	Naustavík (Heydalsá)	Setnáma.		5.000	0.2
E8	Smáhamraháls (Smáhamrar 1)	Set- og storkubergsnáma.		40.000	1
E9	Þröskuldur	Storkubergsnáma.		15.000	1
E10	Ljufustaðir	Náma.		10.000	0.5
E11	Fellsá (Litla-Fjarðarhorn)	Setnáma.		5.000	0.5
E12	Ennisháls (Skriðnesenni)	Ennisháls við Gvendarflóa, setnáma.		5.000	0.5
E13	Djúpagróf (Hvítárhlið)	Setnáma.		40.000	1
E14	Gröf	Setnáma.		10.000	0.5
E15	Múlaendi (Óspakseyri)	Storkubergsnáma.		25.000	0.5
E16	Slitur (Þambárvellir)	Setnáma.		15.000	0.3
E17	Melgraseyri	Setnáma.		10.000	0.5
E18	Hallsstaðir	Setnáma.		10.000	0.5
E19	Hafnardalur (Nauteyri)	Setnáma.		10.000	0.5
E20	Langidalur	Setnáma.		10.000	0.5
E21	Grafarháls (Gröf)	Storkubergsnáma.		10.000	0.2
E22	Gjörvidalsá (Gervidalur)	Setnáma.		10.000	0.5
E23	Hólmavað (Bakkasel)	Við Hólmavað-Þorskafjarðarheiði, setnáma.		10.000	0.5
E24	Sóleyjardalur (Bakkasel)	Ofan Sóleyjardals, setnáma.		10.000	0.5
E25	Sunnan Svartagilsvatnslóns	Haugsetning/landmótun.	Unnin verður frágangsáætlun vegna efnistöku, haugssvæða og vinnubúða í samráði við landslagsarkitekta.	55.000	3
E26	Vestan við inntakslón Efri-Kotvatnalón	Haugsetning/landmótun.	Unnin verður frágangsáætlun vegna efnistöku, haugssvæða og vinnubúða í samráði við landslagsarkitekta.	40.000	3
E27	Austan við inntakslón Efri Kotvatnalón	Haugsetning/landmótun.	Unnin verður frágangsáætlun vegna efnistöku, haugssvæða	85.000	3



			og vinnubúða í samráði við landslagsarkitekta.		
E28	Neðan við stöðvarhús Svartagilsvatnsvirkjunar	Þéttiefni í stíflur.	Forðast verður að raska jarðvegi og gróðri utan skilgreinds framkvæmdarsvæði. Landmótun verður með þeim hætti að röskuð svæði falli sem best að aðliggjandi landi sem auðveldi uppgræðslu og dragi úr hættu á rofi. Unnin verður frágangsaætlun vegna efnistöku, haugssvæða og vinnubúða í samráði við landslagsarkitekta.	100.000	3
E29	Norðan stöðvarhúss	Haugsetning/ landmótun.	Forðast verður að raska jarðvegi og gróðri utan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Landmótun verður með þeim hætti að röskuð svæði falli sem best að aðliggjandi landi sem auðveldi uppgræðslu og dragi úr hættu á rofi. Unnin verður frágangsaætlun vegna efnistöku, haugssvæða og vinnubúða í samráði við landslagsarkitekta.	10.000	3
E30	Þjóðbrókarnáma	Sitthvoru megin við kvíslina sem rennur um Þjóðbrókargil. Síuefni í stíflur, fylliefni meðfram pópum og í vegagerð.	Forðast verður að raska jarðvegi og gróðri utan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Landmótun verður með þeim hætti að röskuð svæði falli sem best að aðliggjandi landi sem auðveldi uppgræðslu og dragi úr hættu á rofi. Unnin verður frágangsaætlun vegna efnistöku, haugssvæða og vinnubúða í samráði við landslagsarkitekta.	175.000	12
E31	Selárdalur (Grænanes)	Setnáma.		25.000	1
E32	Byrgisholt (Staður)	Setnáma.	Ísaldarmelur, efni sem á m.a. að nota í Kvíslartunguvirkjun. Efnistakan skal ekki raska 100 m helgunarsvæði friðlýstrar Minjar MV1.	10.000	0.5
Samtals:					29



Mynd 34. Efnistöku- og efnislosunarsvæði.

4.3 INNVIÐIR - SAMGÖNGUR OG VEITUR

Markmið

Innviðir samfélagsins, svo sem hitaveita, háhraðanet, aðgengi að orku og öruggar og áreiðanlegar samgöngur, standist kröfur nútímans og skapi skilyrði fyrir fjölbreytt atvinnulíf og vöxt samfélagsins.

Allir vegfarendur komist leiðar sinnar á öruggan máta.

Innviðir og aðlaðandi umhverfi hvetji til notkunar vistvænna samgöngumáta og neikvæðum umhverfisáhrifum umferðar haldið í lágmarki.

4.3.1 Vegir, götur og stígar (VE)

Vegir, götur og stígar (VE)

Vegir, götur, helstu göngu-, reið- og hjólastígar og tengd mannvirki þ.m.t. mislæg gatnamót, undirgöng og göngubrýr og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegir utan þéttbýlis.

Greiðar og öruggar samgöngur

Ein af grunnforsendum búsetu og blómlegs atvinnulífs og þjónustu á landsbyggðinni eru greiðar og öruggar samgöngur árið um kring. Meginmarkmið samgönguáætlunar eru að samgöngur séu greiðar, hagkvæmar, öruggar, umhverfislega sjálfbærar og að þær stuðli að jákvæðri byggðaþróun. Vinnusóknarsvæði Strandabyggðar er að mestu leyti innan sveitarfélagsins en nær þó einnig til nágrannasveitarfélaga. Greiðar og öruggar vegasamgöngur eru gríðarlega mikilvægar fyrir þann hóp sem sækir vinnu og þjónustu um langan veg og eru forsenda búsetu í dreifbýli og þess að ferðamennska geti vaxið og dafnað í sveitarfélaginu og orðið ein af undirstöðu atvinnugreinum þess.

Hönnun gatna og göturýma

Götur innan þéttbýlis og umhverfi þeirra eru mikilvæg almenningssými. Góð gatnahönnun getur hvatt til notkunar ákveðinna samgöngumáta, eflt umferðaröryggi og skapað gæða almenningssými sem bæta bæjarbrag og lífsgæði íbúa. Hanna þarf götur með tilliti til hlutverks þeirra og staðsetningar. Í húsagötum, miðbæjargötum og annars staðar þar sem búast má við umferð gangandi og hjólandi vegfarenda og börnum á ferð er nauðsynlegt að umgjörð gatna dragi úr umferðarhraða og stuðli að öryggi allra vegfarenda. Miðbæjargötur eru fyrir bíla en þær eru einnig almenningssými þar sem fólk gengur um, staldrar við og sækir þjónustu. Hæfilega breidd akreina og gangstétta, yfirborðsfrágang, skipulag bílastæða og gróðurs þarf að útfæra með tilliti til markmiða um öryggi allra vegfarenda og ferðamáta og aðlaðandi bæjarumhverfi.



Mynd 35. Yfirborð vega í Strandabyggð 2023. Grátt: bundið slitlag, brúnt: malarvegur.

Eins og oft einkennir gamla bæjarhluta er göturýmið í gamla bænum á Hólmavík víða þröngt, en lágreist og þétt byggð er jafnan skjólgóð og gönguvæn í eðli sínu. Við Hafnarbraut og Kópnesbraut innan þessa elsta hluta bæjarins standa mörg gömul og falleg hús með fjölbreyttri þjónustu fyrir íbúa og gesti. Tækifæri eru til að bæta göturými í gamla bænum og gera þau öruggari fyrir gangandi vegfarendur, meira aðlaðandi og vistlegri með heildarhönnun gatna, gangstétta, yfirborðsefna og gróðurs. Gangstéttar eru víða mjög þröngar og illa farnar og jafnvel endaslepptar og þrep við húsdýr taka yfir hluta þeirra. Gangstéttar þurfa að vera nægilega breiðar til að auðvelt sé að fara um þær í hjólastól og með barnavagn og mæta öðrum vegfarendum. Draga má úr umferðarhraða með ýmsum aðgerðum og hönnunarlausnum. Unnið verði deiliskipulagi fyrir þennan hluta á grundvelli tillögu að verndarsvæði í byggð.

Um skilgreiningar vega og helgunarsvæða vega er fjallað í vegalögum nr. 80/2007. Nýbygging og/eða breyting á eldri samgöngumannvirkjum er í mörgum tilvikum háð mati á umhverfisáhrifum og er vísað til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Götur í þéttbýli flokkast í stofnbrautir, tengibrautir, safngötur og húsagötur.

MARKMIÐ OG SKILMÁLAR:

- Öryggi allra vegfaranda verði tryggt og sérstaklega hugað að endurbótum og uppbyggingu innviða gangandi og hjólandi vegfarenda.
- Öruggt og aðgengilegt göngu- og hjólastígakerfi verði byggt upp á Hólmavík sem nær til allra helstu stofnana- og þjónustusvæða, íbúðarsvæða, opinna svæða og íþróttasvæða.
- Vegir á Hólmavík ásamt stofn- og tengivegum verði lagaðir og lagðir bundnu slitlagi.
- Leitað verði hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og samtengingu byggðar.
- Stuðlað verði að notkun sjálfbærra samgöngutækja, s.s. með betri og tíðari almenningssamgöngum og bættum innviðum fyrir rafvæðingu samganga og virka ferðamáta.
- Við deiliskipulag svæða utan þéttbýlis skal ekki byggt nær stofnvegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m.

Viðmið í vegasamgöngum		
Stærð	Gildi	Tilvísun
Veghelgunarsvæði stofnvega	30 m til beggja hliða frá miðlínu	Vegalög nr. 80/2007.
Veghelgunarsvæði tengivega	15 m til beggja hliða frá miðlínu	Vegalög nr. 80/2007.
Veghelgunarsvæði gatnamóta	Beinar línur milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti	Vegalög nr. 80/2007.
Mesta hljóðstig utan við húsvegg á jarðhæð og utan við opnanlega glugga	33-55 dB	Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða og Reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir nr. 1000/2005.

Vegasamgöngur og tenging við nágrennabyggðalög er þökkaleg. Innstrandavegur (68) tengir Strandabyggð við Hringveginn (1). Á þeim vegi eru 13 einbreiðar brýr og hluti malarvegur. Vegurinn liggur um Kollafjörð, Ennisháls, Bitrufjörð og yfir Stikuháls og svo inn með Hrútafirði vestanverðum. Steinadalsheiði (690) sem er sumarvegur, liggur milli Kollafjarðar og í botn Gilsfjarðar í Reykhólasveit. Djúpvegur (61) tengir Strandabyggð við norðanverða Vestfirði suður til Reykhólasveitar og Dalabyggðar. Má segja að hann sé aðalvegur til Reykjavíkur. Hann liggur um Þröskulda og Arnkötludal og áfram um Steingrímsfjarðarheiði yfir í Ísafjarðardjúp. Sumarvegur er um Þorskafjarðaheiði (608) niður í botn Þorskafjarðar. Af Djúpvegi er vegtenging í botni Steingrímsfjarðar við Strandaveg (643) sem tengir Strandabyggð við Drangnes, Bjarnarfjörð og í Árneshrepp. Einnig er vegtenging í botni Ísafjarðardjúps á Snæfjallastrandarveg (635). Sá vegur liggur út Langadalströnd og að Kaldalóni og áfram að Tyrðilmýri.

Af Djúpvegi (61) er vegur um Kollafjarðarheiði (F66) sem tengir Ísafjarðardjúp við Vestfjarðarveg (60). Sá vegur er aðeins jeppafær yfir sumarið.

4.3.1.1 STOFNVEGIR (VE-SV)

Þjóðvegir flokkast í stofnvegi, tengivegi, stofnvegi hálendisins og landsvegi. Héraðsvegir (safnvegir) og einkavegum er ekki gerð sérstök skil í aðalskipulagi, en þeir eru sýndir til skýringar á skipulags-uppdrætti. Stofnvegir í Strandabyggð eru Djúpvegur, Hólmavíkurvegur og Innanstrandavegur. Djúpvegur (61) liggur um sveitarfélagið og í útjaðri Hólmavíkur og í raun í gegnum bæinn sé Skeljavíkur hluti hans tekinn með. Djúpvegur er lagður bundnu slitlagi. Hólmavíkurvegur (67) telst einnig stofnvegur, en hann liggur af Djúpvegi og inn í bæinn eins og kunnugt er. Hólmavíkurvegur er einungis 1.63 km á lengd og nær að sýslumannshúsinu en þar tekur við Hafnarbraut. Hólmavíkurvegur er lagður bundnu slitlagi. Innanstrandavegur, frá Hringvegi við Hrútafjarðará liggur vegurinn norður Strandir að Hrófá. Veghaldari stofnvega er Vegagerðin.

Í gildandi aðgerðaáætlun samgönguáætlunar 2020-2034 er ein framkvæmd á 1. tímabili samgönguáætlunar (2020-2024) í sveitarfélaginu, endurnýjun stálþils í Hólmavíkurhöfn, og önnur á 2. tímabili (2025-2029): 5 km kafli á Innanstrandavegi nr. 68, á milli Heydalsár og Porpa.

Tafla 19. Yfirlit yfir stofnvegi (SV) ásamt skilmálum.

Nr.	Vegnr.	Heiti	Lýsing
SV1	61	Djúpvegur	Frá Vestfjarðavegi í Reykhólahreppi (60) um Arnkötludal að Hrófá.
SV2	67	Hólmavíkurvegur	Af Djúpvegi inn til Hólmavíkur.
SV3	68	Innstrandavegur	Frá Hringvegi við Hrútafjarðará liggur vegurinn norður Strandir að Hrófá.

4.3.1.2 TENGIVEGIR (VE-TV)

Tengivegir eru hluti stofnvega og er Vegagerðin veghaldari þeirra. Þrír tengivegir eru skilgreindir í sveitarfélaginu. Þeir eru Strandavegur, Steinadalsvegur og Þorskafjarðarheiði.

Tafla 20. Yfirlit yfir tengivegi (TV) ásamt skilmálum.

Nr.	Vegnr.	Heiti	Lýsing
TV1	643	Strandavegur	Af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar að sveitarfélagamörkum Kaldraneshrepps.
TV2	690	Steinadalsvegur	Frá Steinadal, á Djúpvæg í Kollafirði.
TV3	608	Þorskafjarðarheiði	Frá Djúpvegi (61) yfir í Þorskafjörð.

4.3.1.3 AÐRIR VEGIR (VE-AV)

Gerð er tillaga að breyttu fyrirkomulagi gatnakerfis Hafnarbrautar þar sem núverandi Hafnarbraut er gerð að vistgötu en nýr vegur verði lagður meðfram höfninni og ný tenging vestan við Galdrasafnið (sjá skýringarmynd). Mögulegt framtíðarfyrirkomulag er að færa þungaflutninga út fyrir gamla bæinn. Ljóst er að sú framkvæmd er mjög kostnaðarsöm og því óvíst hvenær af henni gæti orðið en sveitarfélagið áskilur sér þann rétt að breyta aðalskipulagi þegar hægt verður að fara í þessa framkvæmd. Gert er þá ráð fyrir að Hafnarbraut verði að stofnbraut, neðan við kirkjuna og í stað þess að beygja inn á milli húsa fylgir hún sjónum á brún uppfallingarinnar, beygir utan um Höfða og heldur áfram á uppfallingu neðan við gömlu fiskimjölsverksmiðjuna neðan við Hlein. Þar með verður þungaflutningur beint frá íbúðarhúsum við Hafnarbraut.

Sýndir eru vegir að iðnaðarsvæði I7 Austurgilsvirkjun (ekki vel færir í dag en eru tillaga að vegum fyrir iðnaðarsvæðið) og iðnaðarsvæði I11 Kvíslatunguvirkjun sem aðrir vegir.

4.3.1.4 GÖNGULEIÐIR (VE-GL)

Á skipulagsupprætti eru einungis sýndar megingönguleiðir. Lega gönguleiða í dreifbýli er einungis til leiðbeiningar á skipulagsupprætti.

MARKMIÐ:

Stefnt er að því að búa til og merkja göngustígakerfi fyrir ferðamenn, tengt hefðbundnum slóðum og áhugaverðum stöðum í sveitarfélaginu. Íbúar og gestir séu hvattir til að nýta fallett umhverfi í sveitarfélaginu til útivistar, sér til ánægju og heilsubótar. Sveitarfélagið verði þekkt fyrir góða aðstöðu til útivistar og heilbrigðan lífstíl íbúa. Stuðlað verði að aukinni almennri útivist í Strandabyggð með skráningu og merkingum gönguleiða.

LEIÐIR:

- Yfirfara skal skráningu og merkingu gönguleiða í samstarfi við áhugamannafélög og aðila í ferðaþjónustu.
- Lögð verður áhersla á að vinna að gerð nýrra gönguleiða í samstarfi við áhugamenn, svo og úrbótum á eldri leiðum.

Margar góðar gönguleiðir eru í sveitarfélaginu um fjölbreytt og fagurt landslag með langa búsetusögu. Yfirlit gönguleiða styðst við útiverukort sem Ferðamálasamtök Vestfjarða gefa út og nefnist það Vestfirðir og Dalir sem nær rétt norður fyrir Hólmavík og nokkuð suður fyrir Prestbakka í Hrútafirði. Einnig er stuðst við gönguleiðir sem koma fram á Gönguleiðakorti Helga M. Arngrímssonar (Ferðamálafélag Strandasýslu 1997).

Tafla 21. Yfirlit yfir gönguleiðir (GL) ásamt lýsingu.

Nr.	Heiti	Lýsing
GL1	Þiðriksvallavatn	Leiðin liggur umhverfis vatnið. Leiðin er um 8 km.
GL2	Klakkur	Gönguleið frá vegslóða við Þjóðveg upp á fjallið Klakk fyrir miðjum Kollafirði. 1 km leið.
GL3	Bitruháls	Frá Gröf í Krossárdal í Bitrufirði yfir að Stóra-Fjarðarhorni í Kollafirði. Leiðin er um 10 km.
GL4	Selbunga	Gönguleið á Selbundu frá Broddanesi. Leiðin er um 7 km.
GL5	Ennishöfði fyrir Stiga	Gönguleið liggur frá bænum Skriðinsenni og út að Broddadalsá. 6.5 km leið.
GL6	Krossárdalur-Snartartunguheiði	Að hluta til gömul leið landpóstanna. 10 km leið.
GL7	Snartartunguheiði	Frá Kleifum í Gilsfirði yfir Snartartunguheiði niður Norðdal að Snartartungu í Bitrufirði. Leiðin er um 12 km.
GL8	Snartartunga	Leiðin liggur um Snartartungu í Bitrufirði meðfram Brunngilsá, inn Heiðargil og yfir Gaflfellsheiði í Dalabyggð. Leiðin er um 9 km innan Strandabyggðar.
GL9	Staðarfjall	Leið liggur um Stað í Staðardal og norður yfir Staðarfjall og niður í Selárdal sunnan megin Þjóðbrókargils. Komið niður rétt norðan Gilsstaða. Gömul Þjóðleið sem er u.þb. Leiðin er um 7 km.
GL10	Kollabúðaheiði	Frá minnisvarða að Kollabúðum (sbr. Þorskafjarðarþing hið forna) er fylgt Þjóðvegi upp á heiðina og þaðan í Staðardal á Ströndum. Leiðin er um 20 km.
GL11	Vaðalfjallaheiði	Frá Hríshóli er fyrst farið vestan Hríshólsfjalls, skammt vestan Hótelis Bjarkarlundar. Þaðan er farið austan Vaðalfjalla með Músaá inn á heiðina. Tengist þar öðrum leiðum.
GL12	Kálfnaborgir	8 km gönguleið er liggur umhverfis Borgirnar.
GL13	Gervidalur	Leið liggur frá Djúpvegi í Gervidal fram Gíslatungu og yfir Skálmardalsheiði. Komið niður Skálmardal. Leiðin er um 18 km.
GL14	Ófeigsfjarðarheiði	Leiðin liggur frá Laugalandi í mynni Skjaldfannardals fram Hraundal og austur yfir Ófeigsfjarðarheiði að bænum Ófeigsfirði í samnefndum firði. Gömul Þjóðleið og er um 40 km á milli bæja.
GL15	Aðrar gönguleiðir	Gönguleiðir innan þéttbýlis.

4.3.1.5 REIÐLEIÐIR (VE-RL)

Á skipulagsupprætti eru einungis sýndar helstu reiðleiðir. Að hluta til fylgja þær gömlum Þjóðleiðum og Þjóðvegum. Meginreiðstígar verða byggðar upp, en auk þeirra eru aðrar reiðleiðir sýndar til leiðbeiningar á skipulagsupprætti.

MARKMIÐ OG SKILMÁLAR:

Stefnt er að lagningu nýrra reiðleiða, auk endurbóta og viðhalds á núverandi leiðum. Þess verði gætt að umferð hestamanna valdi sem minnstum spjöllum á gróðurlendi og sögu- og náttúruminum.

- Reiðleiðir verði færðar frá Þjóðvegum þar sem því verður við komið.
- Byggt verði upp skilvirkt reiðstígakkerfi í samvinnu við Vegagerðina og hestamannfélög.

Yfirlit reiðleiða styðst við útiverukort sem Ferðamálasamtök Vestfjarða gefa út og nefnist það Vestfirðir og Dalir sem nær rétt norður fyrir Hólmavík og nokkuð suður fyrir Prestbakka í Hrísfirði. Einnig er stuðst við yfirlit yfir helstu reiðgötur sem tengjast Þjóðvegakerfinu í Strandabyggð með beinum hætti er kallast „Reiðvegir Strandasýslu - Drög að vegaskrá“.

Meginreiðstígar tengja saman byggð og heiðalönd, en eru jafnframt reiðleiðir milli byggða innan héraðsins. Margar leiðanna eru mikið notaðar, bæði í atvinnuskyni og til almennrar útivistar. Nýjar reiðleiðir hafa verið skilgreindar í samvinnu við hestamannafélag á svæðinu, Vegagerðina og aðra hagsmunaaðila.

Tafla 22. Yfirlit yfir reiðleiðir (RL) ásamt lýsingu.

Nr.	Heiti	Lýsing
RL1	Þiðriksvallavatn	Reiðleið umhverfis vatnið, tengist Laxárdalsheiði. Leiðin er um 8 km.
RL2	Laxárdalsheiði	Frá Þjóðvegi skammt austan Munaðartungu upp af botni Berufjarðar er farið upp á Laxárdalsheiði, niður um Húsadal sunnan Þiðriksvallavatns og að Þjóðvegi 1 rétt sunnan Hólmavíkur (Víðidalsá).

RL3	Bæjardalsheiði	Frá bænum Bæ við Króksfjörð yfir Bæjardalsheiði um Arnkötludal að bænum Hrófá (eða Húsavík) við Steingrímsfjörð, um 4 km sunnan Hólmavíkur. Leið um 23km.
RL4	Tröllatunguheiði	Frá Króksfjarðarnesi inn Geiradal yfir að Húsavík í Steingrímsfirði. Leið um 26 km.
RL5	Steinadalshéiði	Úr Kollafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn. Leið um 18 km.
RL6	Kleifar – Krossárdalur	Frá Kleifum í Gilsfirði út Krossárdal í Bitrufirði, að bænum Gröf og áfram. Leið um 11.5 km.
RL7	Snartartunguheiði	Frá Kleifum í Gilsfirði yfir Snartartunguheiði niður Norðdal að Snartartungu í Bitrufirði. Leið um 12 km.
RL8	Gaflfellsheiði	Frá Bitrufjarðarbotni (Þórustöðum) inn Brunngilsdal og inn á Gaflfellsheiði, með austurbakka árinna Fáskrúð suður að Ljárskógaseli og áfram að Ljárskógum í Dölum, við botn Hvammsfjarðar. Leið um 37 km. Sunnan Skiphóls greinast leiðir og unnt að fara vestur og upp með Brunngilsá, niður Brekkudal og Hvolsdal að Skriðulandi (sunnanverður Hvammsfjarðarbotn).
RL9	Grágæsagil	Leiðin liggur frá Snartartungu í Bitrufirði meðfram Brunngilsá inn í Grágæsagil og yfir í Brekkudal í Dalabyggð.
RL10	Kollafjarðarheiði	Leið norður úr Kollafirði í Austur-Barðastrandarsýslu í Laugardal (Laugaból) á Langadalströnd (Ísafjörður).
RL17	Þorgeirsdalur – Langidalur	Frá Múla á vesturströnd Þorskafjarðar er farið fram Þorgeirsdal og komið inn á leið 6 skammt sunnan við Gedduvatn. Þaðan er farið í Langadal við Ísafjörð. Leið um 42 km.
RL18	Þorskafjarðarheiði	Úr Þorskafirði um Þorgeirsdal yfir Þorskafjarðarheiði norður í Langadal.
RL19	Gróustaðir – Miðheiðarvatn.	Frá Gróustöðum við utanverðan Gilsfjörð er farið upp Króksfjarðarmúla að Miðheiðarvatni, þaðan er unnt að fara inn á Tröllatunguleið. Leið um 13km.

Samkvæmt leiðbeiningaritinu *Reiðstígar – gerð og uppbygging*⁸ sem unnar hafa verið í samvinnu Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðarinnar eru reiðleiðir flokkaðar í þrjá meginflokka eftir hlutverki þeirra:

- **Stofnleiðir.** Aðalleiðir sem liggja á milli sveitarfélaga tengja saman sveitir og þéttbýli annars vegar og hálendið hins vegar. Þetta eru aðalleiðir í byggð utan þéttbýlis.
- **Þéttbýlisleiðir.** Leiðir í næsta nágrenni við þéttbýli, þ.m.t. leiðir á milli hesthúshverfa og annars staðar þar sem búast má við mikilli hestaumferð. Rekstur lausra hrossa er almennt bannaður, öll önnur umferð fyrir hendi.
- **Héraðsleiðir.** Tengingar milli bæja, fornar leiðir og slóðar, sem ekki þola mikla umferð. Yfirleitt aðeins gert ráð fyrir einstaklingsumferð.

Tafla 23. Yfirlit yfir reiðleiðir (RL) sem tengdar eru þjóðvegakerfinu ásamt lýsingu.

Nr.	Heiti	Lýsing reiðleiða sem tengdar eru þjóðvegakerfinu
RL11	Arngerðareyrarháls	Frá Laugabóli á Langadalströnd yfir Arngerðareyrarháls í Langadal, um Langdal, Heiðarbrekkur og Sóleyjardal að gamla Sæluhúsinu við Djúpveg (61) á Steingrímsfjarðarheiði. Yfir Arngerðareyrarháls er gömul leið e.t.v. fleiri en ein, um Langadal frá Kirkjubóli og upp á Steingrímsfjarðarheiði er aflagður akvegur. Flokkun: HL (R691)
RL12	Steingrímsfjarðarheiði	Steingrímsfjarðarheiði frá gamla Sæluhúsinu við Djúpveg (61) á Steingrímsfjarðarheiði um Flókatungu niður að Kleppustöðum og um Staðardal að Hrófbergi. Um Flókatungu er aflagður akvegur, í Staðardal þarf að leggja og/eða merkja veg meðfram þjóðvegi eða í nágrenni hans. Flokkun: HL (R693)
RL13	Blakksvegur	Blakksvegur frá Hrófbergi við Djúpveg (61) í Steingrímsfjarðarbotni út með Steingrímsfirði um Líkfararlág, Fellabök, Stakkamýri og Kálfanesflóa að hesthúsum við Hvítá um Tungusveit, Gálmaströnd, Kollafjarðarnes og norðurhlíð Kollafjarðar að Litla Fjarðarhorni. Leiðina þarf að leggja og/eða merkja veg meðfram þjóðvegi eða í nágrenni hans nema e.t.v. er mögulegt að fara gamlan veg í Kollafirði. Flokkun: HL eða SL2 (R696)

⁸ Reiðvegir- gerð og uppbygging. Leiðbeiningar Vegagerðarinnar og Landsambands hestamannafélaga. Sótt á: [https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Reidvegir/\\$file/Rei%C3%B0vegir.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Reidvegir/$file/Rei%C3%B0vegir.pdf)

RL14	Bitruháls	Bitruháls frá Litlafjarðarhorni við Djúpveg (61) í botn Kollafjarðar og yfir Bitruháls frá Stórafjarðarhorni að Gröf í Krossárdal. Meðfram Djúpvegi (61) yfir Kollafjarðabotninn og eftir gamalli leið um Bitruháls. Flokkun: HL (R697). Kemur einnig fram á korti Helga Arngrímssonar sem leið nr. 30.
RL15	Trékylisheiði	Trékylisheiði frá Hrófbergi við Djúpveg (61) út með Steingrímsfirði að norðan yfir Selárdal að Bólstað um í í Botn Reykjafjarðar. Með Steingrímsfirði við Strandaveg(643) yfir Trékylisheiði um gamla varðaða leið og/eða línuslóð. Flokkun: D (R694)
RL16	Kollabúðaheiði	Frá Kollabúðum (Þorskafjarðarþing hið forna) upp á heiðina og svo út Staðardal á Ströndum.
RL20	Hrútafjarðarvegur	Hrútafjarðarvegur frá Gröf um Krossárdal, botn Bitrufjarðar, Slitur, Stikuháls og inn allan Hrútafjörð að Brú Við Hringveg (1). Leiðina þarf að leggja og/eða merkja veg meðfram Þjóðvegi eða í nágrenni hans. Allvíða eru möguleikar að fara frá veginum. Flokkun: HL (R699)

4.3.1.6 HJÓLALÉIÐIR (VE-HL)

Hjólaleiðir eru sýndar á aðalskipulagsuppdraetti Strandabyggðar í fyrsta sinn. Þegar hjólaleiðir eru skipulagðar er mikilvægt að þær liggi ekki um umferðapunga vegi, að með reglulegu millibili sé hjólavæn gisting, veitingastaðir og verslanir þar sem öruggt er að skilja hjól eftir, að hækkun sé ekki of mikil og að áhugaverðir áfangastaðir séu á leiðinni. Möguleikar á hringleið eru mikill kostur og mikilvægt að ár séu brúaðar. Einnig er mikilvægt að huga að góðri tengingu við aðra ferðamáta við upphaf og endi ferðar, eins og t.d. almenningssamgöngur. Þá er aðgangur að hjólaverkstæði og gott viðmót á áfangastöðum einnig mikilvægt svo að hjólaferðamennska megi blómstra. Hjólaleiðir eru hugsaðar til að auka fjölbreytni í samgöngumátum og afþreyingu á svæðinu og til að auka möguleika í hjólaferðamennsku.


Hjólaleiðir eru einungis skilgreindar á dreifbýlisuppdraetti, en í þéttbýlinu er gert ráð fyrir að hjólaferðafólk noti götur eða gangstíga eftir aðstæðum og atvikum. Fjallahjólaleiðir eru ekki sýndar á uppdraetti að svo stöddu.

MARKMIÐ OG SKILMÁLAR:

- Stefnt er að skilgreiningu og lagningu nýrra hjólreiðleiða.
- Markmiðið er að hvetja til hjólreiða með skipulögðum leiðum sem henta til daglegra ferða íbúa sem og fyrir hjólreiðamenn. Lagður verði grunnur að Strandabyggð sem áfangastaðar hjólaferðamanna með kortlagningu mismunandi hjólreiða og skipulagðri uppbyggingu fleiri leiða.
- Möguleikar í fjallahjólamennsku verði skoðaðir og kortlagðir sérstaklega.
- Hjólreiðaleiðir verði fjölbreyttar og hvetji til hjólreiða ólíkra hópa samfélagsins.
- Þess verði gætt að umferð hjólreiðafólks valdi sem minnstum spjöllum á gróðurlendi og sögu- og náttúruminum.

Tafla 24. Yfirlit yfir hjólaleiðir (HL) ásamt skilmálum.

Lýsing	Lýsing
HL1	Leið eftir gömlum vegslóða fram Broddadal og þaðan upp á Selbungu.
HL2	Leið inn með Snæfjallastrandavegi.



Mynd 35. Göngu-, hjóla- og reiðleiðir í Strandabyggð.

4.3.1.7 VEGIR Í NÁTTÚRU ÍSLANDS

Samkvæmt 32. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 skal Vegagerðin halda skrá í stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil, sbr. 2. mgr. 7. gr. vegalaga, nr. 80/2007.

Skráning vega í vegskránnar felur ekki í sér ótakmarkaðan og óheftan aðgang, að vegir séu færir öllum vélknúnum farartækjum á öllum tímum ársins né ábyrgð sveitarfélagsins á viðhaldi vega. Vélknúin umferð er almennt ekki heimil nema með heimild landeiganda og/eða veghaldara. Virða skal allar lokanir eða takmarkanir á umferð um þá. Þrátt fyrir flokkun vega í náttúru Íslands er landeiganda ávallt heimil för um sitt heimaland s.s. vegna búskapar og annarrar landnýtingar. Með skráningunni fæst yfirsýn yfir þá vegi sem nýttir eru í sveitarfélaginu, í hvaða tilgangi og þær takmarkanir sem á þeim gilda. Sveitastjórn skal hafa í huga þegar vegir eru skráðir í vegskrána:


- Ekki er um að ræða veg í þéttbýli eða vega í byggð, svo sem heimreiðar eða vinnuvegi innan ræktaðs landbúnaðarlands.
- Greinilegir og varanlegir vegir sem löng hefð er fyrir að aka um.
- Er akstur viðkomandi vegar líklegur til að hafa neikvæð áhrif á landslag og víðerni?
- Er akstur um viðkomandi veg líklegur að valda raski á viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi eða hafa í för með sé önnur náttúruspjöll?

Sveitarfélög eiga að vinna að skrá um vegi í náttúru Íslands samhliða gerð nýs aðalskipulags. Við tillögugerðina skal hafa samráð við Umhverfisstofnun, önnur stjórnvöld þjóðgarða þar sem það á við, Vegagerðina, Land og skóg, Landmælingar Íslands, samtök útivistarféлага, náttúru og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar. Skráin hefur verið unnin í samstarfi við ráðgjafa, umsagnaraðila, Náttúrufræðistofnun, Vegagerðina, og í samráði við landeigendur í Strandabyggð.

Vegir í náttúru Íslands hafa verið kortlagðir í samræmi við reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd og eru þeir sýndir á skýringaruppdrætti og í töflu hér að neðan. Hluti veganna eru sýndir á aðalskipulagsuppdrætti sem slóðar/aðrir vegir og eru þá eingöngu til skýringar.

Tafla 25. Flokkun vega í náttúru Íslands í náttúru Íslands ásamt skilmálum.

Nr.	Lýsing og skilmálar
F0	Greiðfærir vegir, færir allri almennri umferð að sumarlagi. Oft lokaðir á veturna vegna snjóá og vegna aurbleytu á þáatíð.
F1	Seinfærir vegir, færir allri almennri umferð að sumarlagi. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Stórir lækir og ár brúaðar. Oftar lokaðir á veturna vegna snjóá og vegna aurbleytu á þáatíð.
F2	Lakfærir vegir, færir fjórhjóladrifnum bílum, mjög öflugum fólksbílum, jepplingum og vélhjólum. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Lækir og smáár óbrúaðar. Oft lokaðir á veturna vegna snjóá og aurbleytu á þáatíð.
F3	Torfærir vegir, einungis færir stórum og vel búnum fjórhjóladrifnum bílum, ofurjeppum og vélhjólum. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Getur verið ójafnir, grýttir og með bleytuíhlaupum. Breidd 4 m. Oft lokaðir á veturna vegna snjóá og aurbleytu á þáatíð.



Mynd 36. Flokkun vega í náttúru Íslands.

4.3.2 Hafnir (H)

Hafnir (H)

Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessara vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir.

Hafnir eru lykil innviðir í nýtingu auðlinda hafsins, afurðavinnslu og verðmætasköpun á sviði hafntengdrar og sjósækkinnar starfsemi. Hafnir þurfa að vera búnað til að þróast og styðja nýsköpun í sjávarútvegi, afurðavinnslu og annarri hafntengdri og sjósækinni starfsemi og mæta þörf fyrir flutninga á framleiðslu úr sveitarfélaginu. Þá spilar Hólmavíkurbærinn lykilhlutverk í móttöku skemmtiferðaskipa, en áform eru um sókn á því sviði.

Eitt hafnarsvæði er í sveitarfélaginu utan Hólmavíkur og er það við Arngerðareyri á Langadalströnd við Ísafjörð. Djúpvegur (61) liggur framhjá því Arngerðareyri og geta því falist miklir möguleikar í uppbyggingu ferðaþjónustu og annarri atvinnusköpun þar.

Innan hafnarsvæða er unnt að gera óverulegar breytingar á hafnarbakka, bryggjum og landfyllingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi þá í samræmi við það sem lög og reglugerðir kveða á um. Gera skal grein fyrir slíkum breytingum í deiliskipulagi en framkvæmdir af þessu tagi kunna að vera tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.



Mynd 37. Hluti Hafnarsvæðis í Hólmavík. Ljósmynd: Halldór Kristján Ragnarsson, 2023.

MARKMIÐ OG SKILMÁLAR:

- Lögð er áhersla á að tryggja störf í sjávarútvegi og gott framboð á lóðum undir hafntengda og sjósækna starfsemi og svigrúm fyrir þróun þeirrar starfsemi.
- Stuðlað verði að viðhaldi og rekstri hafnarsvæðis við Arngerðareyri og kannað hvort bryggjan megi nýtast í ferðaþjónustu. Þar er mikilvæg aðstaða fyrir þorskeldi og framtíðaruppbyggingu í ferðaþjónustu.
- Stuðlað verði að því að útgerð, fiskvinnsla og fjölbreytt nýting sjávarafurða og nýsköpun á því sviði blómstri.
- Tengsl milli sjávarnýtja, ferðaþjónustu og menningarstarfsemi verði styrkt.
- Hvatt verði til vöruþróunar og markaðssetningar þar sem sótt verði í þekkingu heimamanna og auðlindir úr sjó og önnur hlunnindi nýtt, svæðinu og vörunum til framdráttar og til að varðveita þá þekkingu sem finnst á svæðinu. Framleiddar verði hágæða, hreinar vörur með sjálfbærri nýtingu auðlinda grunnsævis og sjávar og annarra hlunninda svæðisins.

- Stuðlað verði að aðlaðandi ásynd á hafnarsvæðum og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika byggðar.

Tafla 26. Yfirlit yfir hafnir (H) ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing svæðis	Skipulagsákvæði	Stærð (ha)
H1	Hólmavíkurhöfn	Meðalstór fiskihöfn. Svæðið nýtist til hafnsækinnar atvinnustarfsemi.	Svigrúm verði fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir hafnsækna starfsemi eða skylda starfsemi sem hentar á þess konar svæðum. Stuðlað verði að aðlaðandi ásynd og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður. Iðnaðarstarfsemi sem ekki er hafnsækin skal flytjast að Skeiði. Gert er ráð fyrir að hafnarsvæðið stækki miðað við núverandi hafnarsvæði með landfyllingu í Norðurfjöru. Hámarks byggingarmagn er 8.000 m ² .	5.7
H2	Ferjubryggja Arngerðareyri	Árið 1996 var lokið við gerð ferjubryggja á Ísafirði og Arngerðareyri í Ísafjarðardjúpi, vegna siglinga Djúpbátsins. Siglingar Djúpbátsins eru aflagðar.	Hámarks byggingarmagn er 200 m ² .	0.5
H3	Nauteyri	Bryggja fyrir starfsemi á Nauteyri, sjá reit I9.	Innan reitsins er gert ráð fyrir einfaldri bryggju án varnargarðs og með þeirri útfærslu sem er víða að finna í Ísafjarðardjúpi. Hámarkslengd bryggjunnar er 50 m.	0.5
Samtals:				6.7

4.3.3 Flugvellir (FV)

Flugvellir (FV)

Tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.

Næsti flugvöllur með reglulegt áætlunarflug er að Gjögri, norðarlega í Árneshreppi og þar sem um langan veg er að fara er sá völlur ekki nýttur af íbúum Strandabyggðar. Flugvöllurinn sem er við Hólmavík er neyðarflugvöllur með lágmarks viðhaldi.



Mynd 38. Flugvöllurinn í Hólmavík í vetrarbúningi. Ljósmynd: Halldór Kristján Ragnarsson, 2024.

MARKMIÐ OG SKILMÁLAR:

- Flugvellinum á Hólmavík verði viðhaldið svo hann nýtist sem neyðarflugvöllur.

Tafla 27. Flugvellir (FV) í Strandabyggð ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing svæðis	Stærð (ha)
FV1	Hólmavíkflugvöllur	Neyðarflugvöllur með lágmarks viðhaldi.	14,5
Samtals:			14,5

4.3.4 Veitur (VH)

Veitur (VH)

Veitur, svo sem vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptalagnir- og mannvirki, fráveita og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við.

Í gildi eru lög um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga nr. 146/1996 og er tilgangur þeirra að draga sem mest úr hættu og tjóni af raforkuvirkjum, neysluveitum og rafföngum og truflunum af völdum starfrækslu þeirra. Samkvæmt lögunum skulu raforkuvirki, neysluveitur og rafföng vera þannig úr garði gerð, notuð, þeim haldið við og eftir þeim litið að hætt af þeim fyrir heilsu og öryggi manna og dýra, svo og hætta á umhverfisspjöllum verði svo lítil sem við verði komið.

MARKMIÐ OG SKILMÁLAR:

- Að flutningskerfi raforku anní ávallt eftirspurn eftir raforku.
- Lokið verði við að leggja dreifiveitur rafmagns í jörð.
- Sveitarstjórn vinni markvisst að auka við þjónustu vatnsveitunnar.
- Áhersla verði lögð á að íbúar í Strandabyggð eigi kost á hitaveitu.
- Mikilvægt er að standa er standa vörð um þau verðmæti sem gott vatnsból Hólmavíkur er.
- Stefnt er að því að öll byggð í sveitarfélaginu njóti nægjanlegs og góðs neysluvatns.

- Uppfylla skal ákvæði laga og reglugerða um heilbrigðis- og hollustuhætti. Í því sambandi er vísað til reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.
- Hagkvæm lausn verði fundin á frárennismálum sveitarfélagsins í þéttbýli. Stefnt er að því að mengun frá fráveitu verði ætíð í lágmarki með því að tryggja heilbrigða losunarhætti. Að fráveitur í Strandabyggð uppfylli öll þau skilyrði sem sett eru í lögum og reglugerðum um málaflokkinn. Ljúka við að setja upp hreinsi- og demantstöðvar.
- Gerð verði úttekt á frárennismálum og áætlun um endurbætur. Átak verði gert í að kortleggja lagnir í þorpinu og ástand þeirra bætt. Lagt er upp með að sameina og fækka lögnum.
- Útrásir í sjó verði lengdar til að tryggja að viðtaki sé nægilega góður.
- Á þeim svæðum í þorpinu þar sem frárennsli fer í rotþró, verði tryggt að húsaskólp og ofanvatn sé aðskilið.
- Markviss vöktun er tryggt rekstraröryggi, tryggja afhendingu og vatnsgæði.
- Rotþrær verði settar á þá sveitabæi, þar sem þær vantar enn, jafnframt því sem siturlagnir verði útbúnar þar sem þær vantar.
- Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu fjaraskipta í sveitarfélaginu sem stuðlar að bættri þjónustu við íbúa og styrkir atvinnustarfsemi. Unnið verði að því að koma á öruggu farsímasambandi í allri Strandabyggð.
- Uppbygging háhraðanets í sveitarfélaginu.
- Fjölgun senda fyrir farsíma í sveitarfélaginu.

Tafla 28. Yfirlit yfir veitumannvirki (VH) ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing svæðis	Skipulagsákvæði	Stærð (ha)
VH1	Vatnstankur	Á svæðinu er vatnstankur fyrir neysluvatn.		0.1
VH2	Kyndistöð, Jakobínutúni 7	Á lóðinni Jakobínutún 7 er til staðar kyndistöð.	N<0,3. Heimilt verður að stækka kyndistöðina og einnig að byggja aðstöðuhús/þjónustuhús fyrir tjaldsvæði á þessari lóð.	0.1
VH3	Kúlur Masturhús Mílu	Masturhús Mílu, uppi á hæðinni Kúlur, Stóra Fjarðarhorni.		0.1
Samtals:				0.3

4.3.4.1 RAFVEITA

Flutningskerfi raforku. Strandbyggð tengist dreifikerfi Orkubús Vestfjarða og eru bæði orkuöflun og dreifikerfi á vegum fyrirtækisins. Orkubúið hefur starfsstöð á Skeiði á Hólmavík, þar sem bæði eru skrifstofa, lager og spennuvirki. Stofnlína Orkubús Vestfjarða, Hólmavíkurlína 2, færir raforku til Hólmavíkur frá Geiradal en rafmagn til sveitarfélagsins kemur einnig frá Þverárstöð flutt um Tröllatunguheiðarlínu. Vísað er í þéttbýlisuppdrátt til að sjá legu stofnæða í þéttbýlinu.

Samkvæmt reglugerð nr. 586/2004 skal tilgreina lágmarksfjarlægðir háspennulína til annarra mannvirkja sem og opinna svæða til sérstakra nota. Ræktun hávaxinna plöntutegunda innan helgunarsvæðis er óæskileg og skal eftirfarandi regla gilda um fjarlægð trjáa frá háspennulínum. Fjarlægðin miðast við að hún sé hæð fullvaxinna trjáa sinnum 1,5. Reglugerðin vísar til íslenskra staðla sem ákvarða m.a. helgunarsvæði meðfram háspennulínum þar sem ekki er heimilt að reisa nein mannvirki á. Við framkvæmdir og við skipulag nýrra svæða skal gera ráð fyrir eftirfarandi helgunarsvæði (byggingarbann) háspennulína:

Línugerð	Helgunarsvæði	Skipulagsákvæði
Jarðstrengur	Öryggissvæði miðast við skurðbreidd, 3,5 m athafnasvæði til beggja hliða.	Innan öryggissvæðis er óheimilt að byggja, grafa eða raska jarðvegi. Á landbúnaðarsvæðum er jarðvinna á efstu 0,30 m heimil. Óheimilt að reisa mannvirki innan athafnasvæðis.
Loftlína - 11 kV	10 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.
Loftlína - 66 kV	25 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.
Loftlína - 132 kV	35-45 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.
Loftlína - 220 kV	65-85 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.

Tafla 29. Yfirlit yfir rafveitu (R) ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing
R1	Hólmavíkurlína 2	Loftlína frá Geiradal til Hólmavíkur, 33 kV.
R2		Jarðstrengur frá stöðvarhúsi Kvíslatunguvirkjunar í Selárdal í Geiradal með viðkomu á Hólmavík, 33 kV.
R3	Rafveita í Hólmavík	

4.3.4.2 VATNSVEITA

Flutningslagnir kalds neysluvatns. Tíu vatnsból eru í notkun og skilgreind í Aðalskipulagi Strandabyggðar, sjá kafla um Vatnsból (VB) og vatnsvernd vatnsbóla (VG, VF). Að öðru leyti eru bújarðir með einkavatnsból. Vatnslagnir eru í flestum tilvikum ekki langar, lengst um 1 km. Ekki stendur til að fara í sameiginlega vatnsveitu enda vatnsgæði allsstaðar góð og mengun lítil. Stofnlagnir vatnsveitu eru sýndar á uppdrætti. Vísað er í þéttbýlisuppdrátt til að sjá legu stofnæða í þéttbýlinu.

4.3.4.3 HITAVEITA

Flutningslagnir heits neysluvatns. Byggðin notast við rafmagnshitun. Strandabyggð leggur áherslu á að leita leiða til að koma á hagkvæmri húshitun í sveitarfélaginu.

4.3.4.4 FRÁVEITA

Á Hólmavík er ástand fráveitu á þá leið að af 11 ræsum í bænum ná nokkur þeirra of stutt út í sjó, þar sem þau koma upp úr sjó á fjöru og reyndar oft. Sérstaklega er það út frá Vesturtúni, sem lögnin er of stutt. Úti fyrir er þó viðtakinn almennt góður. Þynning frárennslis var mæld árið 2000 og var þá í mjög góðu lagi. Á Hólmavík eru ekki aðskilin kerfi fyrir húsaskólp og ofanvatn. Ástand fráveitu í dreifbýli er víðast hvar í nokkuð góðu lagi. Rotþrær eru komnar á flesta bæi, en á nokkrum bæjum, einkum í Bitrunni, eru siturlagnir ekki frá rotþrónum.

Vísað er í þéttbýlisuppdrátt til að sjá legu stofnæða í þéttbýlinu.

4.3.5 Vatnsból (VB)

Vatnsból (VB)

Svæði fyrir vatnsöflun, það er brunnsvæði vatnsverndar.

Brunnsvæði ná til vatnsbóla og næsta nágrennis þeirra. Brunnsvæði skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 m frá vatnsbóli.

MARKMIÐ & SKILMÁLAR:

- Svæðin skulu vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.
- Heilbrigðisnefnd getur krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 m frá vatnsbóli.

Tafla 30. Yfirlit yfir vatnsból (vb) ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing	Stærð (ha)
VB1	Vatnsveita Hólmavíkur	Brunnsvæði vatnsveitu Hólmavíkur er í landi jarðarinnar Óss rétt norðan bæjarins. Brunnsvæði vatnsverndarinnar nær umhverfis vatnssöfnunarbrunna sem eru á áreyrum Ósár og allar eyrarnar teljast brunnsvæði.	0.5
VB2	Húsavík	Einkaveita.	0.5
VB3	Heiðarbær	Einkaveita.	0.5
VB4	Litla Fjarðarhorn og Hlíð	Einkaveita.	0.5
VB5	Fell	Einkaveita.	0.5
VB6	Broddanes 1 og 2	Einkaveita.	0.5



VB7	Gröf	Einkaveita.	0.5
VB8	Óspakseyri	Einkaveita.	0.5
VB9	Hafnardalur	Einkaveita.	0.5
VB10	Tunga	Einkaveita.	0.5
Samtals:			5

4.4 UMhverfisvernd og náttúruvæðing

Skýlt er að tilgreina í aðalskipulagi svæði þar sem sérstakar aðstæður kalla á takmarkanir á landnotkun, mannvirkjagerð eða umgengni. Sjá 4.3 gr. um gerð aðalskipulags og 5.3 gr. um gerð deiliskipulags hvað varðar viðfangsefni skipulags og takmarkanir á landnotkun.

Markmið

Sjálfbærni verði höfð að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku og ekki verði gengið á umhverfis- og menningargæði sveitarfélagsins né líffræðilegan fjölbreytileika náttúrunnar.

Öryggi allra íbúa og gesta sveitarfélagsins sé ávallt tryggt.

Öruggt aðgengi íbúa og gesta að náttúru svæðisins sé tryggt, án þess að umhverfið bíði skaða af.

Sérstakar náttúru- og menningarminjar í sveitarfélaginu verði varðveittar óháð því hvort sé um lögformlega friðun að ræða eða ekki.

Stuðlað verði að varðveislu friðlýstra svæða, annarra náttúruminja og umhverfislegra gæða almennt.

Staðinn verði vörður um menningarverðmæti sem felast í götumynd elsta hluta Hólmavíkur.

Setja skal almenn skipulagsákvæði eða skilmála til að framfylgja stefnu um takmarkanir á landnotkun í hverjum flokki og sértæk ákvæði eða skilmála eftir þörfum fyrir hvert svæði sem takmarkanir gilda um vegna verndarákvæða. Fleiri en ein takmörkun getur gilt á sama stað. Ákvæði og skilmálar skulu fela í sér nauðsynlegar takmarkanir til að bregðast við þeim sérstöku aðstæðum sem á svæðinu ríkjja, svo sem um mannvirkjagerð, umgengni og landnotkun.

4.4.1 Óbyggð svæði (ÓB)

Óbyggð svæði (ÓB)

Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.

Meiri hluti sveitarfélagsins er í flokknum óbyggð svæði en allt land ofan 300 m y.s. er skilgreint sem óbyggð svæði. Þetta eru svæði þar sem hvorki er búseta né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og beitarland, og er ekki gert ráð fyrir mannvirkjum öðrum en þeim sem þjóna útivist, beit, öryggismálum og fjarskiptum. Skal gerð grein fyrir slíkum mannvirkjum í skipulagi. s.s. efnistöku, miðstöðvum fyrir ferðaþjónustu, raflinum, vegum og stígum. Almenn er ekki gert ráð fyrir skógrækt. Hluti óbyggðra svæða er óbyggt víðerni. Við mótun stefnu fyrir þau svæði er leitast við að útfæra stefnu um uppbyggingu þannig að mannvirki og umferð þar um hafi sem minnst áhrif á víðerni og önnur náttúrugæði.

Ýmsar takmarkanir eru á landnotkun á óbyggðum svæðum, svo sem vegna náttúruvár, náttúruverndar, vatnsverndar og minjaverndar. Slík notkun er þá sýnd með strikum ofan á þeim lit sem táknar óbyggð svæði. Önnur tákn eru einnig sýnd á óbyggðum svæðum, svo sem vegir, göngu- og reiðleiðir, veitur o.s.frv.

MARKMIÐ & SKILMÁLAR:

- Stefnt er að því að auka möguleika fyrir heimamenn og ferðamenn til útivistar og ferðaþjónustu á óbyggðum svæðum.
- Taka skal fyllsta tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða við skipulag og framkvæmdir á óbyggðum svæðum.
- Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki á óbyggðum svæðum og eru gangnakofar, veiðihús, reiðleiðir, vegir o.fl. afmörkuð sérstaklega með viðeigandi landnotkunarflokkum.
- Lögð skal áhersla á uppbyggingu þeirra þjónustukerfa sem koma ferðaþjónustu að gagni, s.s. vegi, merkingu á gönguleiðum og uppbyggingu á litlum áfangastöðum.
- Í aðalskipulaginu eru gönguleiðir skilgreindar á óbyggðum svæðum.
- Heimilt er að koma upp salernisaðstöðu (<20m²) við bílastæði á áningarstöðum ferðamanna og skal vanda allan frágang og mannvirki falla vel að landi. Með umsókn um framkvæmdaleyfi skal fylgja afstöðumynd, útlitsteikning og lýsing á frágangi við vatnsöflun og frárennsli.
- Landgræðsla er heimil, en óheimilt er að dreifa ágengum tegundum.
- Hefðbundnar landnytjar landeigenda, s.s. beit, veiðar og minniháttar efnistaka til eigin nota, eru heimilar á óbyggðum svæðum, nema þar sem svæði hafa verið friðuð fyrir beit eða aðrar takmarkanir gilda vegna hverfis- eða vatnsverndar. Varnir vegna náttúruváru eru heimilar. Eggjataka og veiði á afrétti er háð leyfi landeigenda.

Tafla 31. Yfirlit yfir óbyggð svæði (ÓB) ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing svæðis	Skipulagsákvæði	Stærð (ha)
ÓB1	Óbyggð svæði	Allt land yfir 300 m.h.s. er skilgreint sem óbyggt svæði.	Almennt er ekki gert ráð fyrir skógrækt eða mannvirkjagerð. Á þessum svæðum má þó gera ráð fyrir neyðarskýlum, fjarskiptasendum og sambærilegum mannvirkjum. Einnig er leyfilegt að koma upp salernisaðstöðu við upplýsingatorg og við bílastæði á áningarstöðum ferðamanna. Salernin skulu að hámarki vera 20 m ² og með umsókn um framkvæmdaleyfi skal fylgja afstöðumynd, útlitsteikning og lýsing á frágangi við vatnsöflun og frárennsli. Á óbyggðum svæðum er heimil landgræðsla. Þá eru hefðbundnar landnytjar landeigenda, s.s. beit, veiðar og minniháttar efnistaka til eigin nota (þ.e. efnistaka sem er allt að 500 m ³ , en hún er tilkynningarskyld til sveitarfélagsins), heimilar á óbyggðum svæðum, nema þar sem svæði hafa verið friðuð fyrir beit eða aðrar takmarkanir gilda vegna hverfis- eða vatnsverndar. Varnir vegna náttúruváru eru heimilar svo sem varnargarðar og eru í samræmi við lög og reglugerði sem þær falla undir. Eggjataka og veiði á afrétti er háð leyfi landeigenda.	115543
ÓB2	Drangajökull	Jökull	Almennt er ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð. Á þessum svæðum má þó gera ráð fyrir neyðarskýlum, fjarskiptasendum og sambærilegum mannvirkjum. Varnir vegna náttúruváru eru heimilar svo sem varnargarðar og eru í samræmi við lög og reglugerði sem þær falla undir.	5523
Samtals:				121066

4.4.1.1 ÓSNORTIN VÍÐERNI

Stefna Strandabyggðar varðand ósnortin víðerni tekur mið af þeirri stefnumótun sem unnin hefur í vinnu við Svæðisskipulag Vestfjarða. Víðerni eru náttúrugæði með víðtækt verndargildi og mikla sérstöðu á Vestfjörðum. Í dag liggja ekki fyrir skýr viðmið um afmörkun víðerna samkvæmt náttúruverndarlögum, sem getur skapað óvissu í skipulagsvinnu. Þó er ljóst að Vestfirðir búa yfir einhverjum stærstu ósnortnu svæðum fyrir utan Miðhálandi Íslands, hluti þessara svæða er innan Strandabyggðar. Hátt hlutfall svæðisins er enn óraskað af mannvirkjum eða framkvæmdum. Mikilvægt er að tryggja að landnýting taki mið af þessari sérstöðu og að mannvirkjagerð og



innviðauppygging raski sem minnst þeirri upplifun sem víðernin veita. Í því skyni þarf að halda áfram kortlagningu og greiningu á áhrifum framkvæmda á náttúrufer og sjónræna upplifun.

Vestfirðir eru einstakt svæði til að njóta hreinnar náttúru og kyrrðar. Svæðið er fjölbreytt og framúrskarandi til búsetu, atvinnu og heimsóknar. Þar er öflugt, vaxandi alþjóðlegt þekkingarsamfélag sem einkennist af kraftmikilli sköpun, sterkri sjálfsmynd og umhverfisvitund. Fjórðungurinn einkennist af samheldnum samfélögum með góðri þjónustu, fjölbreyttu atvinnulífi og blómstrandi menningu sem byggir á virðingu fyrir fólki, umhverfi og auðlindum.

Jafnvægi milli nýtingar og verndar, vöxtur atvinnugreina eins og ferðaþjónustu, iðnaðar og lagareldis þarf að fara fram á sjálfbæran hátt svo að náttúrufergurð, kyrrð og líffræðileg fjölbreytni haldist óskert eins og kostur er.

Náttúran er helsta aðráttarafi Vestfjarða, grundvöllur atvinnulífs og uppspretta auðlinda. Henni er ógnað af loftslagsbreytingum og athöfnum mannsins. Því þarf að draga úr losun gróðurhúslofttegunda, auka bindingu kolefnis og aðlaga samfélögin. Það verður gert með því að finna jafnvægi milli verndar og nýtingar, orkuöflunar og friðunar með virðingu fyrir náttúru og samfélagi að leiðarljósi.

Strandabyggð leggur þó áherslu á að verndun og friðun komi ekki í veg fyrir framþróun innviða, enda sé ávallt gætt ítrustu varkárni við ósnert víðerni og náttúru og skal ávallt leitað leiða til að haga framkvæmdum með þeim hætti að raski sé haldið í lágmarki, náttúrunni í hag. Við framkvæmdir verði leitast við í hvívetna að nálgast orkuöflun með virðingu fyrir náttúru og tryggja að virkjanir og tengingar þeirra skerði sem minnst víðerni og mikilvægar landslagsheildir.

Strandabyggð býr yfir ómetanlegri auðlind í formi stórbrotins landslags sem hefur víðtæk áhrif á sjálfsmynd íbúa, lífsgæði og möguleika til útivistar. Landslagsvernd og skipulögð nýting eru lykilþættir í að tryggja sjálfbæra þróun svæðisins, þar sem náttúrufergurð, víðerni, víðsýni og aðgengi að náttúru mynda heildstæða upplifun fyrir íbúa og gesti.

4.4.2 Friðlýst svæði (FS)

Friðlýst svæði (FS)

Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar.

Flokkar friðlýstra svæða skv. náttúruverndarlögum nr. 60/2013 m.s.br. eru eftirfarandi:

- | | |
|-------------------------|--|
| • Náttúruvé | • Verndarsvæði með sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda |
| • Óbyggð víðerni | • Náttúruminjar í hafi |
| • Þjóðgarðar | • Fólkvangar |
| • Náttúruvætti | • Svæði í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar |
| • Friðlönd | • Heil vatnakerfi |
| • Landslagsverndarsvæði | • Náttúruvætti |

Skv. náttúruverndarlögum nr. 60/2013 er náttúruverndarsvæðum skipt í þrennt:

- Friðlýst svæði og afmörkuð búsvæði friðaðra tegunda sem vernduð eru skv. 1. mgr. 56. gr.
- Svæði og náttúrumyndanir á B- og C-hluta náttúruminjaskrár, sbr. 33. gr.
- Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar skv. öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Svæði á náttúruminjaskrá

Samkvæmt 13. gr. laga um náttúruvernd skal umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra gefa út náttúruminjaskrá eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Náttúruminjaskrá skiptist í A-, B- og C-hluta. A-hluti er skrá yfir náttúruminjar og svæði sem hafa verið friðlýst eða friðaðar. B-hluti er framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum og C-hluti er skrá yfir náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Í lögnum er lögð áhersla á að

byggja upp skipulegt net verndarsvæða til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, jarðbreytileika og fjölbreytni landslags.

Engin svæði í sveitarfélaginu eru á A-hluta náttúruminjaskrár, þ.e. svæði sem hafa verið friðlýst skv. náttúruverndarlögum.

MARKMIÐ & SKILMÁLAR

- Að því skal stefnt að friða árbakka, strendur vatna og sjávar.

4.4.3 Önnur náttúruvernd (ÖN)

Önnur náttúruvernd (ÖN)

Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.

Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar.

Tafla 32. Yfirlit yfir aðra náttúruvernd (ÖN) ásamt skilmálum.


Nr.	Heiti	Lýsing svæðis	Stærð (ha)
ÖN1	Botn Ísafjarðar (Nr. 320)	Súðavíkurreppi (áður Reykjafjarðarhr.), N-Ísafjarðarsýslu. (1) Dalbotninn vestan hreppamarka upp að efstu klettabrúnum, frá Hestakleif suður á móts við Torfadal. (2) Sérstætt gróðurfar.	468
ÖN2	Kaldalón (Nr. 323)	Undirlendi, fjörur og grunnsævi sunnan og austan Lónseyrar og Jökulholts. Fjölbreytt og mikilfenglegt landslag. Ýmsar berggerðir, jökulgarðar, óshólmur, leirur og surtarbrandur. Fjölskrúðugur gróður og dýralíf.	1079
ÖN3	Snæfjallahreppur hinn forni (Nr. 324)	Snæfjallahreppur hinn forni, Ísafjarðarkaupstað (áður Snæfjallahr.). Snæfjallahreppur hinn forni, utan Hornstrandafríðlands og svæðis nr. 323, Kaldalóns. Fjölbreytt og mikilfenglegt landslag með hrikalegum fjöllum, ýmsum berggerðum, jökulgörðum og óshólmum. Fjölskrúðugur gróður og dýralíf.	57703
ÖN4	Húsavíkurkleif (Nr. 328)	Opna í millilagi í blágrýtismyndun rétt við þjóðveginn nærri bænum Húsavík. Fundarstaður plöntusteingervinga frá tertíer. Afsteypur og för eftir trjáboli.	9
ÖN5	Tröllatunga (Nr. 329)	Steingervinalög við Grýlufoss og í Hrafnsklettum í Tröllatungu við Steingrímsfjörð. Setlög með steingerðum plöntum frá tertíer.	40
ÖN6	Mókollsdalur (Nr. 330)	Steingervinalög í Hrutagli í Mókollsdal. Setlög með steingerðum plöntum og skordýrum frá tertíer.	55.3
ÖN7	Strandlengjan Sýrúvirkurgjá Rauðuskriður (Nr. 342)	Svæði frá sjó að klettabrún, strandlengja, fjara og grunnsævi frá Sýrúvirkurgjá í landi Broddadalsár að Rauðuskriðu í landi Skriðnesennis. Strandlengja með fallegum jarðmyndunum, mikið fuglalíf og selalátur.	794
ÖN8	Húnaflói	Svæðið er tilnefnt vegna sela. Mörk: Strandlengja, eyjar og sker í Húnaflóa innan fimm aðskildra svæða. Þau eru Kaldbaksvík suður að Grímsey að meðtöldum Þorkelsskerjum, Kollafjörður, Hrutafjörður að vestanverðu frá Guðlaugshöfða að Hrutey, Heggstaðanes frá Skriðulæk að ósum Miðjarðará og Vatnsnes frá Skarði að Teistutanga. Lýsing: Húnaflói er breiður flói á milli Stranda og Skaga. Hann er um 50 km breiður og 100 km langur. Inn af honum ganga nokkrir ólíkir og misstórir firðir þar sem eru margir sveitabærir og búskapur stundaður. Meðal hlunninda teljast selveiðar (til dæmis í Ófeigsfirði), fiskveiðar, fugla- og eggjataka (til dæmis í Grímsey) og dúntekja víðast hvar. Á síðari árum hefur auk þess verið fiskeldi og kræklingavinnsla í Steingrímsfirði og viðamikil laxveiði í Húnaþingi. Á svæðinu er ríkulegt fuglalíf og selur kæpir víða á eyjum og skerjum meðfram ströndinni. Frístundabyggð og ferðaþjónusta er vaxandi á svæðinu, þar með talið sjávar tengd ferðamennska þar sem skoðaðir eru hvalir í fjörðum og selir í látrum, bæði frá sjó og af landi.	2462



		Aðgerðir til verndar: Tryggja þarf selum vernd í látrum og á nærliggjandi grunnsævi þar sem fæðuöflun fer fram. Selasetur Íslands hefur sett upp upplýsingaskilti og reynt að stýra umferð ferðamanna á Vatnsnesi.	
ÖN9	Ísafjarðardjúp	Svæðið er tilnefnt vegna landsela. Það nær yfir svæðið Borgarey, sem tilnefnt er vegna fugla, að hluta yfir Vigur, sem einnig er tilnefnt vegna fugla, og að hluta yfir Reykjanes, sem tilnefnt er vegna vistgerða á landi og í ferskvatni. Mörk: Allir firðir í innri hluta Ísafjarðardjúps, frá Fólafæti við mynni Hestfjarðar að Ósi við mynni Ísafjarðar; strandlengjan, eyjar og sker ásamt 1 km jaðarsvæði til sjávar. Lýsing: Langir og djúpir innfirðir með sæbröttum hlíðum og litlu undirlendi víðast hvar. Svæðið er ríkt af fuglalífi og landselur kæpir víða meðfram ströndinni og á eyjum. Landselslátur eru á Hvítanesi, Ögurnesi, í mynni Mjóafjarðar, á Vatnsfjarðarnesi, í Vatnsfirði, að Reykjanesi, í Reykjafirði, við Voga í Ísafirði og í Borgarey. Fyrr á árum var mikið um sveitabæi í Ísafjarðardjúpi, þar sem var stunduð sauðfjárrækt og sjósókn. Meðal hlunninda voru selveiðar, fiskveiðar, fugla- og eggjataka auk dúntekju. Mikið hefur dregið úr búskap og á síðari árum hefur verið þar fiskeldi, kræklingavinnsla og laxveiði, í smáum stíl. Frístundabyggð og ferðaþjónusta er vaxandi á svæðinu, þar með talið sjávar tengd ferðamennska eins og skútusiglingar, hraðbátaferðir og kajakróður um firðina. Aðgerðir til verndar: Tryggja þarf selum vernd í látrum og nærliggjandi grunnsævi þar sem fæðuöflun fer fram. Sett hefur verið upp selaskoðunarsvæði við Hvítanes þar sem umferð fólks sem kemur til að skoða seli er stýrt. Ekki er um vernd að ræða á öðrum svæðum. Verið er að vinna nýtingar- og verndaráætlun fyrir Ísafjarðardjúp.	13702 3
ÖN10	Kaldalón	Svæðið er tilnefnt vegna vistgerða á landi. Mörk: Að suðvestan frá mynni Kaldalóns utan Lónseyrar og Seleyrar og inn að jökli að norðaustan, að mestu með fjallsbrúnum að norðvestan og suðaustan þar á milli. Lýsing: Mjög fjölbreytt svæði að landslagi og vistgerðum, frá jökli í dalbotni, út um land sem jökull er að hopa af, jökulöldur, ár, áreyrar, tjarnir, fitjar, leirur, fjörur og grunnsævi. Brattar hlíðar beggja vegna dals og sjávar, vaxnar skógarkjarri neðantil, skreyttar djúpm, lækjum og fönnum er ofar dregur. Þjóðvegur liggur um svæðið og þverar það, gamlir framræsluskurðir ofan vegar í landi sem virðist ekki nytjað lengur. Mikill birkiskógur í hlíðum (kjarrskógavist) og gulstararfitjavist neðan vegar eru forgangsvistgerðir svæðisins. Af öðrum vistgerðum má nefna starungsmýravist og kræklingisleirur. Aðgerðir til verndar: Takmarka framkvæmdir og ræktun á svæðinu, endurheimt votlendis þar sem land er ekki lengur nytjað.	3290,6
ÖN11	Drangajökull	Svæðið er tilnefnt vegna jarðminja. Ber þar hæst landmótun jökla, fornloftslag og umhverfissaga. Innan svæðisins eru fossar í Rjúkandi, Hvalá og Eyvindarfjarðará, sem einnig eru tilnefndir vegna jarðminja, og Kaldalón, sem tilnefnt er vegna vistgerða á landi. Svæðið nær að auki yfir Æðey að hluta, sem tilnefnd er vegna fugla, og svæðið Furufjörður–Munaðarnes, sem tilnefnt er vegna sela. Mörk: Svæðið nær yfir Drangajökul og nágrenni hans. Suðurmörk svæðisins liggja um Ófeigsfjarðarheiði frá Melgraseyri í vestri suður fyrir Hraundal og Rauðanúpsvatn, síðan eftir farvegi Rjúkanda austur í Ófeigsfjörð. Norður mörk eru núverandi suðurmörk Hornstrandafriðlands. Lýsing: Tilkomumikið landslag mótað af jöklum ísaldar og nokkuð fjölbreytileg jarðfræði. Mjög virk landmótunarferli eru við skriðjökla Drangajökuls auk þess finnst víða mikið af landformum og setmyndunum, t.d. jökulgarðar, leirur, áreyrar og fornar strandlínur sem tengjast hörfun ísaldarjökulsins. Litfögur setlög og hraunlög frá kulnaðri megineldstöð á svæðinu finnast t.d. í Hrafnfirði, Leirufirði og Kaldalóni. Landslag á svæðinu er tilkomumikið, jarðfræði nokkuð fjölbreytileg, gróðurfar þykir sérstakt og náttúrufegurð almennt mikil á svæðinu. Dalir og hvalfir eru grafnar af jöklum ísaldar í almennt einsleitum og mjög reglulegan jarðlagastafli. Á milli basalhraunlaga eru rauðleit setlög, oftast forn jarðvegur að uppruna. Í námunda við gamlar megineldstöðvar, til dæmis í Leirufirði,	12812 2



	Hrafnfirði og innst í Kaldalóni finnast ljósleit líparít og/eða dökk andesít lög sem setja svip á landslagið. Talsvert er um landform svo sem jökulgarða, fornar strandlínur og sethjalla sem vitna um sveiflur skriðjökla og mun stærra jökulhvel en núverandi Drangajökull, við lok síðasta jökulskeiðs fyrir um 9.000-13.000 árum. Óvenju greinilegir og margir jökulgarðar frá lokum síðasta jökulskeiðs eru varðveittir á láglendi í Grunnavíkurhreppi forna (frá Grunnavík og Höfðaströnd, austur um Leirufjörð, Kjós og í Hrafnfjörð). Í jöklafræðilegum skilningi er svæðið mjög sérstakt. Drangajökull hefur mun lægri jöklunarmörk og betri afkomu en aðrir jöklar landsins og rannsóknir á jökulmenjum í Leirufirði, Reykjarfirði og á hálendinu umhverfis núverandi Drangajökul benda til hins sama um forn-Drangajökul, og að hann hafi verið þaulsætari en aðrir jöklar landsins við lok síðasta jökulskeiðs. Aldursgreiningar á jökulgörðum í Leirufirði og Reykjarfirði hafa gert jarðfræðingum kleift í fyrsta skipti að tengja framrás íslensks jökuls (skriðjökuls í Leirufirði) við stórar þekktar loftlagssveiflur tengdar snöggum breytingum á hafstraumum í Norður-Atlantshafi sem höfðu áhrif á fornjökla umhverfis allt Norður-Atlantshafið. Nútíma landmótunarferli eru mjög virk á svæðinu, skriðjökurnir í Kaldalóni, Leirufirði og Reykjarfirði eru framhlaupsjöklar sem ganga fram óreglulega. Þeir rjúfa og dýpka dalina en byggja um leið ýmis landform og jökulgarða við jaðrana. Jökulár sem koma undan skriðjöklunum bera fram mikið lausefni, sem fyllir dalbotnana árseti og fjölskrúðugar leirur byggjast út í fjarðarbotnana. Stöku smájöklar, grjótjöklar og sífannir finnast í hvilftar- og dalbotnum, auk þess sem ummerki eru um sífrera til hæstu fjalla en allt hefur þetta mótandi áhrif á landslag og ásjón svæðisins. Forsendur fyrir vali: Vísindalegt gildi er talsvert eða mikið. Nokkrar nýlegar jarðfræðirannsóknir frá svæðinu benda til talsverðs vísindalegs gildis svæðisins, sérstaklega fyrir jöklunarsögu, fornloftlagssögu og umhverfissögu landsins. Óvenju margir vel varðveittir fornir jökulgarðar finnast á láglendi í Grunnavíkurhreppi. Gott aðgengi að mjög virku og nokkuð sérstöku landmótunarumhverfi í Kaldalóni, beintengt skriðjöklum í Kaldalóni. Mikil viðernisupplifun og svæðið nær óraskað. Aðgerðir til verndar: Tryggja varðveislu jarðminja, sérstaklega landform og setmyndanir sem tengjast hörfun ísaldarjökulsins og virk landmótunarferli við skriðjökla Drangajökuls. Varðveita umfangsmikil lítt snortin víðerni.	
Samtals:		331.04 6



Mynd 39. Önnur náttúruvernd í Strandabyggð.

4.4.4 Minjavernd (MV)

Minjavernd (MV)

Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar.

MARKMIÐ :

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 teljast menningarminjar ummerki um sögu þjóðarinnar, t.d. fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmundir og nytjahlutir, svo sem myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Þjóðminjar eru jarðfastarminjar eða lausir gripir eða hlutir sem eru einstakir og hafa sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir menningarsögu Íslands. Samkvæmt sömu lögum eru fornminjar annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Forngripir eru þeir lausamunir sem eru 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Fornleifar eru hins vegar hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri. Samkvæmt lögum um menningarminjar skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi og deiliskipulagi.

Unnið verði að því að nýta sem best verðmæti og möguleika sem felast í friðuðum húsum og minjum í Strandabyggð, til eflingar ferðapjónustu og mannlífs. Menningarminjar sveitarfélagsins eru merkur arfur sem hlúa skal að og virðing borin fyrir. Þær verði kynntar fyrir íbúum og gestum sveitarfélagsins og nýttar til mikilvægrar atvinnusköpunar. Nýlega var gerð skráning á Kálphanesi, Skeljavík og Víðidalsá.

Hér er fjallað um tvo flokka minjaverndar sem njóta verndar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2013; (i) friðaðar og friðlýstar minjar. Allar fornleifar, hús og mannvirki, 100 ára og eldri eru friðaðar og er óheimilt að haggja við þeim án leyfis Minjastofnunar Íslands. Um friðlýstar minjar gilda strangari verndarákvæði og flokkast þær sem þjóðminjar. Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja. Stefna ber að því að fram fari fornleifaskráning í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2012.

ALMENN ÁKVÆÐI

- Unnið verði að friðun götummynda í gamla bænum til að bæta upplifun heimamanna sem og ferðamanna af sögu bæjarins og fjölbreytileika.
- Varðveita skal, eins og kostur er, byggingar í þéttbýli og dreifbýli sem hafa verndargildi. Vernda skal staði eða svæði sem tengjast merkum atburðum, þjóðsögum og þjóðháttum og mannvirki sem tengjast fornu verklagi eða tækni. Minjar um byggð og atvinnusögu, svo sem búskaparhætti skal varðveita.
- Húsakönnun verði gerð í dreifbýli og á grundvelli hennar verði mótuð skýr stefna um það hvaða hús og mannvirki í sveitarfélaginu eigi að friða og hvernig skuli staðið að varðveislu og uppbyggingu þeirra.
- Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá deiliskipulagi eða raflínuskipulagi s.k.v. 16. gr. laga um menningarminjar.
- Ferðapjónusta sem byggir á menningarminjum í sveitarfélaginu verði eflað og leitast við að miðla upplýsingum til íbúa og gesta svæðisins um menningarsöguleg verðmæti með fjölbreyttum hætti. Þannig verði stuðlað að aukinni vitund fólks og bættri umgengni um þessi verðmæti. Slík verkefni verði unnin með aðilum í ferðapjónustu.
- Leitast skal við að merkja fornleifar fyrir umhverfisfræðslu og til að fyrirbyggja rask þeirra.
- Í skógræktaráætlunum verði 100 m friðhelgunarsvæði friðlýstra fornminja og 15 m friðhelgunarsvæði annara fornminja virt. Beina skal framkvæmdum og öðrum athöfnum sem geta skert gildi fornminja og minjaheilda frá minjastöðum eins og kostur er, en að öðrum kosti skal hafa samráð við Minjastofnun um tilhögun framkvæmda og mótvægisáðgerðir.
- Vernda skal menningar- og búsetuminjar fyrir framkvæmdum, athöfnum og annarri nýtingu, svo sem mannvirkjagerð, skógrækt og ágangi búfjár. Jafnframt skal leitast við að verja minjar vegna ágangs sjávar þegar það á við.
- Örnefnaskrár í sveitarfélaginu verði endurskoðaðar.

- Fornleifaskráning skal fara fram áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir, í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2012.
- Aðalskráning fornleifa fari fram í áföngum og verði lokið eigið síðar en 2030 og svæðum forgangsraðað eftir uppbyggingaráformum.

Fyrir liggur samþykki frá Minjastofnun Íslands að fornleifaskráning fari fram eftir staðfestingu aðalskipulags: En í framhaldi af umsögn Minjastofnun Íslands var gert samkomulag við Minjavörð Vestfjarða að fornleifaskráning fari fram í samræmi við þau markmið og fyrirvara sem hér verður lýst:

Áður en gengið er frá deiliskipulagi eða leyfi til framkvæmda (framkvæmda- og byggingaleyfi) veitt skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Fornleifaskráning skal fylgja stöðlum Minjastofnun Íslands og telst ekki gild fyrr en hún hefur verið yfirfarin og samþykkt af stofnuninni. Allar helstu framkvæmdir eru deiliskipulagsskyldar s.s. svæði fyrir heilsársbyggð, frístundabyggð, iðnaðarstarfsemi o.fl. Á einstökum svæðum þar sem sérstakar aðstæður krefjast fari fram nákvæm skráning og kortlagning fornminja. Þá ber að leggja fram fornleifaskráningu í tengslum við til dæmis skógræktaráætlanir og línulagnir (t.d. ljósleiðari, rafmagn, vatn, fráveita). Einnig eru stórfamkvæmdir umhverfismatsskyldar sbr., s.s. vegagerð, háspennulínur, virkjanir og efnisnámur“. Minjastofnun Íslands veitir umsögn vegna skipulagsmála út frá fyrirbyggjandi fornleifaskráningu. Ef Fornminjar eru á framkvæmdasvæði fer Minjastofnun Íslands fram á mótvægisáðgerðir, til dæmis fornleifarannsókn.

4.4.4.1 FRIDLÝSTAR FORNMINJAR

Friðlýstar fornminjar eru skráðar og auðkenndar á skipulagsupprætti. Auk þeirra er fjöldi annarra fornminja á svæðinu sem ekki hafa verið skráðar. Vakin er athygli á helstu þekktu minjum og þær verndaðar í flokki hverfisverndar. Hluti fornleifa á Íslandi hefur verið sérstaklega friðlýstur þar sem minjavarslan hefur álitnið að sérstaka áherslu skuli leggja á varðveislu þeirra til framtíðar. Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja. Heimilt er að friðlýsa yngri minjar.

Í eftirfarandi töflu er samantekt úr friðlýsingartexta. Friðlýstar fornminjar eru sýndar á landnotkunarupprætti, svo langt sem þær hafa verið staðsettar og mælikvarði korts leyfir.

Tafla 33. Yfirlit yfir friðlýstar fornminjar ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing
MV1	Staður í Staðardal	Byggingarleifar fornar á Staðardal. Legstaðir frá heiðni á Staðardal. sbr. Kålund 1877: 629. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 14.06.1933.
MV2	Hofstaðir	Fornar byggingarleifar á Hofstöðum. Aldur: 800-1700. Skrásetjari: Einar Ísaksson. Skrásett 18.09.2017.
MV3	Víðidalsá	Fornar dysjar tvær á holti, sem er í austnorrður frá bænum, og forn mannvirki á tveim stöðum framar á holtinu. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 14.06.1933.
MV4	Kirkjuból í Langadal	Kirkjugarður gamall. Ennfremur eru friðhelg öll minnismarki og legsteinar í kirkjugarðinum. Skjal undirritað af MP 31.12.1935. Þinglýst 14.07.1936.

BYGGINGARARFUR

Til byggingararfs samkvæmt minjalögum teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, svo sem:

- a. stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsapýrpingar og götumyndir,
- b. kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhlíðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki

⁹ Skv. Friðlýsingarskrá. 1990. Sótt á: <https://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/friðlysingaskra-med-vidbotum.pdf>

og sundlaugar, brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

- c. brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

4.4.4.2 FRIDLYST HÚS

Eftirfarandi hús í sveitarfélaginu eru friðlýst og um þau gilda lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Tafla 34. Yfirlit yfir friðlýst hús ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing	Tegund friðlýsingar	Byggingarár
MV5	Gamli barnaskólinn	Friðað af menntamálaráðherra 13. desember 2006, skv. 4. mgr. 8. gr. laga nr. 104/2001 um húsafriðun. Friðunin nær til ytra byrðis hússins. Hönnuður Rögnvaldur Ólafsson arkitekt.	Friðlýst með sérstakri ákvörðun	1913
MV6	Staðarkirkja, Steingrímsfirði	Friðuð 1. janúar 1990 skv. aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989. Hönnuður: Einar Einarsson smiður.	Friðlýst með sérstakri ákvörðun	1855-1856
MV7	Kollafjarðarnes-kirkja ¹⁰ við Kollafjörð	Steinsteypuhús reist árið 1909. Höfundur Rögnvaldur Ólafsson arkitekt. Turninn rifinn 1959 og nýr í sömu mynd reistur sama ár. Friðuð 1. jan. 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.	Friðlýst með sérstakri ákvörðun	1909
MV8	Nauteyrarkirkja á Langadalsströnd	Nauteyrarkirkja er vestast í sveitarfélaginu á Langadalsströnd austan megin í Ísafirði. Höfundur Guðni Árnason forsmiður. Kirkjan er úr timbri, bárujárnsklædd. Hún er veglegt hús og tekur hátt á annað hundrað manns í sæti. Setloft er í henni. Friðuð 1. jan. 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.	Friðlýst með Sérstakri ákvörðun	1885

4.4.4.3 FRIDUÐ HÚS

Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 teljast öll hús og mannvirki sem byggð voru árið 1924 eða fyrr friðuð. Að neðan eru listuð þau hús sem flokkast undir skilgreiningu laganna um friðun. Skýlt er að leita álits Minjastofnunar ef fyrirhugaðar eru framkvæmdir við þær.

Tafla 34 sýnir aldursfriðuð hús í Strandabyggð. Þessar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um að byggingarár húsa er ekki alltaf rétt, og skal leita samráðs Minjastofnunar Íslands þegar vafi leikur á byggingarári húsa. Þessi hús eru ekki merkt inn á uppdrátt.

Tafla 35. Hús og mannvirki sem eru byggð árið 1924 og fyrr og eru friðuð í þéttbýli.

Þéttbýli		
Staðfang	Lýsing	Byggingarár (Leiðrétting)
Hafnarbraut 22	Timburhús	1907
Hafnarbraut 39	Riis húsið	1896 (1897)
Hafnarbraut 39	Riis-pakkhús sambyggt	1896 (1906)?
Höfðagata 1	Steinhúsið	1913 (1911)
Höfðagata 7	Sæberg	1923 (1923-25)
Kópnes	Gamli bærinn	1916
Kópnesbraut 3b	Stöðin	1904 (1903)
Kópnesbraut 4	Tómasarhús	1902 (1914)
Kópnesbraut 4b	Barnaskólinn	1914 (1913)
Kópnesbraut 7	Læknishúsið	1903


¹⁰ <https://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/vestfiridir/nr/554>



Kópnesbraut 7	Sjúkraskýlið sambyggt	1903 (1911)
Kópnesbraut 9	Björnshús	1915 (1913)
Kópnesbraut 1	Albertshús	1920 (1925)
Kópnesbraut 6	Brynjólfsús	1923 (1931)
	Hólmavíkuviti (Vitinn á Vitaklifi)	1914 (1915)
	Innsiglingavörður tvær	1897 (1915)
	Símastaur við Borgabraut	1908

Tafla 36. Hús og mannvirki sem eru byggð árið 1924 og fyrr og eru friðuð í dreifbýli.

Dreifbýli		
Staðfang	Lýsing	Byggingarár
Óspakseyri	Kaupfélagshús (verslunarhús)	1900
Heydalsá í Steingrímsfirði	Tímurhús	1914
Laugarból við Íslafjarðardjúp	Tímurhús	1920
Laugarból við Íslafjarðardjúp	Pakkhús (tímurhús)	1883
Arngerðareyri	Geymsla (tímurhús)	1900
Ármúli	Kaldalónshús (tímurhús, steinsteypt hús)	1875
Hafnardalur við Langadalsströnd	Steinsteypt hús	1913



Mynd 40. Friðlýstar minjar í Strandabyggð.

4.4.5 Hverfisvernd (HV)

Hverfisvernd (HV)

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.

MARKMIÐ:

Stuðlað verði að varðveislu náttúruminja, fornleifa og annarra sögu- og menningarminja, sem m.a. rennir styrkari stoðum undir ferðaþjónustu á svæðinu. Metið skal hvort staðir sem hafa gildi sem náttúru- eða menningarfyrirbæri eða sem áhugaverðir staðir fyrir útivist og ferðamenn skuli hverfisverndaðir. Varðveita skal sérstakar náttúru- og menningarminjar í sveitarfélaginu, óháð því hvort sé um lögformlega friðun að ræða eða ekki.

ALMENNIR SKILMÁLAR

- Markvisst verði unnið að vernd náttúru- og menningarminja í sveitarfélaginu.
- Hverfisverndarsvæði og nánasta umhverfi þeirra njóta verndar og ef framkvæma á innan þeirra þá skulu framkvæmdaráform vera þannig að þau leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Framkvæmdir sem hafa áhrif á hverfisverndarsvæði og/eða breyta ásýnd þeirra eða ásýnd á þau skulu deiliskipulagðar.

Hverfisverndarsvæði er af tvennum toga, hverfisverndarsvæði vegna náttúruminja og hverfisverndarsvæði vegna menningarminja. Nokkrir staðir eru friðaðir ýmist vegna minja eða náttúru, en saga og náttúra eru víða samtvinnuð í þéttbýlinu á Hólmavík. Í dreifbýli Strandabyggðar eru átta svæði skilgreind sem hverfisverndarsvæði, einkum vegna sérstæðs fuglalífs, gróðurs og söguminja. Í þéttbýli Strandabyggðar eru fjögur svæði skilgreind sem hverfisverndarsvæði, einkum vegna sérstæðs fuglalífs og söguminja.

Hverfisvernd vegna menningarminja

Tafla 37. Yfirlit yfir hverfisvernd vegna menningarminja (HV) ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing svæðis	Skipulagsákvæði	Stærð (ha)
HV1	Kópnes	Kópneskotið er mjög sérstakt og með mikla sérstöðu í bæjarmynd Hólmavíkur. Húsið virðist hafa verið torfbær þar sem að undirstöður torfveggjar eru sýnilegar vestanvið. Það minnir mjög á þá þurrabúðargerð sem steinbæirnir spruttu af í Reykjavík og víðar. Útihúsin eru ómissandi hluti af heildarmyndinni sem er afar heilsteypt, lítið kot á litlu nesi með tún og ósnortið flæðarmál allt í kring. Afar ljóðrænt hús og geðþekkt. Húsið er afbragðsgott dæmi um smábúskap inni í þéttbýli á fyrri hluta 20.aldar. Kópnes er innan miðsvæðis M1.		0.3
HV2	Plássíð	Mikið varðveislugildi vegna heildstæðrar götummyndar sem varðveist hefur. Elsta húsið í Plássinu er Riis húsið sem byggt var 1896 en það yngsta 1952. Flest húsin eru byggð 1920-1935. Verið sé að vinna Verndarsvæði í byggð fyrir þetta. Plássíð er innan miðsvæðis M1.	Nýbyggingar innan svæðisins skulu því vera í samræmi við þær byggingar sem fyrir eru.	1.7
HV3	Skeljavík	Bæjarrústir Skeljavíkur. Bæjarins er fyrst getið í málidaga Kálfneskirkju árið 1397, en þá var hún eign kirkjunnar og var það enn 1709.		0.5
Samtals:				21

Hverfisvernd vegna náttúruminja

Tafla 38. Yfirlit yfir hverfisvernd vegna náttúruminja (HV) ásamt skilmálum.


Nr.	Heiti	Lýsing svæðis	Skipulagsákvæði	Stærð (ha)
HV4	Árnaklakkur	Hverfisvernd vegna auðugs fuglalífs. Árnaklakkur er á svæði sem er skilgreint sem opið svæði OP4.	Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er. Stefnt er að því að settar verði verndar- og umgengnisreglur um hverfisverndaða svæðið sem tryggja varðveislu svæðisins sem náttúruverndar- og útivistarsvæði. Almennt er reiknað með að gönguleiðir séu einungis merktar með staurum eða vörðum. Yfir læki og votlendi er reiknað með einföldum trjábrúm og yfir girðingar verða settar prílur.	0.2
HV5	Strandlengja frá Hólmavík að lækjarósi Hvítár.	Hverfisvernd vegna auðugs fuglalífs. Verndin er á svæði sem er skilgreint sem strandsvæði ST1 og opið svæði OP4.	Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er. Stefnt er að því að settar verði verndar- og umgengnisreglur um hverfisverndaða svæðið sem tryggja varðveislu svæðisins sem náttúruverndar- og útivistarsvæði. Almennt er reiknað með að gönguleiðir séu einungis merktar með staurum eða vörðum. Yfir læki og votlendi er reiknað með einföldum trjábrúm og yfir girðingar verða settar prílur.	6.5
HV6	Tungugröf	Hverfisvernd vegna auðugs fuglalífs og votlendis. Svæðið tekur yfir land eyðijarðarinnar Tungugrafar og hluta af vestanverðu landi Húsavíkur (Hrafnshes, Hrólfsmýri, Lómatjörn). Nánar er mörkum svæðisins lýst : (a) Takmarkast að mestu af veginum frá bænum Húsavík að Hleypilæk (Lómatjörn og aðliggjandi votlendi meðtalið), (b) af Hleypilæk, Tunguá og Hrófá, (c) Af ströndinni (6m dýpi). Ennfremur eru í Tungugröf fallegar klettaborgir sem sýni mikinn jarðlagahalla. Afþreyingar- og ferðamannasvæðið AF2 er innan marka Tungugrafar.	Innan svæðisins er friðlýst æðarvarp. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og hefðbundnar nytjar eru því heimilar. Óheimil er frekari framræsla, stíflugerð, mannvirkjagerð eða aðrar framkvæmdir, sem gætu breytt náttúru og aðstöðu fuglalífs. Þó er heimilt að endurheimta votlendi og bæta aðgengi almennings að svæðinu.	330
HV7	Kirkjuból við Steingrímsfjörð	Gerð er tillaga um hverfisvernd vegna auðugs fuglalífs í tångum og við Bæjarvík og vegna menningarlandslags í landi Kirkjubóls við Steingrímsfjörð. Um er að ræða svæði fyrir neðan þjóðveg á Innri-Tanga og Orrustutanga innan lands Kirkjubóls. Verndarsvæðið nær einnig til fjörunnar í	Allur óþarfa hávaði af völdum manna og véla er bannaður, nema með leyfi varpeiganda.	42



		Bæjarvíkinni neðan vegar, út í Kirkjusker og yfir í Hundatanga heima við bæinn Kirkjuból. Innan svæðisins er að finna Æðar-, Krú, Tjalda- og Teistuvarp. Mikill fjöldi tófta er að finna við Orrustu- og Hundatanga. mInnan hverfisverndarsvæðisins er verslunar- og þjónustusvæði Vþ4.		
HV8	Broddanes	Gerð er tillaga um hverfisvernd vegna auðugs fuglalífs og mikilvægs selaláturs. Svæðið tekur yfir alla strandlengjuna frá Broddá að landamerkjum við Stóra-Fjarðarhorn, ásamt Broddanesey, stærstu hólma og sker. Æðar- og Lundavarp er í stærstu eyjunum og selur kæpir víða á eyjum og skerjum meðfram ströndinni. Húnaflói er á náttúruminjaskrá vegna landsela.	Tryggja þarf sulum vernd í látru og á nærliggjandi grunnsævi þar sem fæðuöflun fer fram. Almenn er reiknað með að gönguleiðir séu einungis merktar með staurum eða vörðum. Yfir læki og votlendi er reiknað með einföldum trébrúm og yfir girðingar verða settar prílur. Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er. Leyfilegt er að búa í haginn fyrir æðarvarpið og þess gætt að það leiði til eins lítillar röskunar og kostur er. Stefnit er að því að settar verði verndar- og umgengnisreglur um hverfisverndaða svæðið sem tryggi varðveislu svæðisins. Utan varptíma eru gönguleiðir einungis leyfðar meðfram fjörunni. Öll umferða hunda og hrossa er bönnuð um svæðið. Hefðbundnar nytjar, svo sem dúntaka og beit geta haldist eins og verið hefur. Á varptíma frá 1. apríl – 30. júlí ár hvert gilda eftirfarandi viðbótarákvæði: Öll umferð bönnuð innan afgirts svæðis æðarvarpsins. Öll skot eru bönnuð innan 2 km frá æðarvarpi, nema brýna nauðsyn beri til. Ekki má leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjörumáli, nema með leyfi varpeiganda. Allur óþarfa hávaði af völdum manna og véla er bannaður, nema með leyfi varpeiganda.	336
HV9	Óspakseyri	Gerð er tillaga um hverfisvernd vegna auðugs fugla- og dýralífs við Strandlengjuna í Bitrufirði. Svæðið tekur yfir strandlengju Bitrufjarðar, frá Tunguá að Krossá. Æðarvarp er í Eyrarhólma. Tunguá og Krossá eru veiðiár, þar sem veiðist bæði lax og silungur.	Hefðbundnar nytjar, svo sem beit, dúntaka og veiðar geta haldist eins og verið hefur. Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er. Leyfilegt er að búa í haginn fyrir æðarvarpið og þess gætt að það leiði til eins lítillar röskunar og kostur er. Almenn er reiknað með að gönguleiðir séu einungis merktar með staurum eða vörðum. Yfir læki og votlendi er reiknað með einföldum trébrúm og yfir girðingar verða settar prílur. Utan varptíma eru gönguleiðir einungis leyfðar meðfram fjörunni. Á varptíma frá 1. apríl – 30. júlí ár hvert gilda eftirfarandi viðbótarákvæði: Öll umferð bönnuð innan afgirts svæðis æðarvarpsins. Öll skot eru bönnuð innan 2 km frá æðarvarpi, nema brýna nauðsyn beri til. Ekki má leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjörumáli, nema með leyfi varpeiganda. Allur óþarfa hávaði af völdum manna og véla er bannaður, nema með leyfi varpeiganda.	103
HV10	Suðurhluti Drangajökuls	Svæði sem nær frá Kaldá í Kaldalóni og nær að mestu fyrir neðan 300 m.y.s. og að sjó upp að	Ákvæði hverfisverndar: Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.	846,3



		Drangajökli. Hverfisverndin hefur minnkuð frá fyrra skipulagi.	Stefnt er að því að settar verði verndar- og umgengnisreglur um hverfisverndaða svæðið sem tryggi varðveislu svæðisins sem náttúruverndar- og útivistar-svæði. Almennt er reiknað með að gönguleiðir séu einungis merktar með staurum eða vörðum. Yfir læki og votlendi er reiknað með einföldum trébrúm og yfir girðingar verða settar prílur.	
Samtals:				10.93 2



Mynd 41. Hverfisvernd í Strandabyggð.

4.4.6 Varúðarsvæði (VA)

Varúðarsvæði (VA)

Svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni. Svæði í biðflokki samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun.

Samkvæmt 12. gr. reglugerðar nr. 1400/2020, um mengaðan jarðveg, skal Umhverfisstofnun vinna í gerð gagnagrunns yfir menguð svæði eða svæði þar sem grunur er um mengun og skulu sveitarfélög taka mið af þessari skrá við gerð skipulags. Skilgreina skal þessi svæði sem varúðarsvæði.

Tafla 39. Yfirlit yfir varúðarsvæði (VA) ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing svæðis	Skipulagsákvæði	Stærð (ha)
VA1	Skúfnvatna-virkjun	Skúfnvatnavirkjun, ofan þverár í Ísafirði. Í tillögu verkefnastjórnar í 5. áfanga rammaáætlunar var þessi virkjanakostur flokkaður í nýtingarflokk. Virkjunarkosturinn er staðsettur syðst á Langadalströnd í Ísafjarðardjúpi í Strandabyggð.	Gert er ráð fyrir virkjun í Skúfnavötnum við Ísafjarðardjúp, sem hef Rauðamýrarfjalls norður af Hvannadalsá og leiðir saman þrjú vatnasvið í Skúfnavötnum með Hvannadalsárveitu og Austurmannagilsveitu og að uppsett afl vatnsaflsvirkjunarinnar verði 16 MW.	1063.9
Samtals:				1063.9

4.4.7 Vatnsvernd vatnsbóla (VG, VF)

Vatnsvernd vatnsbóla (VG, VF)

Vatnsverndarsvæði, þ.e. svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn.

Skilgreind eru brunn-, grann- og fjarsvæði sem sýnd eru á aðalskipulagsuppdraetti. Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 skulu höfð til grundvallar við ákvarðanatöku er varðar vatnsvernd í sveitarfélaginu en markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Ýmsar mannlegar athafnir geta haft neikvæð áhrif á lífríki í straum- og stöðuvötnum, s.s. vatnsmagn, samfellu og tíðni og hraða rennislisbreytinga. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap

Grannsvæði (VG)

Á grannsvæði er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum, sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín, og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagning, áburðarnotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagning, áburðarnotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti. Grannsvæði vatnsverndar Ósáreyrarveitu Hólmavíkur nær upp með Ósá og vestur fyrir þjóðveg.

Fjarsvæði (VF)

Á fjarsvæði vatnsbóla þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp hér að ofan. Stærri geymslur fyrir slík efni eru óheimilar á fjarsvæðum. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja. Allt vatnasvið Ósár er skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar Ósáreyrarveitu Hólmavíkur. Allar framkvæmdir á þeim svæðum þurfa að bíða umsagnar og frekari fyrirmæla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða til þess að tryggja öryggi



vatnsverndarsvæða Ósáreyrarveitu. Ströng vatnsvernd er á brunnsvæði og grannsvæði vatnsbólsins, í samræmi við skilmála hér að ofan.

ALMENNIR SKILMÁLAR


- Staðið verði vörð um vernd grunnvatns sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi og vatnsgæði verði ávallt til fyrirmyndar.
- Vatnsból verði afgirt og engar framkvæmdir sem gætu ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grannsvæðum eða fjarsvæðum þeirra.

Tafla 40. Yfirlit yfir grannsvæði (VG) ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing svæðis	Skipulagsákvæði	Stærð (ha)
VG1	Vatnsveita Hólmavíkur	Grannsvæði.	Takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br	28.7
VG2	Húsavík	Grannsvæði.	Takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br	12.7
VG3	Heiðarbær	Grannsvæði.	Takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br	17.2
VG4	Litla Fjarðarhorn og Hlíð	Grannsvæði.	Takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br	12
VG5	Fell	Grannsvæði.	Takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br	13.6
VG6	Broddanes 1 og 2	Grannsvæði.	Takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br.	7.6
VG7	Gröf	Grannsvæði.	Takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br.	22.3
VG8	Óspakseyri	Grannsvæði.	Takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br.	13.2
VG9	Hafnardalur	Grannsvæði.	Takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br.	15.4
VG10	Tunga	Grannsvæði.	Takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br.	18.1
Samtals:				161.2

Tafla 41. Yfirlit yfir fjarsvæði (VF) ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing svæðis	Skipulagsákvæði	Stærð (ha)
VF1	Vatnsveita Hólmavíkur	Fjarsvæði.	Takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br.	4740
VF2	Húsavík	Fjarsvæði.	Takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br.	19
VF3	Heiðarbær	Fjarsvæði.	Takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br.	14.7
VF4	Litla Fjarðarhorn og Hlíð	Fjarsvæði.	Takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br.	28.9
VF5	Fell	Fjarsvæði.	Takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br.	30.3
VF6	Broddanes 1 og 2	Fjarsvæði.	Takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br.	8.9
VF7	Gröf	Fjarsvæði.	Takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br.	30.3
VF8	Óspakseyri	Fjarsvæði.	Takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br.	57.7
VF9	Hafnardalur	Fjarsvæði.	Takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br.	67
VF10	Tunga	Fjarsvæði.	Takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br.	90.8
Samtals:				5129



Mynd 42. Vatnsból og vatnsvernd.

4.4.8 Vötn, ár og sjór (V)

Vötn, ár og sjór (V)

Vatnsfletir núverandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar, þar með talið legu þeirra vegna stífla, breytingu á árfarvegum og landfyllinga.

Vötn, ár og sjór eru sýnd á skipulagsuppdraetti innan netlaga, þ.e. innan við 115 m frá stórstraumsfjöruborði.

ALMENNIR SKILMÁLAR:

- Gæta skal að umgengni við vötn, ár og sjó í samræmi við lög þar að lútandi, s.s. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, og tryggja að vatnsgæði rýrni ekki.
- Tryggja skal umgengnisrétt almennings og ekki skal byggja nær vatnsborði en 50 metrum þó með þeim undantekningum sem gerðar eru í skipulagsreglugerð.
- Framkvæmdir í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka þess, kunna að vera háðar leyfi Fiskistofu sbr. 33. gr. lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Tafla 42. Yfirlit yfir vötn, ár og sjó (V) ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing svæðis	Skipulagsákvæði	Stærð (ha)
V1	Vötn	Vötn innan Strandabyggðar. Aðeins er sett auðkenni á stærstu vötnin.	Sjá almenna skilmála.	6941
Samtals:				6941

4.4.9 Strandsvæði (ST)

Strandsvæði (ST)

Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki.

Strandabyggð á mörk að Húnaflóa til austurs og Ísafjarðardjúpi til vesturs og þar er að finna dýrmæt strandsvæði. Fjörur koma að notum á margan hátt, þær gegna mikilvægu hlutverki í vistkerfi sjávar og lands og henta oft vel sem útivistarsvæði. Lífríki fjörunnar leggst ekki í dá að vetri líkt og lífríki á landi, fuglar og ýmis landdýr sækja fæðu í fjörur og þar getur verið mikið líf allan ársins hring. Mið skal taka af Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða þegar fjallað er um strandsvæðið við Ísafjarðardjúp.

MARKMIÐ OG SKILMÁLAR:

- Lögð er áhersla á verndun strandlengjunnar í þéttbýli sem dreifbýli.
- Framkvæmdir á og við strandlengju skulu deiliskipulagðar og tekið tillit tekið til vistkerfa, útivistarmöguleika og minja.

Tafla 43. Yfirlit yfir strandsvæði (ST) ásamt skilmálum.

Nr.	Heiti	Lýsing staðar	Skipulagsákvæði	Stærð (ha)
ST1	Strandsjór að netlögum í Hólmavík.	Strandsjór er sjór innan netlaga, þ.e. innan við 115 metra frá stórstraumsfjöruborði.	Strandsvæðið er að hluta til innan hverfisverndarsvæðisins HV5.	41.2
Samtals:				41.2

4.4.10 Vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó (VS)

Vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó (VS)

Svæði þar sem langtímamarkmið um ástand vatns hefur verið skilgreint samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns og svæði sem njóta heildstæðrar verndar samkvæmt sérlögum.

Vötnin njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 ef þau eru 1.000 m² eða stærri. Skipulagsmörk aðalskipulagsins ná 115 m út fyrir stórstraumsfjöru (netlög).

Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun af mannavöldum skulu heilbrigðisnefndir flokka allt yfirborðsvatn og grunnvatn í samræmi við 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um mengun vatns og skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn. Vatnasvæðum á að skipta í fimm flokka, A-E, í samræmi við reglugerð um mengun vatns. Framangreind flokkun á vatnasvæðum í sveitarfélaginu hefur ekki farið fram. Einnig skulu höfð til hliðsjónar ákvæði laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála sem og vatnaáætlun 2022-2027 (drög til kynningar), sem felur í sér stefnumörkun um vatnsvernd.

Um vatnasvæði gilda eftirtalin ákvæði til varnar mengun:

1. Stefnt er að því að strandlengjan verði í flokki A, ósnortið vatn, sbr. skilgreiningu í 9. og 10. greinum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns með fyrirvara um þynningarsvæði þar sem skólpi er veitt til sjávar. Miðað verði við að þynningarsvæði nái ekki að strönd.
2. Stefnt er að því að allar ár, lækir, vötn og tjarnir verði í flokki A. Þessi svæði hafa öll verndargildi vegna fuglalífs og gróðurfars auk þess sem sum þeirra hafa útivistargildi.
3. Öll byggð skal nota viðurkenndar rotþrær með tveggja þrepa hreinsibúnaði.
4. Stefnt er að því að sveitarstjórn í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit og Umhverfisstofnun, meti ástand vatnasvæða í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og áburðarefna.

Almenn skilyrði skipulagsreglugerðar gilda um að tryggja skuli umferð almennings meðfram ám, vötnum og sjó. Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.

MARKMIÐ OG SKILMÁLAR:

- Stefnt er að því að Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða í samráði við sveitarfélagið, flokki vatnasvæði í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og notkunar áburðarefna.
- Frárennismál verði ávallt í góðu lagi og vatnsgæði í ám, vötnum og sjó til fyrirmyndar.

4.4.10.1 VATNSHLOT

Í samræmi við vatnatilskipun og lög um stjórn vatnamála skal yfirborðs- og grunnvatn flokkað í svokölluð vatnshlot og eiginleikar og ástand þeirra metið með það að markmiði að tryggja verndun vatns innan sveitarfélagsins, sbr. reglugerð 935/2011 um stjórn vatnamála og Vatnaáætlun fyrir Ísland 2022-2027. Gerð er krafa um að öll vatnshlot skuli vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðs- og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau

Vatnshlot í Strandabyggð	
Vatnsflokkur	Fjöldi
Strandsjór	9
Grunnvatn	8
Stöðuvatn	10
Straumvatn	54
Heildarfjöldi vatnshlota	81

umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla. Í Strandabyggð eru 81 vatnshlot samkvæmt vatnavefsjá.¹¹ Þar af eru 73 yfirborðsvatnshlot og 8 grunnvatnshlot. Magnstaða og efnafræði grunnvatns er góð fyrir öll grunnvatnshlot (8). Vistfræðilegt ástand yfirborðsvatns er mjög gott í 65 vatnshlotum en óflokkað í 8. Vistfræðilegt umhverfismarkmið fyrir 65 þeirra er mjög gott og gott fyrir 8. Efnafræðilegt ástand yfirborðs- og grunnvatns vatns er óþekkt. Efnafræðilegt umhverfismarkmið fyrir öll yfirborðsvatnshlot (73) er gott. Öll vatnshlot ná umhverfismarkmiðum.

Umfjöllun um 48 af 73 yfirborðsvatnshlotum Strandabyggðar er í töfluTafla 44.

Tafla 44. Hluti vatnshlota innan Strandabyggðar.

Vatnshlotanúmer (ID)	Heiti	Vistfræðilegt ástand	Efnafræðilegt ástand
101-1011-L	Ónefnt vatn (Efsta-Ranghalavatn?)	Mjög gott	Óþekkt
101-1016-L	Lómavatn	Mjög gott	Óþekkt
101-1028-L	Þiðriksvallavatn	Mjög gott	Óþekkt
101-110-R	Ósá 2	Mjög gott	Óþekkt
101-114-R	Selá 2	Mjög gott	Óþekkt
101-1599-R	Þambá	Mjög gott	Óþekkt
101-1-R	Langadalsá 1	Mjög gott	Óþekkt
101-22-R	Broddadalsá	Mjög gott	Óþekkt
101-26-R	Hvalsá	Mjög gott	Óþekkt
101-2-R	Þverá	Mjög gott	Óþekkt
101-314-R	Tunguá	Mjög gott	Óþekkt
101-320-R	Krossá	Mjög gott	Óþekkt
101-333-R	Þrúðadalsá	Mjög gott	Óþekkt
101-334-R	Ennisá	Mjög gott	Óþekkt
101-339-R	Fellsá	Mjög gott	Óþekkt
101-341-R	Tröllatunguá	Mjög gott	Óþekkt
101-352-R	Heydalsá	Mjög gott	Óþekkt
101-355-R	Miðdalsá 1	Mjög gott	Óþekkt
101-371-R	Húsadalsá 3	Mjög gott	Óþekkt
101-374-R	Víðidalsá	Mjög gott	Óþekkt
101-378-R	Húsadalsá 2	Mjög gott	Óþekkt
101-37-R	Hafnardalsá	Mjög gott	Óþekkt
101-387-R	Þverá	Mjög gott	Óþekkt
101-394-R	Aratunguá	Mjög gott	Óþekkt
101-395-R	Ósá 1	Mjög gott	Óþekkt
101-396-R	Sunndalsá	Mjög gott	Óþekkt
101-398-R	Grjótá	Mjög gott	Óþekkt
101-414-R	Efrabólsá	Mjög gott	Óþekkt
101-417-R	Farmannsdalsá/Hólasunndalsá	Mjög gott	Óþekkt
101-420-R	Gervidalsá (Gjörfidalsá)	Mjög gott	Óþekkt

¹¹ <https://vatnavefsja.vedur.is/>

101-433-R	Þjóðbrókargil	Mjög gott	Óþekkt
101-438-R	Bæjardalsá/Miðdalsá	Mjög gott	Óþekkt
101-440-R	Norðdalsá	Mjög gott	Óþekkt
101-465-R	Lágadalsá/Hvannadalsá	Mjög gott	Óþekkt
101-489-R	Hvannadalsá 1	Mjög gott	Óþekkt
101-501-R	Hvannadalsá 2	Mjög gott	Óþekkt
101-52-R	Blævardalsá	Mjög gott	Óþekkt
101-62-R	Hraundalsá	Mjög gott	Óþekkt
101-75-R	Staðará	Mjög gott	Óþekkt
101-81-R	Þiðriksvallaá?	Mjög gott	Óþekkt
101-849-L	Ónefnt vatn (Austurmannagilsvatn?)	Mjög gott	Óþekkt
101-850-L	Ónefnt vatn (Stóra-Austurmannagilsvatn?)	Mjög gott	Óþekkt
101-859-L	Ónefnt vatn (Stóra-Skúfnvatn?)	Mjög gott	Óþekkt
101-85-R	Húsadalsá 1	Óflokkað	Óþekkt
101-867-L	Hólmavatn	Mjög gott	Óþekkt
101-879-L	Skeifuvatn	Mjög gott	Óþekkt
101-93-R	Selá 1	Mjög gott	Óþekkt
101-998-L	Svartagilsvatn	Mjög gott	Óþekkt

4.4.11 Náttúruvá (NV)

Náttúruvá (NV).

Svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri).

Flóðahætta er hverfandi á Hólmavík en talsverður sjógangur getur þó orðið í suð- og austlægum áttum. Sjávarrof er við strönd á nokkrum stöðum og í þéttbýlinu. Á Hólmavík hafa verið byggðir sjóvarnargarðar á um 350 kafla meðfram Kópnesbraut og Höfðagötu og einnig við Hólmavíkurveg við Furuvelli. Gera þarf ráð fyrir sjóvörn vegna stækkunar hafnarsvæðis. Önnur náttúruvá er ekki talin fyrir hendi á Hólmavík.

MARKMIÐ & SKILMÁLAR

- Að íbúar sveitarfélagsins búi við öryggi m.t.t. náttúruvár og landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvár.
- Hættusvæði vegna ofanflóða verði kortlögð enn frekar. Þess verði gætt að íbúðarbyggð og frístundabyggð verði ekki skipulögð á hættusvæðum. Metin verði þörf á endurbótum vegakerfis vegna ofanflóðahættu, þ.m.t. hugsanlegan flutning á vegarstæðum.
- Metin verði þörf á aðgerðum vegna landbrots af völdum sjávangangs.
- Að eignir verði sem best varðar fyrir náttúruvá.
- Öll íbúðarhús og atvinnustarfsemi byggist upp á hættulausum eða hættulitlum svæðum í samræmi við ofanflóðahættumat sem takmarkar þróun og uppbyggingu á ofanflóðahættusvæðum.
- Nýting á hættusvæðum skal vera í samræmi við löggjöf um ofanflóð og ofanflóðahættu.
- Stuðlað skal að öryggi fólks með fyrirbyggjandi áætlunum, viðbragðsáætlunum og góðu streymi upplýsinga til íbúa og atvinnulífs.
- Í skipulagsgerð skal leggja áherslu á að afla góðra grunngagna um náttúruvá og leita álits hjá viðkomandi fagaðilum og staðkunnugum til að forðast neikvæð áhrif af völdum náttúruvár.
- Við gerð deiliskipulags ásamt útgáfu bygginga- og framkvæmdaleyfa þarf að meta hvort þörf sé á staðbundnu hættumati.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hættu af völdum sjávarflóða í dreifbýli. Í þeim skipulagsáætlunum sem hér hefur verið vitnað í er sú hættu ekki til umræðu. Ekki er að öðru leyti talin sérstök hættu á öðrum náttúruhamförum en að neðan er getið.

4.4.11.1 OFANFLÓÐ

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands mun stofnunin vinna að dreifbýlishættumati vegna ofanflóða fyrir allar byggðir landsins. Meðan niðurstöður liggja ekki fyrir er settur fyrirvari um gerð staðbundins hættumats, samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (nr. 49/1997) og reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð staðbundins hættumats (nr. 495/2007). Við vinnslu nýs deiliskipulags og við útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfi þarf í hvert og eitt sinn að meta hvort þörf sé á staðbundnu hættumati. Í bókaflokknum "Skriðuföll og snjóflóð" er mjög ítarleg umfjöllun um skriður og snjóflóð svo langt aftur í tímann sem annálar greina og fram til árunna 1990 og 1991.

Snjóflóðasetur Veðurstofu Íslands á Ísafirði hefur gert yfirlit yfir þau snjóflóð sem fallið hafa í Strandabyggð og skráð hafa verið síðustu ár og það sem skráð er í bókaflokknum „Skriðuföll og snjóflóð“. Meðfylgjandi í fylgiskjöllum er útskrift Hörpu Grímsdóttur úr gagnagrunni Veðurstofunnar, en helstu niðurstöður eru eftirfarandi:


- Steinadal hafa þrjú flóðanna fallið: 1998, 1995 og 1900.
- Við Kaldalón á Langadalströnd Ísafjarðar falla flóð 1989 og 1968. Við Gervidal einnig í Ísafirði 1849 (inn undir fjarðarbotni).
- Við Steingrímsfjörð falla snjóflóð 1849 (Geirmundarstaðir) og 1873.
- Í Staðardal féllu mörg snjóflóð 1995 úr hliðinni milli Kirkjubóls og Kleppustaða.
- Snjóflóð féll á Þverárvirkjun 1995.
- Krapaflóð hafa fallið nærri Kleifarbjarginu.
- Í Forvaðanum rétt við Kollafjarðarnes hafa fallið snjóflóð.

4.4.11.2 JARÐSKJÁLFTAR OG ELDVIRKNI

Skjálftasvæðum Íslands hefur verið skipt niður í fimm hönnunarhröðunarsvæði þar sem taldar eru 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili. Hæsti áhættuflokkurinn hefur hönnunarhröðunina $a_g = 0,4$ (0,4g) en það er 40% af þyngdarhröðuninni. Næsti áhættuflokkur hefur hönnunarhröðunina 0,3g. Síðan koma 0,2g, 0,15g og að lokum 0,1g. Við hönnun á mannvirkjum er því notast við fyrrnefnda hönnunarhröðun hvers svæðis. Strandabyggð flokkast á svæði utan áhættuflokka.


4.4.11.3 FLÓÐAHÆTTA AF VÖLDUM STÍFLUROFS

Haustið 2020 fóru sérfræðingar frá Verkís í skoðunarferð að aðalstíflu Þverárvirkjunar vegna þess að 20 ár voru liðin frá byggingu hennar. Í kjölfar skoðunarferðarinnar var mælt með að afleiðingar stíflurofs yrðu metnar (Verkís, 2021a). Þverárvirkjun er vatnsaflsvirkjun í Steingrímsfirði á Ströndum, sem var byggð á árunum 1951-1953. Miðlunarlón virkjunarinnar er Þiðriksvallavatn, staðsett við Húsadalsá. Upphaflega stífla virkjunarinnar var steipt bogastífla, fyrsta sinnar tegundar á landinu, sem einnig virkaði sem yfirfall og inntak fyrir þrýstipípu sem liggur að stöðvarhúsi virkjunarinnar. Steipta stíflan var hækkuð í nokkrum áföngum en var hæst í um 83 m y.s. Á árunum 1999 til 2001 var ný stífla, Þverástífla, byggð samhliða endurnýjun á Þverárvirkjun. Nýja stíflan er um 520 m löng jarðstífla. Með krónutoppi í 92,5 m y.s. og kjarna í 90,5 m y.s. nema í hjástíflunni þar sem ekki er kjarni.




Mynd 43. Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði miðað við 500 ára meðalendurkomutíma. Heimild: Staðlaráð Íslands, Íslenskur staðall.

Niðurstaðan er að flóð í kjölfar stíflurofs þverárstíflu helst innan nokkuð afmarkaðs farvegar neðan við stöðvarhús þverárvirkjunar í öllum þremur tilvikum. Mesta rennsli neðan við stöðvarhúsið verður vegna flóðs í kjölfar rofs í þverárstíflu í farvegi þverár sem reiknast rúmlega tvöfalt meira en flóð í kjölfar rofs til hliðar við farveginn, en þrefalt meira en flóð vegna rofs í hjástíflu. Á þetta við hvort sem er vegna hæsta flóðtopps eða uppsafnað rennsli í lok atburðar.



Mynd 44. Útbreiðsla flóða vegna stíflurofs í farvegi þverár (blár flötur), til hliðar við farveginn (grænn flötur) og í hjástíflunni (rauður flötur).

Flóð vegna rofs í stíflunni þar sem hún er hæst (í farvegi þverár) hefur minni útbreiðslu í nágrenni stíflunnar sjálfrar samanborið við hin tvö roftilfellin (mynd 7). Meiri áhrif eru neðar á flóðasvæðinu, sérstaklega austan við veginn. Eins og nefnt er í kafla 3.3 „Áhrif ræsis og vegfyllingar“ þá er ekki gert ráð fyrir rofi í vegfyllingunni, sem gæti valdið ofmati á útbreiðslu flóðvatns við hana fyrir flóð vegna stíflurofs í þverárstíflu í farvegi þverár.



Mynd 45. Hættumat gagnvart fólki með aðferð DEFRA til hægri og Hættumat gagnvart fólki og byggingum með aðferð Emmanuel Pagneux og Matthew J. Roberts (2015).

Hættumatskort sem tekur mið af mestu hættu byggt á hermunum þriggja roftilfella í þverárstíflu. Sýndar eru niðurstöður beggja aðferða, en mælt er með hér að horft sé til DV (aðferðarfræði Emmanuel Pagneux og Matthew J. Roberts, 2015) þar sem hún sýnir hættu gagnvart fólki og mannvirkja. Útbreiðsla vegna stíflurofs var eingöngu metin fyrir þrjú roftilfelli, en stíflan gæti í raun rofnað hvar sem er, þótt það sé talið ólíklegt, sem myndi leiða til útbreiðslu flóðvatns á svæðinu í hliðinni milli stöðvarhússins og stíflunnar. Það svæði gæti því í raun allt flokkast undir mikla eða geysimikla hættu, sé miðað við aðferðarfræði DV og hættu fyrir alla, sé miðað við HR.

5 UMHVERFISSKÝRSLA

5.1 YFIRLIT YFIR EFNI ÁÆTLUNAR

Samhliða gerð aðalskipulags var unnið umhverfismat aðalskipulagsáætlunarinnar eins og lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana gera ráð fyrir. Landmótun vann að gerð umhverfisskýrslu aðalskipulags Strandabyggðar í samvinnu við vinnuhóp fyrir endurskoðun aðalskipulags Strandabyggðar.

Aðalskipulag er stefna Strandabyggðar um landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál sveitarfélagsins til ársins 2036. Aðalskipulagið er unnið í samráði við íbúa sveitarfélagsins og aðra hagsmunaaðila og byggir á markmiðum skipulagslaga.

Aðalskipulag Strandabyggðar er skipulagsáætlun sem er háð umhverfismati skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana þar sem áætlunin markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögnum er undirbúin og samþykkt af stjórnvöldum og unnin skv. lögum.

Hér er sett fram umhverfismat aðalskipulags Strandabyggðar í samræmi við kröfur laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

5.2 TILGANGUR UMHVERFISMATS

Umhverfismat áætlana er aðferð til þess að auka gæði áætlana, breyta þeim og samþætta fyrirliggjandi stefnu í umhverfismálum og sjálfbærri þróun. Umhverfismat áætlana er ákveðið ferli sem ber að fylgja við gerð áætlana svo leggja megja mat á hvort og þá hvaða áhrif tiltekin áætlun hefur á umhverfið í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Grundvallarhugmyndin með slíku mati er að sá sem mótar stefnuna átti sig á orsakasambandi milli áætlana og umhverfisáhrifa þeirra. Tilgangur umhverfisskýrslunnar er að greina frá því á hvaða hátt ákvarðanir um landnotkun og stefnumið Aðalskipulags Strandabyggðar 2024-2036 í tilteknum málaflokkum hafa áhrif á umhverfið og hvernig tekið var tillit til þessara áhrifa við mótnun aðalskipulagsins. Í 1.gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 kemur fram að markmið þeirra sé að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að því að við gerð framkvæmda- og skipulagsáætlana sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Matsvinnan fyrir endurskoðun aðalskipulags miðaði við að tilgangi laganna yrði náð.

5.3 UMFANG, ÁHERSLUR OG FRAMSETNING

5.4 MARKMIÐ ÁÆTLUNAR SEM TEKIN ERU TIL MATS

Í eftirfarandi kafla er fjallað um helstu umhverfisáhrif sem tillaga að aðalskipulagi Strandabyggðar 2024-2036 er líkleg til að hafa í för með sér. Fjallað er um áhrif tiltekinna málaflokka og stefnumörkun þeirra á helstu umhverfisþætti. Lögð er áhersla á að meta umhverfisáhrif breytinga frá núverandi skipulagsáætlunum.

Takmarkanir umhverfisvernd og náttúruvá þar sem fjallað er um verndarsvæði, náttúruvernd og -vá og óbyggð svæði.

Samfélag og byggð, þar sem fjallað er um þjónustustofnanir, frístundabyggð, íbúðapróun, íbúðarhúsnæði, íbúðarsvæði og opin svæði til sérstakra nota.

Atvinnulíf, þar sem fjallað er um landbúnað, verslun og þjónustu, ferðaþjónustu, athafnasvæði, iðnaðarsvæði, efnistöku og sorpförgun.

Innviðir – Samgöngur og veitur þar sem fjallað er um samgöngur og veitur í sveitarfélaginu.

Í aðalskipulagi Strandabyggðar eru tekin til mats stefnumið um byggð þ.e. um íbúðarsvæði, stefnumið um samgöngur og veitur og stefnumið um sorpförgun, þar sem í þessum málaflokkum er möguleiki á verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.



5.5 TENGL VIÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ

Við gerð umhverfisskýrslu verður horft til og tekið mið af eftirfarandi áætlunum. Horft var einnig til alþjóðlegra samninga og annarra stefnuskjala stjórnvalda eftir því sem við á.

5.5.1 Áætlanir á landsvísu

Áætlanir til athugunar	Tenging	Möguleg viðbrögð í Skipulagsvinnunni
Svæðisskipulag Vestfjarða 2025-2050	Er í vinnslu en er horft til þeirrar vinnu við gerð aðalskipulagsins.	
Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030	Haft til hliðsjónar við gerð á Aðalskipulagi Strandabyggðar 2024-2036 og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum.	Skipulagsbreytingin tekur mið af gildandi áætlun og er í samræmi við þá landnotkun sem er innan sveitarfélagsins Strandabyggðar.
Strandsvæðisskipulag Vestfjarða sem var samþykkt árið 2023	Haft til hliðsjónar við gerð á Aðalskipulagi Strandabyggðar 2024-2036 og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum.	Mörk skipulagssvæðisins ná til lands eru við netlög, 115 m út frá stórstraumsfjöruborði, en staðarmörk sveitarfélaga miðast við netlög þar sem sett er fram stefna um framtíðarnýtingu og vernd svæðisins.
Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020	Haft til hliðsjónar við gerð á Aðalskipulagi Strandabyggðar 2024-2036 og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum.	Skipulagsbreytingin tekur mið af gildandi áætlun og er í samræmi við þá landnotkun sem nær yfir sveitarfélagamörk. Tillagan er einnig í samræmi við endurskoðun Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020.
Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2018-2030	Haft til hliðsjónar við gerð á Aðalskipulagi Strandabyggðar 2024-2036 og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum.	Skipulagsbreytingin tekur mið af gildandi áætlun og er í samræmi við þá landnotkun sem nær yfir sveitarfélagamörk.
Aðalskipulag Reykhólahrepps 2022-2034	Haft til hliðsjónar við gerð á Aðalskipulagi Strandabyggðar 2024-2036 og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum.	Skipulagsbreytingin tekur mið af gildandi áætlun og er í samræmi við þá landnotkun sem nær yfir sveitarfélagamörk.
Aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010-2030	Haft til hliðsjónar við gerð á Aðalskipulagi Strandabyggðar 2024-2036 og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum.	Tillagan mun ekki hafa áhrif á Aðalskipulag Kaldrananeshrepps. Endurskoðun aðalskipulag er í vinnslu og verður þess gætt að tillagan verði í samræmi við þá landnotkun sem nær yfir sveitarfélagamörk.
Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026	Haft til hliðsjónar við gerð á Aðalskipulagi Strandabyggðar 2024-2036 og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum.	Unnið er að endurskoðun aðalskipulags og verður þess gætt að tillagan verði í samræmi við þá landnotkun sem nær yfir sveitarfélagamörk.
Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032	Haft til hliðsjónar við gerð á Aðalskipulagi Strandabyggðar 2024-2036 og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum.	Tillagan mun ekki hafa áhrif á Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032.
Deiliskipulag á svæðum sem tillaga að breytingu nær yfir og aðliggjandi svæðum	Deiliskipulag á svæðinu höfð til hliðsjónar við gerð aðalskipulags og við gerð umhverfisskýrslu.	Tillaga að aðalskipulagi kallar á deiliskipulagsgerð.
Húsnæðisáætlun Strandabyggðar 2024	Höfð til hliðsjónar í aðalskiplaginu varðandi íbúaspa og þörf á íbúðahúsnæði.	Húsnæðisáætlunin er höfð til hliðsjónar á þróun íbúafjölda og þörf á íbúðahúsnæði.

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022-2033	Ekki hefur verið unnin svæðisáætlun fyrir Vestfirði.	Svæðisáætlun er í vinnslu hjá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða. Aðalskipulagið mun samræmast þeim kröfum sem löggjafinn setur í þessum málaflokki
Þingsáætlun um Samgönguáætlun 2024-2038	Höfð til hliðsjónar við gerð Aðalskipulags Strandabyggðar 2024-2036 og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum.	Breytingin er í samræmi við samgönguáætlun.

5.5.2 Alþjóðlegar samþykktir

Markmið og ákvæði eftirfarandi alþjóðlegra samþykpta liggja til grundvallar framtíðarsýn og stefnu aðalskipulags Strandabyggðar.

Áætlanir til athugunar	Tenging
Alþjóðasamþykkt um fugla-vernd (París 1950).	Allir villtir fuglar skulu verndaðir. Stjórnvöld mega veita undanþágu frá þessari almennu reglu í þágu vísinda og menntunar, og hvað varðar vargfugla.
Ramsarsamningur, samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi (Ramsar 1971).	Ekkert svæði nýtur verndar á grundvelli samningsins innan Strandabyggðar. En aðalskipulag Strandabyggðar tekur mið af samningnum með að raska sem minnst votlendi.
Landslagssamningur Evrópu	Markmið Landslagssamnings Evrópu er að stuðla að verndun, stýringu og skipulagi landslags ásamt því að koma á fót evrópsku samstarfi um landslag. Samningurinn gildir um allt yfirráðasvæði aðildarríkja og nær til ósnortins lands, þéttbýlis, dreifbýlis og umhverfis borga. Hann tekur einnig yfir innri og skipgengar vatnaleiðir og sjávarsvæði auk þess sem samningurinn gildir hvort sem landslag kunni að teljast framúrskarandi, hversdagslegt eða niðurnítt.
Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979).	Gera ber nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda, eða aðlaga, stofnstærð villtra dýra og plantna, í samræmi við vistfræðilegar, vísindalegar og menningarlegar kröfur.
Samningur um líffræðilega fjölbreytni (Río 1992).	Stuðla ber að verndun og sjálfbærri notkun líffræðilegrar fjölbreytni.
Rammasamningur sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Río de Janeiro 1992).	Stemmt verði stigu við auknum gróðurhúsaáhrifum með því að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum og vernda og auka viðtaka og geyma (þ.e. lífmassa, skóga, höf og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi) fyrir gróðurhúsalofttegundir.
Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins (C 42/1995) http://whc.unesco.org	Skylda aðildarríkis til að skilgreina, vernda, varðveita, kynna og miðla til komandi kynslóða menningar- og náttúruarfleifð sem hefur sérstakt alþjóðlegt gildi og er á yfirráðasvæði þess.

5.6 UMHVERFISÞÆTTIR OG VIÐMIÐ

Umhverfisþættir og umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem stefna aðalskipulagsins hefur í för með sér. Umhverfisviðmið geta verið af ýmsum toga s.s. lög og stefnumið stjórnvalda. Höfð verður hliðsjón af viðmiðum og umhverfisverndarmarkmiðum sem sett eru fram í töflu. Matsvinnunni er ætlað að styrkja umfjöllun um forsendur og tryggja rökstuðning fyrir þeirri stefnu sem sett er fram í aðalskipulaginu.

Umhverfis-þættir	Undirþættir	Umhverfisviðmið
------------------	-------------	-----------------

Náttúra	<i>Jarðfræði og jarðmyndanir</i>	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
	<i>Gróðurfar</i>	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur. Listi yfir friðlýstar plöntur. Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands. Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf og http://ni.is/grodur/vistgerdir sjá jafnframt kortasjá http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort
	<i>Vatnafar</i>	1. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. 1. gr. reglugerðar nr. 797/1999 m.s.b. um varnir gegn mengun grunnvatns. Lög um stjórn vatnamála. Vatnaáætlun Íslands 2022-2027.
	<i>Fuglalíf</i>	Válisti fugla. Vistgerðarkort og mikilvæg fuglasvæði skv. Náttúrufræðistofnun Íslands. Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi og http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf .
	<i>Landslag</i>	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (Markmið laganna), 2. gr. (Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir) og 3. gr. Verndargildi skv. náttúruminjaskrá. Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags. Landslagssamningur Evrópu.
Auðlindir	<i>Landrými, verndarsvæði, orka, menningarminjar, vatnsverndar-svæði.</i>	B-hluti náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: http://ni.is/midlun/natturuminjaskra 61. gr. um sérstaka vernd náttúruvæðingara í lögum um náttúruvernd: https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd Skráðar friðlýstar fornleifar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Reglugerð nr. 797/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun grunnvatns.
Samfélag	<i>Samgöngur, efnahagur, félagslegt umhverfi, heilsa, og öryggi og sorp og fráveita</i>	Vegalög nr. 80/2007 Samgönguáætlun Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Umhverfismatið – aðferðir og framsetning niðurstaðna

Upplýsingar sem nýttar verða við gerð umhverfisskýrslu eru gögn sem aflað hefur verið við gerð gildandi Aðalskipulags Hólmavíkur ásamt gögnum fyrir endurskoðun Aðalskipulags Strandabyggðar. Einnig gögn sem tengjast umhverfismati einstakra framkvæmda innan sveitarfélagsins sem og tilkynningargögn og gögnum sem aflað hefur verið í tengslum við þá vinnu. Byggt var á fyrirliggjandi upplýsingum um ástand umhverfis í Strandabyggð, þ.m.t. á fyrirliggjandi upplýsingum úr málsmeðferð einstakra framkvæmda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Til að lýsa vægi áhrifanna eru notaðar venslatöflur þar sem áhrifum er lýst á eftirfarandi hátt:

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt. Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast svæðis- eða landsbundin en geta einnig verið staðbundin.
Óveruleg/Óljós	0/?	Óveruleg eða óljós áhrif á umhverfisþátt Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru minniháttar, m.t.t. umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrifin eru oftast stað- eða svæðisbundin. Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrfars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin.

6 UMHVERFISMAT

Vestfirðir hafa einsett sér að skara fram úr í umhverfismálum og hafa ákveðið að vera stóriðjulaus landshluti. Hluti af því ferli var að fá umhverfisvottun á rekstur allra sveitarfélaganna á Vestfjörðum. Því markmiði var náð 2016 þegar að Vestfirðir fengu silfurvottun EarthCheck. Þann 8. nóvember 2012 tóku sveitarfélögin á Vestfjörðum ákvörðun um að gerast aðilar að umhverfisvottunarsamtökunum EarthCheck, sem voru einu umhverfisvottunarsamtök í heimi sem votta samfélög. Fjórðungssamband Vestfirðinga sá um utanumhald verkefnisins og unnu þær skýrslur sem þurfti til að fá vottun. Með þessari aðgerð skuldbundu sveitarfélögin sig til að taka mið af umhverfinu í öllum sínum ákvörðunum og tryggja sjálfbæra nýtingu svæðisins. Sveitarfélögin á Vestfjörðum eru með silfurvottun vegna starfsemi sinnar fyrir starfsárið 2020.¹²

Frá fyrra aðalskipulagi eru stærstu breytingarnar stækkun og breytingar á nýju íbúðarsvæði í Brandsskjólum, Kvíslartunguvirkjun, Austurgilsvirkjun auknar heimildir fyrir landbúnaðarsvæði, niðurfelling á íbúðarsvæði og skilgreining á tveimur nýjum svæðum fyrir frístundabyggð í Lágadal og Skothúsvík. Í landi Suðureyrar er einungis verið að heimila tvö hús til viðbótar við þau sem fyrir eru á svæðinu og þar með talið fær svæðið skilgreiningu sem frístundabyggð þar sem þau eru orðin sex talsins. Í landi Litla Laugardals er verið að heimila fjögur hús til viðbótar við tvö sem fyrir eru. Þar sem ekki er um verulega stefnubreytingu að ræða eru ekki settir fram valkostir heldur er greint frá helstu umhverfisáhrifum breyttrar stefnu.

6.1 STEFNA AÐALSKIPULAGS STRANDABYGGÐAR UM SAMFÉLAG OG BYGGÐ

Umfjöllun um byggð einskorðast við íbúðarbyggð og frístundabyggð þar sem ekki er talið að stefna aðalskipulags Strandabyggðar um samfélagsþjónustu, opin svæði og kirkjugarða geti haft verulega neikvæð áhrif í för með sér. Ekki er því fjallað um þau í þessu mati vegna lítils umfangs þeirra en um er að ræða fá og lítil svæði.

¹² <https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/umhverfisvottun-vestfjarda>

Megin markmið sveitarfélagsins um íbúðarbyggð er að stuðla að samfelldari byggð. Sveitarfélagið sé aðlaðandi búsetukostur fyrir alla aldurshópa með fjölbreyttu framboði íbúðarhúsnæðis. Að íbúða- og lóðaframboð sé fjölbreytt og nægt. Að mynda byggð sem samsvarar sér vel og sé aðlaðandi jafnt fyrir íbúa sem ferðalanga. Að varðveita og efla þau lífsgæði sem felast í fagurri náttúru, landslagi og lífríki, jafnframt því að bæta innra umhverfi bæjarins. Enn fremur að varðveita og bæta götumynd elsta bæjarkjarnans.

Í Aðalskipulagi Strandabyggðar er ekki gert ráð fyrir sérstakri uppbyggingu íbúðarbyggðar í dreifbýli en áhersla lögð á uppbyggingu þéttbýlis á Hólmavík.

6.1.1 Áhrif stefnu aðalskipulags vegna íbúðarbyggðar:

Í aðalskipulagi Strandabyggðar 2024-2036 er mannfjöldaspá húsnæðisáætlunar höfð til hliðsjónar. Spáin er sett fram til ársins 2033. Þá gerir háspá ráð fyrir því að íbúar í sveitarfélaginu verði orðnir um 482 árið 2033, miðspá um 472 og lágspá um 450. Spáin er byggð á því framboði af íbúðahúsalóðum sem þegar eru á skipulagi og hefur verið úthlutað Engar íbúðir eru í byggingu og engar íbúðarlóðir lausar, en eftirspurn eftir fjölbreyttum lóðum er til staðar. Áform eru uppi um að byggja hótél á Hólmavík sem mun skapa um 20-30 störf og aukna þörf fyrir íbúðarhúsnæði. Verið er að skipuleggja aukið rými fyrir iðnaðarlóðir. Brýn þörf er á leiguhúsnæði fyrir eldri borgara og félagslegt leiguhúsnæði.¹³ Núverandi þéttleiki á þegar byggðum svæðum er um 10 íbúðir/ha. Miða skal við að halda í byggðamynstur á núverandi svæðum fyrir íbúðarbyggð þannig að þéttleiki verði áfram 10 íbúðir/ha, þ.e. lágreist sérbýlishúsa- eða parhúsabyggð með allt að 700-1000 m² lóðum. Þannig eru u.þ.b. 4-5 lóðir óbyggðar innan núverandi byggðar á Hólmavík.

6.1.2 Valkostir fyrir íbúðarbyggð

Við gerð aðalskipulags Strandabyggðar 2024-2036 var horft til tveggja kosta varðandi staðsetningu fyrir nýja íbúðarbyggð á Hólmavík auk núllkosta.

Kostur 1. Stefna aðalskipulags um nýtt svæði fyrir íbúðarbyggð í Brandskjólum.

Kostur 2. Núllkostur, þ.e. að reitur í Brandsskjólum sé afmarkaður eins og hann er í gildandi aðalskipulagi.

Íbúðarsvæði	Náttúra	Auðlindir	Samfélag
Kostur 1	Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf en svæðið er að mestu mólent en einnig mýrlent að hluta. Óveruleg áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag þar sem um er að ræða samtengingu og þéttingu byggðar.	Óveruleg áhrif á landrými þar sem svæðið er eðlilegt framhald af núverandi byggð. Óveruleg áhrif á verndarsvæði, loftslag, vatn, orku og jarðefni.	Jákvæð áhrif vegna rými fyrir fjölbreyttari byggð sem uppfyllir kröfur samfélagsins. Nálægð við skóla og íþróttamannvirki með góðum göngutengingum. Gott aðgengi fyrir fótgangandi og hjólandi vegfarendur. Jákvæð áhrif á efnahag þar sem uppbygging íbúðarhúsnæðis eykur atvinnustig í sveitarfélaginu og jákvæð áhrif á félagslegt umhverfi þar sem verið er að auka við framboð á húsnæði og, búsetukostum.
Kostur 2	Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf en svæðið er að mestu mólent en einnig mýrlent að hluta. Óveruleg áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag þar sem	Óveruleg áhrif á landrými þar sem svæðið er eðlilegt framhald af núverandi byggð. Óveruleg áhrif á verndarsvæði, loftslag, vatn, orku og jarðefni.	Ekki rými fyrir fjölbreytta íbúðabyggð og svæði ekki eins vel aðlagða að landslaginu á Hólmavík

¹³ Húsnæðisáætlun 2024. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 2024.

	um er að ræða samtengingu og þéttingu byggðar.		Jákvæð áhrif vegna nálægð við skóla með góðum göngutengingum. Gott aðgengi fyrir fótgangandi og hjólandi vegfarendur.
--	--	--	---

6.1.3 Valkostir fyrir frístundabyggð

Við gerð aðalskipulags Strandabyggðar 2024-2036 var horft til tveggja kosta varðandi staðsetningu fyrir nýja eða stærri frístundabyggð í Strandabyggð auk núllkosts.

Kostur 1. Stefna aðalskipulags um nýtt frístundabyggðasvæði í Lágadal.

Kostur 2. Stefna aðalskipulagsins um nýtt frístundabyggðasvæði í Skothúsvík.

Kostur 3. Núllkostur, þ.e. frístundabyggð eins og stefna er um hana í gildandi aðalskipulagi.

Frístundabyggð	Náttúra	Auðlindir	Samfélag
Kostur 1	Neikvæð áhrif á náttúru þar sem um er að ræða nýtt 138 ha frístundabyggðarsvæði á lítt röskuðu svæði. Hluti vistgerða með hátt verndargildi en þó engin vernd á svæðinu. Óveruleg áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag þar sem um er að ræða samtengingu og þéttingu byggðar.	Óveruleg áhrif á landrými þar sem þetta er lítill hluti af heildar stærð lands Strandabyggðar.	Jákvæð áhrif á efnahag og samfélag þar sem í dag er gert ráð fyrir fáum frístundabyggðarsvæðum á þessu sveitarfélagi og eftir spurn eftir því. Nýjar 70 lóðir innan svæðisins sem hafa jákvæð áhrif á samfélagið sem kalla á aukna þjónustu.
Kostur 2	Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf en svæðið er að miklum hluta raskað. Óveruleg áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag þar sem um er að ræða samtengingu og þéttingu byggðar.	Óveruleg áhrif á landrými þar sem svæðið er eðlilegt framhald af núverandi frístundabyggð. Svæði vel tengt við þjóðveg og í nálægð við þéttbýlið að Hólmavík. Óveruleg áhrif á verndarsvæði, loftslag, vatn, orku og jarðefni.	Jákvæð áhrif á efnahag og samfélag þar sem í dag er gert ráð fyrir fáum frístundabyggðarsvæðum á þessu sveitarfélagi og eftir spurn eftir því. Viðbót um 15 lóðir sem hefur jákvæð áhrif á samfélagið.
Kostur 3	Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf. Óveruleg áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag þar sem um er að ræða samtengingu og þéttingu byggðar.	Óveruleg áhrif á landrými	Neikvæð áhrif á samfélag þar sem núverandi svæði uppfylla ekki eftirspurn eftir frístundabyggð.

6.1.4 Niðurstaða samanburðar

Með stefnumörkun í aðalskipulagi Strandabyggðar 2024-2036 um frístundabyggð er komið til móts við óskir um frekari frístundabyggðar lóðir. Stefna aðalskipulags mun hafa neikvæð og óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti og auðlindir en jákvæð áhrif á samfélagslega þætti. Í samanburði við kost 1 og 3 er frístundabyggð í Skothúsvík að koma best út.

Til þess að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúru í frístundabyggð í skal í deiliskipulagi forðast að raska vistgerðum með hátt verndargildi. Hönnun byggðarinnar skal miða að því að byggðin falli vel að landslagi, s.s. með staðsetningu húsa, hæðarsetningu, formi bygginga og efnis- og litavali. Æskilegt væri áður en kemur að vinnu við deiliskipulag frístundabyggðar í Lágadal að gera úttekt á fuglalífi svæðisins og taka tillit til þess við frekari útfærslu.



6.1.5 Heildarniðurstaða umhverfisáhrifa fyrir samfélag og byggð

Umfjöllun um jákvæð og neikvæð áhrif markmiða aðalskipulags Strandabyggðar varðandi íbúðarsvæði sneri að því að stuðla að þéttingu núverandi íbúðarbyggðar með góðum tengslum við miðlæga þjónustu- og útivistarsvæði. Stuðlað verði að fjölbreyttu framboði íbúðagerð og lóða. Áhrif áforma sveitarfélagsins Strandabyggðar sem koma fram í aðalskipulagi 2024-2036 eru líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélag en óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti og auðlindir.

6.2 STEFNA AÐALSKIPULAGS UM ATVINNU

Meginmarkið aðalskipulags varðandi uppbyggingu atvinnulífs í Strandabyggð er að stuðla að Hólmavík verði áfram miðstöð þjónustu og atvinnulífs með fjölbreyttri þjónustu fyrir íbúa alls sveitarfélagsins og gesti þess. Stuðlað verði að sveigjanleika og seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum, svo sem breytti aldursrasmsetningu íbúa og breytingum í atvinnulífi. Hagsæld verði aukin með fjölbreyttu atvinnulífi sem byggir á mannauði og sérstöðu sveitarfélagsins, t.d. með fjölgun starfa án staðsetningar. Grunnstöðir atvinnulífsins, landbúnaður, sjávarútvegur og ferðaþjónusta, verði styrktar með aukinni nýsköpun og fjölbreytni. Gæði og innviðir svæðisins verði nýttir á sjálfbæran hátt til að skapa fleiri og verðmætari störf. Að ferðaþjónusta sem byggir á sérstöðu svæðisins, náttúru, menningu og sögu, verði eflað með þróun og markaðssetningu afþreyingar og þjónustu fyrir ferðamenn. Lögð verði áhersla á uppbyggingu sjálfbærrar, útivistartengdrar ferðaþjónustu sem byggir á gæðum svæðisins og laðar að sértækan hóp ferðamanna. Komum lítilla og meðalstórra skemmtiferðaskipa fjölgi. Að stefna aðalskipulagsins stuðli að sjálfbærum vexti samfélagsins og nýtingu auðlinda, með hagsmuni umhverfisins og komandi kynslóða að leiðarljósi.

Umfjöllun um atvinnusvæði skiptist í athafnasvæði, iðnaðarsvæði og efnistökusvæði þar sem gert er ráð fyrir stækkun athafnasvæðis á Hólmavík, nýrri virkjun Kvíslatunguvirkun og nýjum efnistökusvæðum einnig Austurgilsvirkjun. Ekki er talið að stefna aðalskipulags Strandabyggðar um svæði fyrir miðsvæði, verslun og þjónustu, afþreyingar og ferðamannasvæði, athafnasvæði, landbúnaðarsvæði og skógræktar- og landgræðslusvæði. Í öllum tilvikum er um að ræða frekar umfangslítill svæði sem talin eru hafa óveruleg áhrif á þá umhverfisþætti sem til skoðunar en jákvæð áhrif á samfélag og hefur ekki áhrif á önnur stefnumið sem geta tengst áður töldum málaflokkum.

6.2.1 Áhrif stefnu aðalskiplags vegna athafnasvæðis

Megin stefnumið sveitarfélagsins eru Lögð verður áhersla á að skapa góðar umhverfisaðstæður fyrir fyrirtæki sem byggja á sérstöðu svæðisins. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang á athafnasvæðum.

6.2.2 Valkostir fyrir athafnasvæði

Í aðalskipulagi Strandabyggðar 2024-2036 er gert ráð fyrir stækkun athafnasvæðis á Skeið á Hólmavík í 4,1 ha en svæðið liggur í jaðri þéttbýlisins við Djúpvæg.

Kostur 1: Núllkostur, óbreytt stefna aðalskipulags.

Kostur 2: Stækkun athafnasvæðis.

Athafnasvæði	Náttúra	Auðlindir	Samfélag
Valkostur 1	Óveruleg á aðra náttúrufarslega þætti.	Óveruleg áhrif á verndarsvæði þar sem svæðið er ekki verndað.	Óveruleg áhrif á samgöngur, efnahag, félagslegt umhverfi, menningarminjar, öryggi og fráveitu.
Valkostur 2	Óveruleg náttúrufar þar sem þetta er í jaðri þéttbýlisins vistgerðir með lágt verndargildi. Gæti haft neikvæð sjónræn áhrif þar sem uppbygging á nýju svæði við þjóðveginn.	Óveruleg áhrif á verndarsvæði þar sem svæðið er ekki verndað.	Jákvæð áhrif á samfélag þar sem verið er að auka atvinnutækifæri í sveitarfélaginu með því að hafa nægilegt lóðaframboð í boði.



6.2.3 Áhrif stefnu aðalskipulags vegna iðnaðarsvæðis

Megin stefnumið sveitarfélagsins eru rými sé fyrir þróun á iðnaðarstarfsemi verði tryggt og lagður grundvöllur að fjölbreyttum iðnaðarfyrirtækjum. Stuðlað verði að auknu framboði og uppbyggingu iðnaðarsvæða til að styrkja atvinnulíf á svæðinu. Lögð er áhersla á að gott framboð á rúmum iðnaðarlóðum og nýtingu tækifæra sem tengjast sérstöðu svæðisins og góðri hafnaraðstöðu. Ekki er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði undir orkufrekan iðnað svo sem álvers innan Strandabyggðar. Afmörkun og staðsetning iðnaðarsvæða taki mið af þörfum atvinnulífsins og markmiðum um fallega bæjarmynd. Lögð verði áhersla á vandaðan umhverfisfrágang og snyrtilega ásjúnd og yfirbragð iðnaðarsvæða.

6.2.4 Valkostir fyrir iðnaðarsvæði Austurgilsvirkjun

Í aðalskipulagi Strandabyggðar 2024-2036 er gert ráð fyrir nýju iðnaðarsvæði. Austurgilsvirkjun er í Skjaldfannardal. Á svæðinu er gert ráð fyrir stöðvarhúsi og svæði fyrir uppistöðulón, ásamt tilheyrandi veituskurðum, þrýstipípum og stíflum. Stuðlað verði að aðlaðandi ásjúnd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður. Hámarksafl 35 MW. Austurgilsvirkjun er í orkunýtingarflokki samkvæmt gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun.

Aðrir kostir sem eru til skoðunar er óbreytt ástand frá gildandi aðalskipulagi.

Kostur 1: Núllkostur, óbreytt stefna aðalskipulags.

Kostur 2: Nýtt iðnaðarsvæði Austurgilsvirkjun.

Iðnaðarsvæði	Náttúra	Auðlindir	Samfélag
Valkostur 1	Óveruleg á aðra náttúrufarslega þætti.	Óveruleg áhrif á verndarsvæði, vatn og jarðefni. Neikvæð áhrif á loftslag þar sem varafl er knúið með olíu.	Óveruleg áhrif á samgöngur, efnahag, félagslegt umhverfi, menningarminjar, öryggi og fráveitu.
Valkostur 2	Neikvæð áhrif á náttúru þar sem verið er að raska nýju svæði undir lón, inntaksmannvirki. Ekki er þó um að ræða svæði sem er með sérstaka vernd. Skv. Víðernakorti þá væri mannviki virkjunarinnar að hafa áhrif á ósnortin víðerni.	Neikvæð áhrif á auðlindir þar sem verið er að raska nýju svæði undir orkuvinnslu og tengdar framkvæmdir. Áhrif á vatnafar óljós.	Jákvæð áhrif á samfélag meðan á uppbyggingu stendur.

6.2.5 Valkostir iðnaðarsvæði Kvíslatunguvirkjun

Í aðalskipulagi Strandabyggðar er gert ráð fyrir nýju iðnaðarsvæði Kvíslatunguvirkjun en markmið með virkjuninni er að bæta afhendingaröryggi á Ströndum, Reykhólum og í Djúpi. Bæta skilyrði til orkuskipta, auka varaafli á svæðinu í stað eldsneytisvéla og auka orkuframleiðslu á dreifikerfi raforku. Áætlað að uppsett afl virkjunarinnar verði allt að 9,9 MW sem miðast við 2,85 m³/s virkjað rennsli og að orkuframleiðsla verði um 62 GWh/ári. Skipulagið gerir líka ráð fyrir Austurgilsvirkjun sem er í nýtingarflokki Rammaáætlunar.

Kvíslatunguvirkjun felur í sér virkjun vatns sem nú fellur í Selá, gert verður inntakslón þar sem Efri-Kotvötn eru nú og miðlunarhlóð þar sem Svartagilsvatn er. Frekara vatni verður veitt í miðlunarhlóð af svæðum norðvestan við lónið, svokölluð Hraunaveita. Megin kvíslinni sem rennur í Þjóðbrókargil og afrennslinu frá Svartagilsvatnslóni þarf að veita um veituskurð í inntakslónið. Inntak verður í eystri Kotvatnastíflunni og þaðan verður lögð niðurgrafin þrýstipípa að stöðvarhúsi í Selárdal. Með tveimur stíflum verður myndað 0,61 km² inntakslón í lægð þar sem Efri-Kotvötn einnig verður gert 1,81 km² stórt miðlunarhlóð Svartagilsvatnslón með stíflu austan við útrennsli Svartagilsvatns. Til að tryggja betri nýtingu vatns og miðlunar verður vatni veitt með Hraunaveitu í Svartagilsvatnslón. Stöðvarhús verður reist í brekkufætinum í Selárdal. Virkjun verður tengd við landskerfið með 10 km löngum 33 kV jarðstreng að tengivirki Orkubús Vestfjarða við Stakkanes fyrir botni Steingrímsfjarðar. Frá stöðvarhúsinu verður gerður frárennisskurður út í meginkvísl Selár. Skurðurinn verður sveigður til að líkjast meira eðlilegum farvegi og svo djúpur að hann þorni aldrei þó virkjunin stoppi.



Varnargarður verður meðfram skurðinum á vinstri bakkanum. Byggja þarf upp veginn í Selárdal og leggja nýjan um 9,5 km langan uppbyggðan veg upp hlíðina frá stöðvarhúsi að stíflustæðum og öðrum mannvirkjum á heiðinni. Að auki verða vegslóðar lagðir að Hraunaveitu. Aðkoma að mannvirkjum í Hraunaveitu verður um vegslóða sem gerður verður vestan Svartagilsvatns. Aðkoma vinnutækja að mannvirkjum í Svartagilsveitu verður um lónstæði Svartagilslóns. Uppsett afl verður samtals 9,9 MW.

Skoðaðir voru þrír framkvæmdakostir í umhverfismatinu, auk núllkosts:

Kostur 1. Virkjun með inntakslóni. Í þessum kosti felst að orkuframleiðsla byggi eingöngu á rúmtaki inntakslóns í Efri-Kotvötnum og veitu úr árkvísl ofan Þjóðbrókargils. Engar aðrar miðlanir eða veitur verða á svæðinu, að öðru leyti en því að kvíslin, sem rennur um Þjóðbrókargil, verður veitt í inntakslónið.

Kostur 2. Virkjun með inntakslóni og litlu miðlunarlóni. Í þessum kosti felst að orkuframleiðsla byggist á því að auka miðlun vatns til inntakslónsins með miðlun í Svartagilsvatni með byggingu stíflu þar (Svartagilsvatnsmiðlun). Rennsli í miðlunina ráðist af náttúrulegu aðrennsli. Vatnsborð lónsins verði hæst 454 m y.s.

Kostur 3. Virkjun með stóru miðlunarlóni og veitum. Þessum kosti felst að orkuframleiðsla byggist á kosti 2, en við bætist aukið rennsli til miðlunarlónsins úr norðri með svokallaðri Svartagils- og Hraunaveitu. Vatnsborð lónsins verði hæst 456 m y.s. Í þessum kosti felst einnig að byggð verður lítil virkjun sem nýtir fall frá miðlunarlóninu niður í veituskurðinn að inntakslóni. Áætlað afl virkjunarinnar verður 0,45 MW. Með þessum kosti verður uppsett afl Kvíslatunguvirkjunar samtals 9,9 MW.

Kvíslatunguvirkjun	Náttúra	Auðlindir	Samfélag
Valkostur 1	Neikvæð áhrif á náttúru þar sem verið er að raska nýju svæði undir lón, inntaksmannvirki og inn á verndarsvæði. Einnig neikvæð áhrif á vatnalíf bæði stöðuvötn, straumvötn og vatnshlot. Neikvæð áhrif á landslag þar sem stór landsvæði raskað m.a. með inntakslóni og innviðum tengdum virkjuninni.	Neikvæð áhrif á auðlindir þar sem verið er að raska nýju svæði undir orkuvinnslu og tengdar framkvæmdir. Óveruleg áhrif á fornleifar.	Jákvæð áhrif á samfélag þar sem markmið með virkjuninni er að bæta afhendingaröryggi á Ströndum, Reykhólum og í Djúpi. Bæta skilyrði til orkuskipta, auka varaafli á svæðinu í stað eldsneytisvéla og auka orkuframleiðslu á dreifikerfi raforku. Jákvæð áhrif á efnahag meðan á uppbyggingu stendur.
Valkostur 2	Neikvæð áhrif á náttúru þar sem verið er að raska nýju svæði undir lón, inntaksmannvirki og inn á verndarsvæði. Einnig neikvæð áhrif á vatnalíf bæði stöðuvötn, straumvötn og vatnshlot. Neikvæð áhrif á landslag þar sem stór landsvæði raskað m.a. með inntakslóni, litlu miðlunarlóni og innviðum tengdum virkjuninni.	Neikvæð áhrif á auðlindir þar sem verið er að raska nýju svæði undir orkuvinnslu og tengdar framkvæmdir. Óveruleg áhrif á fornleifar.	Jákvæð áhrif á samfélag þar sem markmið með virkjuninni er að bæta afhendingaröryggi á Ströndum, Reykhólum og í Djúpi. Bæta skilyrði til orkuskipta, auka varaafli á svæðinu í stað eldsneytisvéla og auka orkuframleiðslu á dreifikerfi raforku.
Valkostur 3	Neikvæð áhrif á náttúru þar sem verið er að raska nýju svæði undir lón, inntaksmannvirki og inn á verndarsvæði. Einnig neikvæð áhrif á vatnalíf bæði stöðuvötn, straumvötn og vatnshlot. Neikvæð áhrif á landslag þar sem stór landsvæði raskað m.a. með	Neikvæð áhrif á auðlindir þar sem verið er að raska nýju svæði undir orkuvinnslu og tengdar framkvæmdir. Jákvæð áhrif á loftslag þar sem leggja á varaflsvélar sem kynntar eru með jarðefnaeldsneyti.	Jákvæð áhrif á samfélag þar sem markmið með virkjuninni er að bæta afhendingaröryggi á Ströndum, Reykhólum og í Djúpi. Bæta skilyrði til orkuskipta, auka varaafli á svæðinu í stað eldsneytisvéla og auka orkuframleiðslu á dreifikerfi raforku. Jákvæð áhrif á efnahag meðan á



	stóru miðlunarlóni og innviðum tengdum virkjuninni.	Neikvæð áhrif á vatnafar þar sem að um talsvert inngrip er inn í vatnafar á umfangsmiklu áhrifasvæði virkjunarinnar. Óveruleg áhrif á fornleifar.	uppbyggingu stendur. Kosturinn hefur hátt hlutfall vetrarorku. Jákvæð áhrif á efnahag meðan á uppbyggingu stendur.
--	---	--	--

Almennt eru sambærileg áhrif valkostanna þriggja fyrir Kvíslatunguvirkjunar í Selárdal í Strandabyggð, með allt að 9,9 MW uppsettu afli, á þá umhverfisþætti sem metnir voru, en munur er á valkostum varðandi landslag og ásynd. Almennt eru sambærileg áhrif valkosta á þá umhverfisþætti sem metnir voru, en munur er á valkostum varðandi vatnalíf og landslag og ásynd. Áhrif valkosta eru metin óveruleg á fugla og fornleifar. Áhrif á vatnafar, jarðmyndanir og gróður eru metin neikvæð. Neikvæð áhrif framkvæmdarinnar eru helst á vatnalíf og landslag og ásynd. Í umhverfismati fyrir framkvæmdinar eru áhrif valkostar 1 metin nokkuð til talsvert neikvæð en valkostir 2 og 3 hafi talsvert neikvæð áhrif. Samfélagsleg áhrif Kvíslatunguvirkjunar eru metin jákvæð (Kvíslatunguvirkjun, Strandabyggð -umhverfismatsskýrsla Vestfjarða, 2024).

6.2.6 Valkostir fyrir Efnistökusvæði

Í aðalskipulagi Strandabyggðar 2024-2036 er gert ráð fyrir 33 efnistöku- og efnislosunarsvæðum en þeim er fjölgað um 15 frá eldra aðalskipulagi þrjú svæði falla undir lið 2.02 í viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 11/2021 þar sem framkvæmdir kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar. Efnistaka, utan þess sem tilgreint er í tölu 2.01, þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m³ eða meira, einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökusvæði vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra. Þessi þrjú efnistökusvæði eru í tengdri framkvæmd og eru því metnar saman sem einn kostur svæðin eru Veituskurður ofan Efri-Kotvatna, Norðan stöðvarhúss og Þjóðbrókarnáma. Samtals 286.000 m³ á 18 ha svæði.

Kostur 1: Núllkostur, óbreytt stefna aðalskipulags.

Kostur 2: Ný efnistökusvæði við Kvíslatunguvirkjun.

Efnistökusvæði	Náttúra	Auðlindir	Samfélag
Valkostur 1	Óveruleg á aðra náttúrufarslega þætti.	Óveruleg áhrif á verndarsvæði, vatn og jarðefni.	Óveruleg áhrif á samgöngur, efnahag, félagslegt umhverfi, menningarminjar, öryggi og fráveitu.
Valkostur 2	Neikvæð áhrif náttúru þar sem efnistakan mun raska gróðri, fuglalífi og breyta ásynd svæðisins.	Neikvæð áhrif á auðlindir þar sem verið er að raska Efnistaka raskar jarðvegi.	Jákvæð áhrif á efnahag meðan á uppbyggingu stendur. Óviss áhrif á fornleifar séu á svæðinu

6.2.7 Niðurstaða samanburðar

Með stefnumörkun í aðalskipulagi Strandabyggðar 2024-2036 um atvinnulíf er afhendingaröryggi innan sveitarfélagsins og nágrennasveitarfélaga bætt og fjölbreytni atvinnulífs aukin. Stefna aðalskipulags mun hafa neikvæð áhrif á náttúru og auðlindir þar sem framkvæmdin felur í sér rask en þó líka jákvæð áhrif á loftslag þar sem með þessu verður ekki þörf fyrir að kynda með jarðefnaeldsneyti. Áhrif á samfélag eru jákvæð þar sem afhendingaröryggi á svæðinu eykst og einnig á efnahag á framkvæmdartíma.

6.2.8 Mót vægisáðgerðir vegna stefnu aðalskipulags

Mót vægisáðgerðir á efnistökusvæðum og iðnaðarsvæði forðast skal að raska jarðvegi og gróðri utan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Landmótun verður með þeim hætti að röskuð svæði falli sem best að aðliggjandi landi sem auðveldi uppgræðslu og dragi úr hættu á rofi.

Á athafnasvæði á Skeiði skal vanda sérstaklega til ásyndar hverfisins frá Djúpvegi og skal þar vera gróðurbelti á lóðamörkum við og frágangur lóðar og ásynd svæðis skal vera til fyrirmyndar.

Mótvægisáðgerðir vegna framkvæmda tengdum Kvíslatunguvirkjunar að unnin verður frágangsáætlun vegna efnistöku, haugssvæða og vinnubúða í samráði við landslagsarkitekta í tengslum við umsókn um framkvæmdaleyfi. Haft verður samráð við Umhverfisstofnun um mögulega endurheimt votlendis sem tapast, annað hvort á sama svæði eða sem næst framkvæmdarsvæðinu. Skoðað verður í samráði við veiðifélag Selár að móta frárennslisfarveg virkjunar þannig að hann nýtist sem hrygningar- og uppeldissvæði fyrir laxfiska. Ekki liggur fyrir hvort umsókn um heimild til breytingar á vatnshlotum virkjunin mun hafa áhrif á, leiði af sér vöktun á gæðapáttum þeirra.

Mótvægisáðgerðir vegna framkvæmda tengdum Austurgilsvirkjun, reyna skal að leggja innviði tengdum virkjuninni á svæðum þar sem ósnortnum víðernum verði sem mynnst raskað. Unnin verður frágangsáætlun vegna efnistöku, haugssvæða og vinnubúða í samráði við landslagsarkitekta í tengslum við umsókn um framkvæmdaleyfi.

6.2.9 Heildarniðurstaða umhverfisáhrifa fyrir iðnaðarsvæði

Umfjöllun um jákvæð og neikvæð áhrif markmiða aðalskipulags Strandabyggðar varðandi atvinnu sneri að því að innviðir svæðisins verði nýttir á sjálfbæran hátt til að skapa fleiri og verðmætari störf. Að stefna aðalskipulagsins stuðli að sjálfbærum vexti samfélagsins og nýtingu auðlinda, með hagsmuni umhverfisins og komandi kynslóða að leiðarljósi. Stuðlað verði að aðlaðandi aðkomu og ásýnd og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang á atvinnusvæðum.

Rökstuðningur fyrir virkjunarkostum Austurgils og Kvíslutungu

Sveitarstjórn Strandabyggðar hefur ákveðið að heimila Austurgilsvirkjun og Kvíslatunguvirkjun í aðalskipulagi. Í umhverfismati kemur fram að framkvæmdirnar munu hafa veruleg áhrif á umhverfi, einkum á vatnafar, ásýnd lands og víðerni. Sveitarstjórn viðurkennir að með virkjunarkostunum sé gengið á ósnortin svæði sem teljast til óbyggðra víðerna, en telur að áhrifin séu víðráðanleg og unnt að draga úr þeim með vönduðum mótvægisáðgerðum og hönnun.

Rökstuðningurinn byggist á því að um brýna samfélagslega nauðsyn sé að ræða. Sveitarfélagið býr við ótryggt orkuöryggi sem takmarkar atvinnuuppbyggingu og byggðafestu. Virkjanirnar munu tryggja stöðugt rafmagn, draga úr notkun díselrafstöðva og minnka losun gróðurhúsalofttegunda, sem styður við markmið stjórnvalda um orkuskipti og sjálfbæra nýtingu auðlinda.

Jafnframt er tekið mið af því að Austurgilsvirkjun hefur verið sett í nýtingarflokk rammaáætlunar og að Kvíslatunguvirkjun hefur verið metin hagkvæmasti kosturinn í sínu umhverfismati. Sveitarstjórn telur að þessi staða sýni að engir raunhæfir aðrir kostir standi til boða án sambærilegra umhverfisáhrifa, og að hagsmunir samfélags og byggða vega þyngra í þessu tilviki.

Sveitarstjórn leggur þó áherslu á að með ákvæðum aðalskipulags verði tryggt að við gerð deiliskipulags verði allar mótvægisáðgerðir útfærðar, þannig að neikvæðum áhrifum á víðerni og náttúruferli verði haldið í lágmarki. Með þessu telur sveitarstjórn réttlætanlegt að taka virkjunarkostina inn í aðalskipulag, þrátt fyrir að skerða hluta ósnortinna víðerna..

6.3 STEFNA AÐALSKIPULAGS UM INNVIÐI - SAMGÖNGUR OG VEITUR

Umfjöllun um innviði -samgöngur og veitur eru í eftirfarandi þáttum: vegir, hafnir, flugvællur, veitur og vatnsból.

Megin markmið sveitarfélagsins er að innviðir samfélagsins, svo sem hitaveita, háhraðanet, aðgengi að orku og öruggar og áreiðanlegar samgöngur, standist kröfur nútímans og skapi skilyrði fyrir fjölbreytt atvinnulíf og vöxt samfélagsins. Allir vegfarendur komist leiðar sinnar á öruggan máta. Innviðir og aðlaðandi umhverfi hvetji til notkunar vistvænna samgöngumáta og neikvæðum umhverfisáhrifum umferðar haldið í lágmarki.

Á heildina litið kemur stefnumörkun aðalskipulags Strandabyggðar 2024-2036 sem snýr að takmörkunum umhverfisvernd og náttúruvá fyrst og fremst til með að hafa jákvæð áhrif á þá umhverfisþætti sem metnir eru.

6.4 STEFNA AÐALSKIPULAGS STRANDABYGGÐAR UM TAKMARKANIR UMVERFISVERND OG NÁTTÚRUVÁ

Um fjöllum um umhverfisverndar- og náttúruvársvæði í aðalskipulagi tekur á eftirfarandi þáttum:

Óbyggð svæði, friðlýst svæði, önnur náttúruvernd, minjavernd, hverfisvernd, vatnsvernd og vatnsból, vötn, ár og sjór, strandsvæði, vatnsverndarsvæði á strandsvæðum við ár, vötn og sjó, náttúruvá.

Megin stefnumið sveitarfélagsins um takmarkanir umhverfisvernd og náttúruvá Sjálfbærni verði höfð að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku og ekki verði gengið á umhverfis- og menningargæði sveitarfélagsins né líffræðilegan fjölbreytileika náttúrunnar. Öryggi allra íbúa og gesta sveitarfélagsins sé ávallt tryggt. Öruggt aðgengi íbúa og gesta að náttúru svæðisins sé tryggt, án þess að umhverfið bíði skaða af. Sérstakar náttúru- og menningarmínjar í sveitarfélaginu verði varðveittar óháð því hvort sé um lögformlega friðun að ræða eða ekki. Stuðlað verði að varðveislu friðlýstra svæða, annarra náttúruminja og umhverfislegra gæða almennt. Staðinn verði vörður um menningarverðmæti sem felast í götummynd elsta hluta Hólmavíkur.

Mörkuð er stefna um verndun og friðlýsingu einstakra svæða og varðveislu friðlýstra svæða, náttúruminja, þjóðminja og umhverfislegra gæða almennt. Alls eru sex svæði á náttúruminjaskrá innan Strandabyggðar sem ná yfir um 39 km² svæði, sem gerir um 2% af heildarstærð sveitarfélagsins. Stærstu svæðin eru þau sem ná yfir Kaldalón og austurhluta Drangajökuls sem og strandlengjan frá Sýruvíkurgjá að Rauðuskriðu. Tvær friðlýstar fornleifar eru innan Strandabyggðar og fjögur hús eru friðuð.

Að tryggt sé að ávallt verði nægilegt framboð á hágæða neysluvatni fyrir íbúa og fyrirtæki í Strandabyggð. Vatnsverndarsvæði Strandabyggðar sem skilgreint er fyrir þéttbýli Hólmavíkur er í Ósdal. Vatnsnám Vatnsveitu Hólmavíkur á óseyrum Ósár norðan bæjarins hófst 1988 er tekin var í notkun ný vatnslögn þaðan. Dælt er upp úr söfnunarbrunnum á áreyrunum í söfnunartank sem byggður var árið 1990 ofan Brandskjóla í bænum. Alls ná vatnsverndarsvæðin yfir 48 ha, þar af er fjarsvæði 47 km² og grannsvæði 0,33 km².

Skipulagsáætluninni er ætlað að skilgreina svæði þar sem talið er að náttúruvá sé til staðar. Metin verði þörf á endurbótum vegakerfis vegna ofanflóðahættu, þ.m.t. hugsanlegan flutning á vegarstæðum. Metin þörf á aðgerðum vegna landbrots af völdum sjávargangs

Á heildina litið kemur stefnumörkun aðalskipulags Strandabyggðar 2024-2036 sem snýr að takmörkunum umhverfisvernd og náttúruvá fyrst og fremst til með að hafa jákvæð áhrif á þá umhverfisþætti sem metnir eru.

6.5 MAT Á UMVERFISÁHRIFUM FRAMKVÆMDA, SAMRÁÐ, HEILDARNIÐURSTAÐA OG VÖKTUNARÁÆTLUN

6.5.1 Framkvæmdir háðar mati á umhverfisáhrifum

Í aðalskipulagi Strandabyggðar eru framkvæmdir sem eru matsskyldar samkvæmt lögum nr. 111/2021. Þær eru Austurgilsvirkjun og Skúfnavatnavirkjun eru báðar matsskyldar.

6.5.2 Samráð

Aðalskipulagstillaga fyrir Strandabyggð hefur verið til umfjöllunar hjá skipulags-, byggingar- og umferðarnefnd og sveitarstjórn síðan árið 2020. Við mótun aðalskipulags Strandabyggðar 2024-2036 var víða leitað athugasemda og ábendinga, bæði hjá íbúum, nágrannasveitarfélögum, ríkisstofnunum og öðrum hagsmunaaðilum (sjá einnig kafla 1.5).

6.5.3 Kynning umhverfisskýrslu

Umhverfis- og skipulagsnefnd Strandabyggðar samþykkti tillögu að Aðalskipulagi Strandabyggðar 2024 - 2036 á fundi sínum 5. september 2024 og sveitarstjórn Strandabyggðar á fundi sínum 10. september 2024. sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var birt þann 25. september í Skipulagsgátt.



6.5.4 Samlegðaráhrif og heildarniðurstaða matsvinnu

Líkleg áhrif Aðalskipulags Strandabyggðar eru á heildina litið jákvæð á samfélag sveitarfélagsins en gert er ráð fyrir fjölbreyttu framboði íbúðarhúsnæðis, eflingu atvinnutækifæra sem byggir á sérstöðu svæðisins og er horft sérstaklega til uppbyggingar ferðaþjónustu. Horft er til þess að tengja byggðina í Hólmavík og verndarsvæði í byggð fyrir elsta hluta byggðarinnar. Stefnumótunin og aðalskipulagsvinnan sýna mikinn vilja til að styrkja og efla sveitarfélagið á mörgum sviðum og leitast er við að samrýma umhverfisvernd, nýtingu auðlinda og tækifæri á sviði atvinnu og samgangna. Umhverfismat Aðalskipulags Strandabyggðar er því liður í að aðalskipulagsvinnan stuðli að sjálfbærri þróun í samræmi við markmið 1. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

6.5.5 Vöktunaráætlun

Lagt er til að Strandabyggð hafi umfjöllun umhverfisskýrslu til hliðsjónar við skipulagsvinnu hvers konar og grípi til þeirra mótvægisáðgerða sem eiga við hverju sinni og lagðar hafa verið til í umhverfisskýrslu. Gera skal ráð fyrir að nánari vöktunaráætlun framkvæmda verði við mati á umhverfisáhrifum þeirra sem og að fram komi nánari vöktunaráætlun á deiliskipulagsstigi.



7 HEIMILDIR

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Lög um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum nr. 20/2016.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

Lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011.

Reglugerð um stjórn vatnamála nr. 935/2011.

Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015

Alþingi (2008-2009). Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009–2013. Sótt á: <https://www.althingi.is/altext/138/s/0654.html>

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030. 2. útgáfa. Sótt á: <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Adgerdaaetlun%20i%20loftslagsmalum%20onnur%20utgafa.pdf>

Byggðastofnun. Sótt á: <https://public.tableau.com/app/profile/byggdastofnun/viz/rikisstorf/stodugildi>.

Hagstofa Íslands. Talnaefni. Sótt á: hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-byggdakjarnar/

Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna. www.Heimsmarkmidin.is

Húsnæðisáætlun Strandabyggðar

Kvísatunguvirkjun, Strandabyggð -umhverfismatsskýrsla (2024). VERKÍS fyrir Orkubú Vestfjarða.

Þingsályktun um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029. Sótt á: www.althingi.is/altext/148/s/1245.html

Landsskipulagsstefna 2024-2038. Sótt á: <https://www.landsskipulag.is/>.

Minjastofnun Íslands. <https://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/vestfirdir/nr/554>

Náttúruminjaskrá. Tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár. Náttúrufræðistofnun Íslands. Sótt á: www.ni.is/midlun/natturuminjaskra

Náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun. Sótt á: <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/vestfirdir/>

Reiðvegir- gerð og uppbygging. Leiðbeiningar Vegagerðarinnar og Landsambands hestamannafélaga. Sótt á: [https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Reidvegir/\\$file/Rei%C3%B0vegir.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Reidvegir/$file/Rei%C3%B0vegir.pdf)

Saga Hólmavíkur. Sótt á: www.holmavik.is/saga.htm

Skrá um friðlýstar fornleifar. Fyrsta útgáfa 1990. Fornleifanefnd. Sótt á: www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/fridlysingaskra-med-vidbotum.pdf

Stefnumörkun um framkvæmd Samnings um líffræðilega fjölbreytni, 2008. Sótt á: www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/pdf_skrar/liffjolbreytni.pdf

Vatnavefsja. vatnavefsja.vedur.is/

Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022–2036. Sótt á: www.althingi.is/altext/152/s/1383.html

Þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Sótt á: www.althingi.is/altext/152/s/1299.html

Landsvirkjun: www.lv.is

Umhverfis- og orkustofnun: uos.is/ www.ust.is/ www.os.is

Landsnet: www.landsnet.is/

Veðurstofa Íslands: www.vedur.is

Víðernakortið: www.vidernakort.is